

# FJÖLRIT

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUNAR



MIKILVÆG FUGLASVÆÐI Á ÍSLANDI



# FJÖLRIT

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUNAR



MIKILVÆG FUGLASVÆÐI Á ÍSLANDI



# FJÖLRIT

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUNAR

Nr. 55, desember 2016

Fjölrit Náttúrufræðistofnunar er ritröð sem hóf göngu sína árið 1985. Birtar eru greinar og skýrslur eftir starfsmenn og fræðimenn sem vinna í samvinnu við þá. Í hverju hefti er ein sjálfstæð grein um náttúrufræði. Útgáfan er óregluleg. Greinar eru ritaðar á íslensku með enskum útdrætti. Þær mega einnig vera á ensku en þá skal ávallt fylgja ítarlegur útdráttur á íslensku.

Vitnið til þessa rits á eftirfarandi hátt – *Recommended citation*:

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage 2016.

*Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 55. 295 s.*

Rafræn útgáfa leiðrétt í nóvember 2017

## Höfundar – Authors

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage

## Faglegur yfirllestur – Reviewers

Arnór Þ. Sigfússon (gæsir), Böðvar Þórisson (vaðfuglar), Einar Ó. Þorleifsson, Erpur Snær Hansen (lundi, skrofa, sæsvölur), Halldór Walter Stefánsson (álft og gæsir), Jón Einar Jónsson (æðarfugl), Jón Gunnar Ottósson, Jóhann Óli Hilmarsson, Ólafur K. Nielsen, Tómas G. Gunnarsson (inngangur, aðferðir, mófuglar), Trausti Baldursson, Yann Kolbeinsson (vatnafuglar), Þorkell Lindberg Þórarinnsson (vatnafuglar)

## Kortagerð – Maps

Svenja N.V. Auhage, Anette Theresia Meier og Sigmar Metúsalemsson

## Ljósmyndir – Photo credits

Anette Theresia Meier, Anna Sveinsdóttir, Arnþór Garðarsson, Áni Einarsson, Björn Þorsteinsson, Borgþór Magnússon, Daníel Bergmann, Erling Ólafsson, Ester Rut Unnsteinsdóttir, Eyþór Ingi Jónsson, Guðmundur Guðjónsson, Kristbjörn Egilsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Kristján Jónasson, Magnús Guðmundsson, Náttúrufræðistofa Kópavogs, Ólafur K. Nielsen, Ólafur Páll Jónsson, Rannveig Thoroddsen, Sigríður Kristinsdóttir, Sigurður H. Magnússon, Skarphéðinn G. Þórisson, Starni Heiðmarsson, Sverrir Thorstensen, Trausti Baldursson, Yann Kolbeinsson

## Myndaritstjórn – Photo editors

Magnús Guðmundsson, Borgný Katrínardóttir og Anna Sveinsdóttir

## Kápu mynd – Front cover

Kría (*Sterna paradisaea*)

Stílfærð teikning Anette Theresia Meier eftir ljósmynd Erlings Ólafssonar

## Prófarkalestur – Proofs

Uggi Jónsson og Magnús Guðmundsson

## Umbrot – Layout

María Harðardóttir

## Útgefandi – Publisher

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

Umíðahóltsstræti 6–8

210 Garðabæ

Sími: 590 0500

Netfang: ni@ni.is

www.ni.is

## Prentun – Printing and binding

Oddi

©Náttúrufræðistofnun Íslands 2016

ISBN 978-9979-9335-9-5

ISSN 1027-832X





## EFNISYFIRLIT – TABLE OF CONTENTS

ÞÁTTAKENDUR Í VERKEFNINU NATURA ÍSLAND.....	8
ÁGRIP.....	11
ABSTRACT.....	11
INNGANGUR – INTRODUCTION.....	12
GÖGN OG AÐFERÐIR – MATERIAL AND METHODS.....	14
Fuglastofnar.....	14
Sjófuglar.....	14
Vatnafuglar.....	15
Mófuglar.....	16
Aðrir fuglar.....	17
Sérstök verkefni.....	17
Mófuglatalningar.....	17
Vatnafuglar á heiðalöndum.....	18
Æðarfuglar í fjaðrafelli.....	19
Álfta- og gæsatalningar.....	19
Vetrarfuglatalningar.....	21
Tegundir og svæði.....	21
Viðmið fyrir tegundir.....	21
Val svæða.....	22
Skýringar.....	24
YFIRLIT UM TEGUNDIR OG HÓPA – SPECIES ACCOUNTS.....	26
Sjófuglar – <i>Seabirds</i> .....	26
Bjargfuglar.....	26
Fyll <i>Fulmarus glacialis</i> .....	26
Rita <i>Rissa tridactyla</i> .....	28
Langvía <i>Uria aalge</i> .....	30
Stuttnefja <i>Uria lomvia</i> .....	31
Álka <i>Alca torda</i> .....	32
Súla <i>Morus bassanus</i> .....	33
Lundi <i>Fratercula arctica</i> .....	34
Skrofa og sæsvölur.....	36
Skrofa <i>Puffinus puffinus</i> .....	36
Stormsvala <i>Hydrobates pelagicus</i> .....	37
Sjósvala <i>Hydrobates leucorhous</i> .....	37
Skarfar.....	38
Dílaskarfur <i>Phalacrocorax carbo</i> .....	38
Toppskarfur <i>Phalacrocorax aristotelis</i> .....	39
Æðarfugl <i>Somateria mollissima</i> .....	40
Teista <i>Cephus grylle</i> .....	43
Kjói og skúmur.....	44
Kjói <i>Stercorarius parasiticus</i> .....	44
Skúmur <i>Catharacta skua</i> .....	46
Máfar og kría.....	47
Hettumáfur <i>Larus ridibundus</i> .....	47
Stormmáfur <i>Larus canus</i> .....	47
Sílamáfur <i>Larus fuscus</i> .....	48
Silfurháfur <i>Larus argentatus</i> .....	49
Bjartmáfur <i>Larus glaucooides</i> .....	49
Hvítmáfur <i>Larus hyperboreus</i> .....	50
Svartbakur <i>Larus marinus</i> .....	51



Kría <i>Sterna paradisaea</i> .....	52
Vatnafuglar – <i>Waterbirds</i> .....	53
Álft og gæsir.....	53
Álft <i>Cygnus cygnus</i> .....	53
Heiðagæs <i>Anser brachyrhynchus</i> .....	57
Blesgæs <i>Anser albifrons flavirostris</i> .....	59
Grágæs <i>Anser anser</i> .....	61
Helsingi <i>Branta leucopsis</i> .....	64
Margæs <i>Branta bernicla</i> .....	65
Endur.....	67
Brandönd <i>Tadorna tadorna</i> .....	67
Rauðhöfðaönd <i>Mareca penelope</i> .....	67
Gargönd <i>Mareca strepera</i> .....	68
Urtönd <i>Anas crecca</i> .....	68
Stökkönd <i>Anas platyrhynchos</i> .....	69
Grafönd <i>Anas acuta</i> .....	69
Skeiðönd <i>Spatula clypeata</i> .....	69
Skúfönd <i>Aythya fuligula</i> .....	70
Duggönd <i>Aythya marila</i> .....	71
Straumönd <i>Histrionicus histrionicus</i> .....	72
Hávella <i>Clangula hyemalis</i> .....	74
Hrafnsönd <i>Melanitta nigra</i> .....	75
Húsönd <i>Bucephala islandica</i> .....	76
Toppönd <i>Mergus serrator</i> .....	78
Gulönd <i>Mergus merganser</i> .....	79
Aðrir vatnafuglar.....	80
Lómur <i>Gavia stellata</i> .....	80
Himbrimi <i>Gavia immer</i> .....	81
Flórgoði <i>Podiceps auritus</i> .....	83
Ránfuglar, uglur og hrafn – <i>Raptors, owls and raven</i> .....	85
Haförn <i>Haliaeetus albicilla</i> .....	85
Smyrill <i>Falco columbarius</i> .....	85
Fálki <i>Falco rusticolus</i> .....	86
Snæugla <i>Bubo scandiacus</i> .....	86
Brandugla <i>Asio flammeus</i> .....	87
Hrafn <i>Corvus corax</i> .....	87
Mófuglar – <i>Waders and songbirds</i> .....	88
Rjúpa <i>Lagopus muta</i> .....	88
Vaðfuglar.....	89
Tjaldur <i>Haematopus ostralegus</i> .....	89
Sandlóa <i>Charadrius hiaticula</i> .....	91
Heiðlóa <i>Pluvialis apricaria</i> .....	92
Rauðbrystingur <i>Calidris canutus</i> .....	93
Sanderla <i>Calidris alba</i> .....	95
Sendlingur <i>Calidris maritima</i> .....	96
Louþræll <i>Calidris alpina</i> .....	98
Hrossagaukur <i>Gallinago gallinago</i> .....	100
Jaðrakan <i>Limosa limosa</i> .....	101
Fjöruspói <i>Numenius arquata</i> .....	103
Spói <i>Numenius phaeopus</i> .....	104
Stelkur <i>Tringa totanus</i> .....	105
Tildra <i>Arenaria interpres</i> .....	106
Þórshani <i>Phalaropus fulicarius</i> .....	108

Óðinshani <i>Phalaropus lobatus</i> .....	108
Spörfuglar.....	110
Þúfuttlingur <i>Anthus pratensis</i> .....	110
Mariuerla <i>Motacilla alba</i> .....	111
Músarrindill <i>Troglodytes troglodytes</i> .....	112
Steindepill <i>Oenanthe oenanthe</i> .....	113
Svartpröstur <i>Turdus merula</i> .....	114
Skógarpröstur <i>Turdus iliacus</i> .....	115
Glókollur <i>Regulus regulus</i> .....	116
Stari <i>Sturnus vulgaris</i> .....	116
Auðnutittlingur <i>Carduelis flammea</i> .....	117
Snjóttittlingur <i>Plectrophenax nivalis</i> .....	118
Aðrir fuglar – <i>Other birds</i> .....	120
Bjargdúfa <i>Columba livia</i> .....	120
SAMANTEKT UM MIKILVÆG FUGLASVÆÐI – <i>OVERVIEW OF IMPORTANT BIRD AREAS (IBA)</i> .....	121
SKRÁ YFIR MIKILVÆG FUGLASVÆÐI – <i>A LIST OF IMPORTANT BIRD AREAS (IBA)</i> .....	125
Sjófuglabyggðir – <i>Seabird colonies</i> .....	125
SF-V 1 Krýsuvíkurbjarg.....	127
SF-V 2 Eldey.....	128
SF-V 3 Rosmhvalanes.....	129
SF-V 4 Akurey.....	130
SF-V 5 Andriðsey.....	131
SF-V 6 Borgarfjörður–Mýrar–Löngufjörur.....	132
SF-V 7 Snæfellsnes.....	133
SF-V 8 Breiðafjörður.....	134
SF-V 9 Mýrarhyrna.....	136
SF-V 10 Kirkjufell.....	137
SF-V 11 Siglunes–Skor–Melanes.....	138
SF-V 12 Sandsfjöll.....	139
SF-V 13 Látrabjarg.....	140
SF-V 14 Bjarnarnúpur.....	141
SF-V 15 Blakkur.....	142
SF-V 16 Tálkni.....	143
SF-V 17 Selárdalshlíðar S.....	144
SF-V 18 Selárdalshlíðar N.....	145
SF-V 19 Skeggi.....	146
SF-V 20 Tóarfjall.....	147
SF-V 21 Barði.....	148
SF-V 22 Hrafnaskálarnúpur.....	149
SF-V 23 Sauðanes.....	150
SF-V 24 Göltur og Öskubakur.....	151
SF-V 25 Stigahlíð–Deild.....	152
SF-V 26 Vigur.....	153
SF-V 27 Borgarey.....	154
SF-V 28 Æðey.....	155
SF-V 29 Vébjarnarnúpur.....	156
SF-V 30 Grænahlíð.....	157
SF-V 31 Ritur.....	158
SF-V 32 Kögur.....	159
SF-V 33 Kjalarárnúpur.....	160
SF-V 34 Hælavíkurbjarg.....	161
SF-V 35 Hornbjarg.....	162
SF-V 36 Smiðjuvíkurbjarg.....	163



SF-V 37 Geirhólmur (Geirólfsgnúpur).....	164
SF-V 38 Grímsey á Steingrímsfirði.....	165
SF-N 1 Tindastóll.....	166
SF-N 2 Drangey.....	167
SF-N 3 Lundey í Skagafirði.....	168
SF-N 4 Málmey.....	169
SF-N 5 Hvanndalabjörg.....	170
SF-N 6 Ólafsfjarðarmúli.....	171
SF-N 7 Hrísey.....	172
SF-N 8 Grímsey út af Eyjafirði.....	173
SF-N 9 Lundey á Skjálfanda.....	174
SF-N 10 Mánáreyjar.....	175
SF-N 11 Bangastaðahöfn.....	176
SF-N 12 Melrakkaslétta.....	177
SF-N 13 Skoruvíkurbjarg.....	178
SF-N 14 Langanesbjörg (Vatnsleysa–Fontur–Skálabjarg).....	179
SF-A 1 Viðvíkurbjörg.....	180
SF-A 2 Bjarnarey á Héraðsflóa.....	181
SF-A 3 Skálanesbjörg.....	182
SF-A 4 Norðfjarðarnipa.....	183
SF-A 5 Gerpir.....	184
SF-A 6 Seley við Reyðarfjörð.....	185
SF-A 7 Hólmar í Reyðarfirði.....	186
SF-A 8 Skrúður.....	187
SF-A 9 Andey.....	188
SF-A 10 Eyjar, Breiðdalsvík.....	189
SF-A 11 Papey.....	190
SF-A 12 Hvalnesfjall í Lóni.....	191
SF-A 13 Vestrahorn–Fjarðarfjall.....	192
SF-A 14 Ingólfshöfði.....	193
SF-S 4 Vestmannaeyjar.....	194
SF-S 1 Fagridalur–Vík (Vikurhamrar).....	196
SF-S 2 Eyjafjöll: Steinafjall.....	197
SF-S 3 Eyjafjöll: Írá–Seljaland.....	198
Fjörur og grunnsævi – <i>Intertidal zone and shallow marine waters</i> .....	199
FG-V 1 Kalmanstjörn–Garðskagi.....	200
FG-V 2 Álftanes–Skerjafjörður.....	201
FG-V 3 Elliðavogur–Grafarvogur.....	202
FG-V 4 Blikastaðakró–Leiruvogur.....	203
FG-V 5 Kjalarnes.....	204
FG-V 6 Hvalfjörður.....	205
FG-V 7 Blautós.....	206
FG-V 8 Grunnafjörður.....	207
FG-V 10 Borgarfjörður–Mýrar–Löngufjörur.....	208
FG-V 11 Breiðafjörður.....	210
FG-V 9 Andakíll.....	212
FG-V 12 Jökulfirðir (Sandeyri–Ritur).....	213
FG-V 13 Hornstrandafríðland.....	214
FG-N 1 Fljót–Siglufjörður.....	215
FG-N 2 Óshólmar Eyjafjarðarár.....	216
FG-N 3 Tjörnes (Húsavíkurhöfði–Voladalstorfa).....	217
FG-N 4 Melrakkaslétta.....	218

FG-A 1 Berufjarðarströnd.....	219
FG-A 2 Berufjörður.....	220
FG-A 3 Álftafjörður.....	221
FG-A 4 Þvottáskriður–Hvalnesskriður.....	222
FG-A 5 Lónsfjörður.....	223
FG-A 6 Skarðsfjörður.....	224
FG-S 1 Stokkseyri–Eyrarbakki.....	225
FG-S 2 Selvogur.....	226
Votlendi og önnur svæði inn til landsins – <i>Wetlands and other inland areas</i> .....	227
VOT-V 1 Ferjubakkaflóí–Hólmavað.....	228
VOT-V 2 Borgarfjörður–Mýrar–Löngufjörur.....	229
VOT-V 3 Laxárdalsheiði.....	230
VOT-N 1 Arnarvatnsheiði.....	231
VOT-N 2 Víðidalstunguheiði–Blanda.....	232
VOT-N 3 Hóp–Vatnsdalur.....	233
VOT-N 4 Guðlaugstungur–Álfgeirstungur.....	234
VOT-N 5 Skagi.....	235
VOT-N 6 Láglandi Skagafjarðar.....	236
VOT-N 7 Miklavatn í Fljótum.....	237
VOT-N 8 Sandur–Síalækur–Skjálfandafljót.....	238
VOT-N 9 Vestmannsvatn og nágrenni.....	239
VOT-N 11 Mývatn og Laxá.....	240
VOT-N 10 Svartá–Suðurá.....	242
VOT-N 13 Melrakkaslétta.....	243
VOT-N 12 Öxarfjörður.....	244
VOT-N 14 Skjálfandafljót ofan Aldeyjafoss.....	246
VOT-N 15 Vatnajökulsþjóðgarður.....	247
VOT-A 1 Möðrudalur–Arnardalur.....	248
VOT-A 2 Jökuldalsheiði.....	249
VOT-A 3 Úthérað.....	250
VOT-A 4 Hornafjörður–Kolgríma.....	251
VOT-A 5 Breiðamerkursandur–Fagurhólsmýri.....	252
VOT-A 6 Skeiðarársandur.....	253
VOT-S 1 Landbrot–Meðalland.....	254
VOT-S 2 Veiðivötn.....	255
VOT-S 3 Suðurlandsundirlendi.....	256
VOT-S 4 Þjórsárver.....	258
VOT-S 5 Laugarvatn–Apavatn–Brúará.....	259
VOT-S 6 Sogið–Þingvallavatn.....	260
VOT-S 7 Ölfusforir.....	261
ENGLISH SUMMARY.....	262
HEIMILDIR – REFERENCES.....	265
VIÐAUKAR – APPENDICES.....	275
1. viðauki. Heimildamenn – <i>Informants</i> .....	275
2. viðauki. Viðmið fyrir fuglasvæði – <i>IBA criteria</i> .....	276
3. viðauki. Önnur fuglasvæði – <i>Other bird areas</i> .....	280
4. viðauki. Hugtakaskrá – <i>Explanations of terms used</i> .....	281
5. viðauki. Fuglastofnar á mikilvægum svæðum – <i>Bird populations within IBAs</i> .....	285
6. viðauki. Mikilvæg svæði eftir sveitarfélögum – <i>IBAs by municipalities</i> .....	288
TEGUNDASKRÁ – <i>A LIST OF SPECIES</i> .....	290
SVÆÐASKRÁ – <i>A LIST OF IMPORTANT BIRD AREAS</i> .....	292
FJÖLRIT NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUNAR.....	294



## ÞÁTTTAKENDUR Í VERKEFNINU NATURA ÍSLAND

### Forstjóri

Jón Gunnar Ottósson

### Yfirstjórn Natura Ísland

Trausti Baldursson, formaður

Anna Sveinsdóttir

Borgþór Magnússon

Guðmundur Guðmundsson

Lilja Víglundsóttir

### Umsjón með faghópum

Sigurður H. Magnússon

### Faghópur fugla

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, hópstjóri

Borgný Katrínardóttir

Guðmundur A. Guðmundsson

Svenja N.V. Auhage

### Aðrir þátttakendur

Aðalsteinn Örn Snæþórsson<sup>5</sup>

Arnþór Garðarsson<sup>1</sup>

Aron Leví Beck

Böðvar Þórisson<sup>8</sup>

Cristian Gallo<sup>8</sup>

Einar Ólafur Þorleifsson<sup>11</sup>

Erpur Snær Hansen<sup>7</sup>

Finnur Logi Jóhannsson<sup>11</sup>

Hafdis Sturlaugsdóttir<sup>8</sup>

Halldór Walter Stefánsson<sup>4</sup>

Ingvar Atli Sigurðsson<sup>7</sup>

Ólafur K. Nielsen

Rán Þórarinsdóttir<sup>4</sup>

Róbert A. Stefánsson<sup>9</sup>

Skarphéðinn G. Þórisson<sup>4</sup>

Ute Stenkevitz

Yann Kolbeinsson<sup>5</sup>

Þorkell Lindberg Þórarinsson<sup>5</sup>

### Faghópur landvistgerða

Sigurður H. Magnússon, hópstjóri

Ásrún Elmarsdóttir

Borgþór Magnússon

### Aðrir þátttakendur

Ágústa Helgadóttir

Ásta Eyþórsdóttir

Eilý Renée Guðjohnsen

Erling Ólafsson

Guðmundur Guðjónsson

Hans H. Hansen

Hlédís Þorbjarnardóttir

Hörður Kristinsson

Kristinn P. Magnússon

Kristján Jónasson

Lára Guðmundsdóttir

María Harðardóttir

Pawel Wasowicz

Rannveig Thoroddsen

Sigmar Metúsalemsson

Sigrún Jónsdóttir

Sigrún Fríða Óladóttir

Sigurður Kristinn Guðjohnsen

Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir<sup>5</sup>

Starri Heiðmarsson

Þorvaldur Þór Björnsson

### Faghópur vatnavistgerða

Guðmundur Guðmundsson, hópstjóri

Haraldur Rafn Ingvason<sup>2</sup>

Marianne Jensdóttir Fjeld

Þóra K. Hrafnadóttir<sup>2</sup>

### Aðrir þátttakendur

Anders Langangen<sup>11</sup>

Eva Guðný Þorvaldsdóttir<sup>2</sup>

Finnur Ingimarsson<sup>2</sup>

Gunnhildur Ingibjörg Georgsdóttir

Helga Hjartardóttir<sup>2</sup>

Hilmar J. Malmquist<sup>2</sup>

Hörður Kristinsson

Jovana Alkalaj<sup>2</sup>

Lilja Harðardóttir<sup>2</sup>

Stefán Már Stefánsson<sup>2</sup>

**Faghópur fjöruvistgerða**

Guðmundur Guðmundsson, hópstjóri  
 Gunnhildur Ingibjörg Georgsdóttir  
 Agnar Ingólfsson<sup>1</sup>  
 Karl Gunnarsson<sup>12</sup>  
 Sigríður Kristinsdóttir

**Aðrir þátttakendur**

Ellý Renée Guðjohnsen  
 Erlingur Hauksson<sup>13</sup>  
 Eydís Mary Jónsdóttir<sup>6</sup>  
 Kristín Jónsdóttir<sup>11</sup>

**Mosagreiningar<sup>10</sup>**

Kristian Hassel, hópstjóri  
 Leif Appelgren  
 Torbjörn Høitomt  
 Kristin Wangen

**Aðstoð við mosagreiningar<sup>10</sup>**

Hans H. Blom  
 Kjell Ivar Flatberg

**Kortagerð og landupplýsingar**

Anette Th. Meier  
 Hans H. Hansen  
 Lovísa Ásbjörnsdóttir  
 Sigmar Metúsalemsson  
 Sigurður Kristinn Guðjohnsen  
 Svenja N.V. Auhage

**Gagnagrunnar og miðlun**

Anna Sveinsdóttir, hópstjóri  
 Björn Darri Sigurðsson<sup>11</sup>  
 Guðmundur Guðmundsson  
 Kjartan Birgisson

**Stofnanir aðrar en Náttúrufræðistofnun Íslands**

<sup>1</sup>Háskóli Íslands

<sup>2</sup>Náttúrufræðistofa Kópavogs

<sup>3</sup>Náttúrufræðistofa Mývatns

<sup>4</sup>Náttúrustofa Austurlands

<sup>5</sup>Náttúrustofa Norðausturlands

<sup>6</sup>Náttúrustofa Reykjaness

<sup>7</sup>Náttúrustofa Suðurlands

<sup>8</sup>Náttúrustofa Vestfjarða

<sup>9</sup>Náttúrustofa Vesturlands

<sup>10</sup>Norwegian University of Science and Technology

<sup>11</sup>Sjálfstæður verktaki

<sup>12</sup>Hafrannsóknastofnun

<sup>13</sup>VÖR Sjávarannsóknarsetur við Breiðafjörð





1. mynd. Súlnasker og Geldungur í Vestmannaeyjum. Ljós. Arnþór Garðarsson.



## ÁGRIP

Þetta rit er hluti af verkefninu Natura Ísland en það snýst einkum um að kortleggja útbreiðslu og meta verndargildi vistgerða, plantna og dýra og tilgreina net verndarsvæða á grunni þeirrar vinnu. Meginmarkmið hvað fugla varðar er að (1) fá yfirsýn yfir dreifingu og stofnstærð fugla á landsvísu, (2) skilgreina verndarsvæði og lýsa fuglalífi þeirra á magnbundinn hátt og (3) leggja grunn að reglulegri vöktun svæðanna og viðkomandi fuglastofna. Hér er bent er á svæði sem teljast alþjóðlega mikilvæg fyrir þær fuglategundir sem dvelja hér að staðaldri (81 tegund) og birt er nýtt mat á öllum íslenskum fuglastofnum. Munar þar mest um nýtt mat á stofnum vaðfugla og spörfugla.

Misjafnt er hversu mörg mikilvæg svæði eru skilgreind fyrir hverja tegund, en langflest eru þau hjá fýl eða 38. Engin mikilvæg svæði hafa verið skilgreind fyrir 40 tegundir; alþjóðleg töluleg viðmið hafa ekki verið sett fyrir rúman helming þeirra en hinar eru það fálíðaðar hér að engin svæði þeirra á Íslandi teljast alþjóðlega mikilvæg.

Alls er skilgreint 121 alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði í þessu riti og hefur tæplega helmingur, eða 55 svæði, verið skilgreindur áður, er friðlýstur, á náttúruminjaskrá eða votlendisskrá og þá vegna auðugs fuglalífs að hluta eða öllu leyti.

Flest mikilvæg svæði (70) eru sjófuglabýggðir og innan þeirra verpur meirihluti af stofnum 15 af 24 íslenskum sjófuglategundum. Á það við um alla stóru stofnana, nema kríu. Um 25 svæði eru fyrst og fremst fjörur og aðliggjandi grunnsævi. Þau gegna þýðingarmiklu hlutverki fyrir farfugla eða þá sem vetrardvalarstaðir. Sum þeirra eru jafnframt fjaðrafellistaðir andfugla. Ríflega 30 svæði eru inn til landsins og einkennast þau flest af lífríku mýrlandi, vötnum og ám. Einnig eru flest þeirra mikilvæg sem varpsvæði en einnig koma ýmsir vatnafuglar þar við vor og haust og sumir fella þar fjaðrir. Nokkur lindasvæði eru jafnframt mikilvægir vetrardvalarstaðir og þá fyrst og fremst fyrir húsönd og gulönd. Hér er einnig skipað svæðum sem einkennast af víðáttumiklum óbyggðum.

## ABSTRACT

This publication is a part of a large scale project (Natura Iceland) involving mapping and evaluating the conservation value of habitat types, plants and animals in Iceland; forming a basis for selecting a network of protected areas. The main objectives with regard to birds were to (1) get a reasonable overview of distribution and population sizes of most Icelandic bird species, (2) designate protection areas for priority species, (3) describe the bird fauna of those areas and (4) lay groundwork for monitoring programs and regular status reports for those areas as well as the relevant bird populations. Here, we present a selection of internationally important bird areas (IBAs) and new population estimates for 81 species of birds that occur regularly in Iceland. Most notably estimates for breeding waders and songbirds.

The number of IBAs designated for each species varies; by far, most are breeding sites of *Fulmarus glacialis* (38). No areas were designated for 40 species. IBA-criteria have not been defined for more than half of those; others do not meet the criteria due to their small populations in Iceland.

A total of 121 IBAs are defined. Almost half of them (55) have previously been designated as IBAs, are protected or on the Register of areas of conservation interest, partially or wholly, due to rich birdlife.

Most IBAs (70) are seabird colonies, with more than half of the breeding populations of 15 of the 24 seabird species breeding in Iceland, including all the largest populations, except *Sterna paradisaea*. About 25 IBAs are primarily intertidal zones and adjacent shallow marine waters which are important as staging sites for migratory species or wintering areas. Some are also moulting sites for ducks, geese and swans. More than 30 IBAs are inland, predominantly fertile wetlands and surface inland waters. Most of them are important breeding sites and some are also staging and moulting sites for waterfowl. A few are spring-fed rivers and lakes; vital wintering areas primarily for *Bucephala islandica* and *Mergus merganser*. Lastly, vast wilderness areas, both in the central highlands and on coastal plains, are dealt with in this category.

A detailed English summary accompanies this publication on pp. 262–264.



## INNGANGUR – INTRODUCTION

Einn af mikilvægustu þáttum alþjóðlegrar náttúruverndar er kerfisbundin skráning á svæðum sem hafa mikla þýðingu fyrir fugla. Upphafid má rekja til umfangsmikilla talninga á votlendisfuglum sem hófust beggja vegna Atlantshafs um miðja síðustu öld (Kuijken 2006). Ramsar-samningurinn sem gerður var 1971 olli straumhvörfum en hann fjallar um vernd votlendis og fugla og varð að fyrirmynd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd sem og lög-gjafar víða um heim (Ramsar-samningurinn 1971). Á grundvelli samningsins voru sett töluleg viðmið um hvernig skilgreina skyldi mikilvæg votlendissvæði.

Hér á landi hófst skipuleg skráning á mikilvægum votlendissvæðum eftir að sett voru ný náttúruverndarlög árið 1971 og verksvið og ábyrgð Náttúruverndarráðs jókst til muna. Sérstök undirnefnd um votlendi starfaði á vegum ráðsins og beitti hún sér fyrir viðamikilli votlendisúttekt á árunum 1973–1974. Veg og vanda af þeirri vinnu hafði Arnþór Garðarsson, dýrafræðingur, sem hefur verið í fararbroddi þeirra sem skráð hafa og skoðað íslenskar fuglabyggðir eins og sést víða í þessu riti. Fyrstu drög að íslenskri votlendisskrá birtust í samantekt um mikilvæg votlendi á Norðurlöndum (Nordiske arbejdsgruppe vedrørende beskyttelse af våde områder 1973) og síðan í ítarlegri skrá í riti Landverndar (Arnþór Garðarsson 1975a). Á þessum árum voru náttúruverndarsamtök í einstökum landshlutum mjög öflug og tóku þau saman svæðisbundnar náttúruminjaskrár. Votlendisskráin hefur aldrei verið uppfærð en hún var, ásamt vinnu náttúruverndarsamtakanna, grunnur að Náttúruminjaskrá (Náttúruverndarráð 1975–1996).

Fyrsta samantekt um mikilvæg fuglasvæði á Íslandi var unnin af Arnþóri Garðarssyni og Ólafi K. Nielsen fyrir Alþjóðlega fuglaverndarráðið ICBP – síðar BirdLife International (Grimmett og Jones 1989). Aukin og endurbætt útgáfa þeirrar skrár kom síðan út árið 1997 á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands og Fuglaverndarfélags Íslands (Ólafur Einarsson 1997, 2000). Sú skrá hefur eitthvað verið uppfærð síðan, einkum umfjöllun um sjófuglabyggðir, en þarfnast verulegrar endurskoðunar. Rafræna útgáfu hennar er að finna á vef BirdLife International (2016a).

Árið 1999 voru sett ákvæði í náttúruverndarlög um náttúruverndaráætlanir sem umhverfisráðherra skyldi leggja fyrir Alþingi á fimm ára fresti (lög nr. 44/1999, sjá einnig lög nr. 140/2001). Í þessum áætlunum skyldu vera sem gleggstar upplýsingar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi, sem ástæða

þykir að friðlýsa. Við undirbúning fyrstu náttúruverndaráætlunarinnar (2004–2008) vann Náttúrufræðistofnun Íslands ítarlega skýrslu þar sem m.a. var lagt til að friða skipulega lykilbúsvæði tiltekinna varpfugla og fargesta (Ólafur Einarsson o.fl. 2002). Aðferðafræði sem þar var lögð til grundvallar byggðist á hugmyndafræði alþjóðlegra náttúruverndarsamninga sem Íslendingar eiga aðild að, einkum Samningnum um líffræðilega fjölbreytni (1992) og Bernarsamningnum (1979). Forsenda þessara tillagna var nákvæmt yfirlit um mikilvægustu staði á landinu fyrir þessar fuglategundir og mat á því hversu stór hluti stofna þeirra væri innan tiltekinna svæða. Alþingi samþykkti að friða nokkur mikilvæg fuglasvæði í þessari fyrstu náttúruverndaráætlun og aftur í þeirri næstu (2009–2013), en því miður hefur afar lítið af því, sem lagt hefur verið til í náttúruverndaráætlunum hingað, til komið til framkvæmda. Þá hefur náttúruminjaskráin hvorki verið gefin út né endurskoðuð og uppfærð frá 1996, þ.e. eftir að umhverfis- og auðlindaráðuneytið tók við ábyrgð á henni 1999. Með nýjum náttúruverndarlögum (nr. 60/2013) sem tóku gildi haustið 2015 er frumkvæði að gerð náttúruminjaskrár og umsjón með henni fært til Náttúrufræðistofnunar Íslands og ákvæði um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár (áður Náttúruverndaráætlun) styrkt verulega, sbr. lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Í tengslum við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu hófst árið 2012 viðamikil verkefni (Natura Ísland), sem m.a. fól í sér umfangsmikla gagnasöfnun um íslenska fuglastofna og dreifingu þeirra. Ítarleg grein er gerð fyrir þeirri vinnu í riti Náttúrufræðistofnunar Íslands (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016), *Vistgerðir á Íslandi*. Meginmarkmið þessarar vinnu hvað fugla varðar var að:

- Fá yfirsýn yfir dreifingu og stofnstærð fugla á landsvísi
- Skilgreina verndarsvæði fyrir forgangstegundir
- Lýsa fuglalífi þessara svæða (á magnbundinn hátt)
- Leggja grunn að reglulegri vöktun og upplýsingagjöf um þessi svæði og viðkomandi fuglastofna

Öll vinna við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu var stöðvuð vorið 2013 og endanlega aflögð tæpu ári síðar. Engu að síður var ákveðið að halda áfram vinnu við Natura Ísland enda var hún talin nauðsynleg fyrir framkvæmd nýrra náttúruverndarlaga og eins til að uppfylla alþjóðlegar

skuldbindingar á sviði náttúruverndarmála (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016).

Í þessu riti, sem er fyrsti hluti í stærra verkefni, er lagður grunnur að skilgreiningu á verndarsvæðum fyrir fugla á Íslandi. Bent er á þau svæði á landinu sem teljast alþjóðlega mikilvæg fyrir þær tegundir sem dvelja hér að staðaldri, þ.e. varpfugla og reglulega gesti, alls 81 tegund. Þá er unnið að yfirliti um stöðu íslenskra fuglastofna og útfærðar verða rökstuddar tillögur um verndarsvæði þar sem tekið verður tillit til fleiri þátta en fuglalífs (Náttúrufræðistofnun Íslands, í undirbúningi). Þar verða annars vegar settar fram tillögur um verndarsvæði á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, B-hluta skrárinnar, og hins vegar tillögur um net verndarsvæða í Evrópu (Emerald Network). Einnig er ætlunin að birta nýjan válista fyrir fugla á vef Náttúrufræðistofnunar árið 2017 og verður hann síðan uppfærður eftir þörfum. Eins hefur verið unnið að því að uppfæra skýrslu um stöðu íslenskra fuglastofna og endurskoða fyrirliggjandi vöktunaráætlun fugla (Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2012).

Stofnstærð margra tegunda og útbreiðsla þeirra er vel þekkt og því tiltölulega auðvelt að greina hvaða svæði teljast alþjóðlega mikilvæg fyrir þær tegundir. Þekking á öðrum er síðri og dreifing enn annarra er slík að erfitt er að greina og afmarka mikilvæg svæði, nema þá með óbeinum aðferðum eins og að nota varpþéttleika í einstökum vistgerðum og þekktu eða áætlaða dreifingu tegunda. Engu að síður er fjallað um allar fyrrgreindar tegundir og mat lagt á fyrirliggjandi þekkingu. Eftir að hafa gert grein fyrir þeirri þekkingu og aðferðum sem skýrslan byggir á er fjallað um einstaka tegundir og hópa en síðan um þau svæði sem teljast alþjóðlega mikilvæg fyrir eina eða fleiri tegundir.

Fjölmargir komu að undirbúningi og vinnu við þetta rit og er þeirra getið hér að framan, sjá bls. 2 og 8–9. Þessir aðilar, Fuglaverndarfélag Íslands og aðrir heimildarmenn, sjá 1. viðauka, veittu auk þess ómældan aðgang að mikilvægum, óbirtum gögnum. Þá veittu ljósmyndarar leyfi til að nota myndir sínar endurgjaldslaust. Eru öllum þessum færðar bestu þakkir.



2. mynd. Dílaskarfsvarp í Kirkjuskeri út af Stað í Reykhólasveit. Ljós. Arnþór Garðarsson.





## GÖGN OG AÐFERÐIR – MATERIAL AND METHODS

### Fuglastofnar

Meginheimild um íslenska fuglastofna er nýleg samantekt Náttúrufræðistofnunar um vöktun íslenskra fuglastofna (Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2012). Talsvert af nýjum og endurskoðuðum upplýsingum hefur bæst við síðan og er þeirra getið á viðeigandi stöðum. Helsta heimildin um stöðu fuglastofna í Evrópu eða á heimsvísu sem stuðst var við er yfirlit um stöðu evrópskra fuglastofna (BirdLife International 2004). Sú vinna hefur verið uppfærð að miklu leyti og birtist árið 2015 á válista um evrópska fugla (BirdLife International 2015) og á staðreyndasiðum um einstakar fuglategundir á vefsvæði BirdLife (BirdLife International 2016c). Þá hafa samtökin Wetlands International (áður International Waterfowl & Wetlands Research Bureau, IWRB) tekið saman upplýsingar um vatnafugla og flesta sjófugla og haldið utan um töluleg gögn um stofna og viðmið til að meta alþjóðlega þýðingu þeirra (Wetlands International 2016). Samtökin nota þá vinnureglu að margfalda þekktan varpstofn (pör) með þremur ef heildarstofn er ekki þekktur. Á sama hátt er deilt í heildarstofn með þremur til að meta varppör, séu þau ekki þekkt. Notaðar voru stofntölur jöfnum höndum frá þessum aðilum og þá miðað við nýjustu uppfærslur hverju sinni. Skilgreiningar á stofnum, sem viðmiðunartölur eiga við, byggjast á yfirliti BirdLife International um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði í Evrópu (Heath and Evans 2000), nema annað sé tekið fram. Svæðaskipting fyrir einstaka stofna og viðmiðunartölur fyrir mikilvæg fuglasvæði á Íslandi eru teknar saman í 2. viðauka.

### Sjófuglar

Yfir 20 tegundir sjófugla verpa hér á landi og ein að auki er algengur vetrargestur (bjartmáfur). Stofnstærð, stofnþróun og útbreiðsla er misjafnlega vel þekkt hjá þessum tegundum en búið er að meta allar stóru byggðirnar og þar með alla stærstu stofnana. Mat á stofni kríu og flestum máfum og kjóa er hins vegar óviðunandi, eins og síðar verður rakið. Samfelld sílaleyfisár (ætisskortur) frá 2004 hafa leitt til þess að dregið hefur verulega úr varpi hjá sumum tegundum og eru því talningar í byggðum þeirra ekki lengur góður mælikvarði á stofnbreytingar.

Þær tegundir sjófugla sem verpa í þéttum, vel afmörkuðum og auðsæjum byggðum eru best þekktar. Þetta eru: súla (Arnþór Garðarsson, í prentun), dílaskarfur (Arnþór Garðarsson 2008), toppskarfur (Arnþór Garðarsson og Ævar Petersen 2009), stormmáfur (Sverrir Thorstensen og Ævar Petersen 2013),

hvítmáfur (Ævar Petersen o.fl. 2014) og rita (Arnþór Garðarsson o.fl. 2013). Stærð byggða þessara tegunda hefur verið metin með því að telja öll hreiður, annaðhvort á landsvísu eða þá á meginvarpsvæðum viðkomandi tegundar. Stofnar annarra tegunda hafa yfirleitt verið metnir með því að telja úrtak úr stórum byggðum eða meta þéttleika og mæla eða áætla umfang byggða. Á það við um fýl (Arnþór Garðarsson o.fl., í prentun a), sílamáf (Gunnar Þór Hallgrímsson og Páll Hersteinsson 2011), langvíu, stuttnefju og álku (Arnþór Garðarsson o.fl., í prentun b). Máfa- og kríuvörp hafa ýmist verið metin með beinum hreidurtalningum, mati á heildarfjölda fugla og gefnum viðvistarstuðli (hlutfalli fugla sem eru í byggðinni hverju sinni) til að áætla pör, eða þéttleikamælingum. Æðarstofninn og þróun hans hefur verið metinn út frá dúntekju (Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1994), beinum hreidurtalningum (Jón Einar Jónsson o.fl. 2015) og sniðtalningum úr flugvél á grunnsævi umhverfis landið sem og vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar Íslands (Arnþór Garðarsson 2009).

Sjófuglar sem verpa í holum eru einkar erfiðir viðfangs. Þéttleika holna er metinn með beinum talningum eða þéttleikamælingum og mældu eða áætluðu flatarmáli byggða og ábúð könnuð í úrtaki holna. Með þessu móti hefur lundastofninn nýlega verið metinn (Arnþór Garðarsson og Erpur Snær Hansen, í undirbúningi) og eins sjósvala árið 1991 en nær allur sjósvölustofninn er talinn verpa í Vestmannaeyjum (Erpur Snær Hansen o.fl. 2009b). Aðrir holufuglar sem verpa hér eru afar erfiðir viðfangs, einkum stormsvala. Teistubbyggðir hafa verið metnar með afar tímafrekri hreiðurleit eða með því að telja fugla á sjó fyrir framan byggðirnar (Ævar Petersen 1981).

Þeir sjófuglastofnar sem hvað minnstar magnbundnar upplýsingar liggja fyrir um eru: stormsvala, kjói, sílfurmáfur, svartbakur, kría og teista. Mat á skúmastofninum er frá 1985 (Lund-Hansen og Lange 1991) og talsverðar breytingar hafa orðið í sumum stórum skúmsvörpum (Náttúrufræðistofnun Ísland, óbirt gögn).

Mikilvæg svæði fyrir sjófugla verða hér með einni undantekningu (fjaðrafellistöðvar æðarfugls) eingöngu skilgreind fyrir varpsvæði þeirra, enda liggja yfirleitt afar litlar magnbundnar upplýsingar fyrir um þýðingu annarra svæða. Dreifing sjófugla hefur verið könnuð sums staðar á hafsvæðum við landið (Arnþór Garðarsson 1997, 1999, 2001; sjá einnig



3. mynd. Þúfuttlingur (*Anthus pratensis*). Ljósmynd. Ólafur Páll Jónsson.

yfirlit í Ævar Petersen 2007) og dægurrítar hafa varpað nýju ljósi á hvar sjófuglar halda sig hér við land utan varptíma (Frederiksen o.fl. 2011, 2016).

#### Vatnafuglar

Vatnafugl er notað hér sem samheiti yfir andfugla, lóm, himbrima og flórgoða. Þekking á stofnum þessara fugla er afar misjöfn. Fylgst hefur verið með álfum og gæsnum á vetrarstöðvum þeirra á Bretlandseyjum um áratugaskeið og er stofnstærð og stofnþróun þeirra tegunda sem verpa hér (álf, heiðagæs og grágæs) eða fara um landið (blesgæs, helsing og marggæs) því vel þekkt (Wildfowl and Wetland Trust). Hið sama gildir um þær endur sem verpa fyrst og fremst við Mývatn (gargönd, húsönd, hrafnönd) og flórgoða sem talinn hefur verið á varpstöðvum öðru hverju frá um 1990. Tölur um aðrar andategundir byggjast yfirleitt á grófu mati og hlutfallslegu algengi (Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2012). Náttúruvísunastöðin við Mývatn og Náttúrustofa Norðausturlands veittu ómetanlegan aðgang að vatnafuglatalningum í Þingeyjarsýslum. Í sumum tilvikum er aðeins heildarstofninn vel þekktur, t.d. hjá álf og gæsnum, en hlutfall varpfugla er óþekkt þótt vitað sé hversu mörg þör koma upp ungum að jafnaði. Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota þör sem mælikvarða og er því mikilvægi svæða þá annaðhvort metið út frá heildarstofni eða reiknireglu Wetlands

International (sjá *Fuglastofnar*, bls. 14). Þetta vanmetur þýðingu einstakra svæða fyrir þær tegundir þar sem hlutfall geldfugla er hátt í stofninum.

Stofnar lóms og himbrima hafa verið metnir gróflega (Arnþór Garðarsson 1975b). Eins hefur Náttúrufræðistofnun safnað upplýsingum um einstaka varpstaði þeirra á landinu (Ævar Petersen 2011, Ævar Petersen o.fl. 2013). Mikilvægustu varpsvæði himbrima á landinu eru heiðalöndin sem ná frá Laxárdalsheiði ofan Dala austur um borgfirsku og húnvetnsku heiðarnar og norður á Skaga. Í tengslum við Natura-verkefnið voru þessi svæði könnuð úr lofti sumarið 2012 (sjá *Vatnafuglar á heiðum norðvestanlands*, bls. 18). Eins veittu þau Einar Ólafur Þorleifsson og Þórdís Vilhelmina Bragadóttir aðgang að talningum sínum á himbrima á Skaga 2008. Þessar upplýsingar, ásamt heimildum sem liggja á við og dreif, voru notaðar til að gera skrá yfir himbrimavarpstaði á landinu. Þannig fékkst allgöð mynd af mikilvægi einstakra svæða fyrir varpstofninn.

Þrátt fyrir að sæmleg vitneskja liggja fyrir um stofna margra vatnafugla er magnbundin dreifing þeirra hér á landi yfirleitt ekki þekkt til hlítar nema fyrir tiltölulega fáar tegundir og þá kannski einungis hluta ársins. Mikilvægir staðir fyrir þessar tegundir geta verið varplönd, viðkomustaðir, fjaðrafellistaðir og



4. mynd. Heiðlóa (*Pluvialis apricaria*). Ljós. Ólafur K. Nielsen.

vetrarstöðvar. Í þessari skýrslu er greint frá magnbundinni útbreiðslu vatnafugla á ýmsum árstímum og reynt að greina þau svæði sem teljast mikilvæg, með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum.

#### Mófuglar

Hér er orðið mófugl notað sem samheiti fyrir rjúpu, vaðfugla og spörfugla. Einkenni flestra mófugla er að þeir verpa dreift á opnu landi og er útbreiðsla margra þeirra víðfeðm hér á landi. Mat á stofnum er því örðugt og hefur hingað til byggst á ágiskunum. Vísindalegt mat byggist oftast á því að margfalda mældan eða metinn varpþéttleika með áætlaðri eða þekktri útbreiðslu og þá yfirleitt á grunni einhvers konar búsvæðagreiningar. Þetta hefur verið gert fyrir nokkrar vaðfuglategundir (Thorup 2006), þúfutitting á láglendi (Tómas G. Gunnarsson o.fl. 2007) og mófugla á Suðurlandi (Lilja Jóhannesdóttir o.fl. 2014). Íslenski rjúpnastofninn hefur verið metinn með flóknum stærðfræðilíkönum á grunni skráðrar veiði, aldurshlutfalla og dánartíðni (Kjartan G. Magnússon o.fl. 2005, Erla Sturludóttir 2015) og jaðranastofninn á grunni viðamikilla merkinga og álestra (Tómas G. Gunnarsson o.fl. 2005). Þá hefur hinn tiltölulega fálíðaði þórshanastofn verið metinn með beinum talningum á varpfuglum (Yann Kolbeinsson 2011).

Sumar tegundir safnast í stóra hópa utan varptíma og hefur það gefið mönnum færi á að meta íslenska

jaðranastofninn á viðkomu- og vetrarstöðvum með sæmilegu öryggi (Gill o.fl. 2007). Hið sama á við um fargesti í hópi vaðfugla sem fara um Ísland (rauðbrysting, sanderlu og tildru; sjá Guðmund A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1993). Víða er lögd mikil áhersla á að fylgjast með vaðfuglum á slíkum stöðum enda gegna þeir oft lykilhlutverki fyrir afkomu fuglanna. Ótal talningar hafa verið gerðar á vaðfuglum í fjörum hér á landi en markmið þeirra hefur oftast nær verið fremur þröngt og því erfitt að nýta gögnin til að meta stofnvísitölur eða fá heildarsýn á dreifingu stofna á landsvísu. Á þessu eru nokkrar undantekningar, m.a. hefur verið fylgst með jaðrakönum á lykilstöðum á fartíma (Tómas G. Gunnarsson o.fl. 2005, Jennifer A. Gill, óbirt heimild) og vaðfuglar í fjörum voru kannaðir um land allt vorið 1990 (Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1993). Fyrirliggjandi gögn um viðkomu- og vetrardvalarstaði vaðfugla, sem oftast eru í fjörum, eru nýtt hér til að meta þýðingu einstakra svæða fyrir nokkrar tegundir.

Mófuglatalningar eru notaðar hér til að endurmeta stofnstærð algengustu mófugla og meta þýðingu einstakra vistgerða, vistlenda og landgerða fyrir þessar tegundir á landsvísu (sjá *Mófuglatalningar*, bls. 17–18). Eins er hægt að meta hversu mörg þör verpa á afmörkuðum svæðum og hve hátt hlutfall af áætluðum varpstofni er um að ræða.





5. mynd. Fálki (*Falco rusticolus*). Ljósmynd. Ólafur K. Nielsen.

### Aðrir fuglar

Hér verpa þrjár tegundir ránfugla að staðaldri, tvær til þrjár tegundir af uglum og ein dúfategund.

Fylgst hefur verið með hafarnarstofninum af og til frá 1920 og árlega frá um 1960 og er því stærð hans og stofnþróun betur þekkt en hjá nokkurri annarri fuglategund sem verpur hér á landi (Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2013). Þá liggur fyrir góð vitneskja um einstaka arnarvarpstaði og dreifingu fugla utan varptíma. Fylgst hefur verið með fálkanum á einu helsta varpsvæðinu á Norðausturlandi hátt í fjóra áratugi (Ólafur K. Nielsen 2011). Eins eru einstakir varpstaðir hans á landinu flestir kunnir, enda voru þeir skráðir kerfisbundið á vegum Náttúrufræðistofnunar á árunum 1985–1991. Minna er vitað um smyril, nema helst á fálkarannsóknarsvæðinu á Norðausturlandi (Ólafur K. Nielsen 1986, 1995). Talsvert hefur verið skráð af varpstöðum smyrila hér og hvar á landinu en ekkert þó í líkingu við það sem gert hefur verið á Norðausturlandi. Stofnstærð smyrils er því illa þekkt.

Brandugla er strjáll varpfugl víða um land en skráningar á fuglum á varptíma og eins hreiður- og unganfundir gefa grófa mynd af meginvarpsvæðum hennar. Mat á stofnstærð er ótraust. Snæugla er mjög fálíðaður varpfugl og óvíst er hvort hún verpi hér á hverju ári. Fylgst hefur verið reglulega með nokkrum öðlum hennar á Vestfjörðum undanfarin áratug og allar snæugluathuganir sem vitneskja berst um eru skráðar og birtar reglulega í skýrslum um sjaldgæfa fugla í tímaritinu *Blika*. Eyrugla er nýlegur landnemi og virðist farin að verpa hér reglulega, einkum á

Suðurlandi. Hún lætur lítið fyrir sér fara á varpstöðum og er því örugglega vanskráð.


Húsdúfur urpu víða í þéttbýli á síðustu öld en hefur fækkað mikið enda verið gerð gangskör að því að fækka þeim og hindra aðgang að varpstöðum og skjóli sem nær undantekningarlaust er á mannvirkjum. Hefðbundin dúfnarækt hér á landi heyrir nánast sögunni til en bréfdúfnaræktun hefur stóraukist. Nú verpa dúfur víða í klettum sunnanlands og austan sem bera flestar einkenni bjargdúfna. Skráning á þeim er tilviljanakennd og þekking að sama skapi lítil á uppruna þeirra og fjölda.

### Sérstök verkefni

#### Mófluglatalningar

Átak til að meta þéttleika fugla í vistgerðum á láglandi hófst með Natura Ísland-verkefninu árið 2012. Markmiðið var að meta stærð stofna, búsvæðaval og mikilvæg svæði algengra tegunda og leggja grunn að vöktun þeirra á landsvísu. Notaðar voru svokallaðar punktmælingar til að meta þéttleika fugla út frá Distance-aðferðinni (Buckland o.fl. 2001). Í punktmælingu skráir athugandi alla fugla sem hann verður var við á 5 mínútum á tilteknum stað. Athugandi greinir tegundina, ákvarðar út frá atferli hvort viðkomandi einstaklingur er varpfugl eða ekki og metur fjarlægð í fuglinn. Allt þetta er skráð á sérstök eyðublöð.

Alls voru lögð út 212 snið á láglandi (undir 300 m hæð yfir sjávarmáli) víða um land og var hvert þeirra með 16 talningapunktum. Við staðsetningu sniða var beitt lagskiptri (e: *stratified*) tilviljanakenndri (e: *random*) aðferð. Fyrst voru valdir einn til sjö 10×10 km reitir



1. kort. Mófuglasnið sem talin voru 2012 og 2013. Síndir eru 50×50 km reitir og 10×10 km reitir innan þeirra. – *Transects surveyed for common birds in 2012 and 2013 displayed with 50×50 km grid and 10×10 km grid.*

á láglandi innan hvers 50×50 km reits á landsvísu og voru þeir reitir valdir sem höfðu mesta gróðurþekju skv. gróðurkortu Náttúrufræðistofnunar (1:500.000). Snið var staðsett í miðju hvers 10×10 km reits eða hnikað eftir fyrirfram ákveðnu kerfi ef staðsetning sniðsins uppfyllti ekki viss skilyrði, þ.e. að vera undir 300 m yfir sjávarmáli, að vera á landi, að vera innan 2 km frá fólkubílafærum vegi og að vera sæmilegt yfirferðar m.t.t. landslags, straumvatna eða annarra hindrana (1. kort).

Til viðbótar ofangreindu voru punktmælingagögn af tveimur vöktunarsvæðum frá árinu 2012 notuð. Alls voru notaðar niðurstöður talninga af 3371 punkti sem taldir voru á árunum 2012–2013. Á þessum punktum voru skráð 23.786 ódul varpfugla. Ríkjandi (algengasta) vistlendi í hverjum punkti var greint með því að kanna flokkun pixla innan 150 m rafiðss á stafrænu vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar. Þéttleiki algengustu mófuglategunda var svo reiknaður innan hvers vistlendis með DISTANCE-forritinu. Er hlutfallslegur þéttleiki einstakra tegunda innan tíu meginvistlenda talinn endurspeglar vægi hvers vistlendis fyrir hverja tegund. Þessar mælingar, ásamt eldri gögnum (aðallega 1999–2002) um þéttleika fugla af hálendi Íslands (Sigurður H. Magnússon

o.fl. 2009), nýtast til að meta stofnstærð 19 mófuglategunda. Þetta eru þær tegundir sem voru nógu algengar í mófuglatalningum til að fá marktækar niðurstöður. Á grundvelli þéttleika, þekktar eða áætlaðrar varpútbreiðslu tegunda skv. 10×10 km reitakerfi og mælds flatarmáls vistlenda innan útbreiðslusvæðis er varpstofn metinn.

### Vatnafuglar á heiðum norðvestanlands

Heiðalöndin milli Borgarfjarðar og Húnavatnssýslu hafa löngum verið talin mikilvægasta varpsvæði himbrima á landinu og eins var vitað að þar væri mikið álftavarp. Þetta svæði hefur þó fremur lítið verið kannað enda torsótt. Sama á raunar við um ýmis önnur vel gróin heiðalönd á hálendinu. Því var ákveðið að kanna þessi svæði skipulega úr lofti með áherslu á álftir og vatnafugla (2. kort).

Helstu heiðalönd voru afmörkuð á korti og lögð áhersla á að kanna vel votlendi og vatnaklasa. Eins hreyfils Cessna Skyhawk var flogið í um 150 m hæð yfir jörðu eftir sniðum með um 1 km millibili eða meira, þar sem ekki var búsvæði vatna- og votlendisfugla. Talningarmenn töldu um það bil 500 m út frá vélinni á báðar hendur og tekið var hnit þar sem fugla varð vart. Allir fuglar sem sáust voru skráðir





2. kort. Heiðalönd þar sem fuglar voru taldir úr lofti 2012 (skyggt svæði) og lómar sem sáust. – *Wetland plateaus surveyed in 2012 (shaded area) and locations of Gavia stellata observed.*

og greindir til tegundar eða hópa (sumar endur tókst ekki að greina). Álftir var hægt að greina í þör (sum á hreiðri eða með unga) og stundum var hægt að kyngreina endur. Lómar (sbr. 2. kort) og himbrimar sáust víða en erfitt var að greina fugla á hreiðrum. Eins sáust svartbakar og kríur víða á heiðunum og mátti af atferli þeirra ráða hvort fuglarnir voru í varpi eða ekki.

Dagana 24.–26. og 30. júní 2012 var flogið yfir heiðalöndin upp frá Dölum í vestri og austur og norður um á Skaga (2. kort). Á leiðinni til og frá megintalningarsvæðunum var víða flogið yfir vötn og vatnaklasa og tækifærið þá notað til að telja fugla á þeim. Meðal svæða sem voru könnuð með þessu móti má nefna heiðar upp af Mosfellssveit og Þingvöllum og sunnanverðum Borgarfirði.

#### Æðarfuglar í fjaðrafelli

Æður, líkt og aðrir andfuglar, fellir allar flugfjaðrir samtímis, er ófleyg um mánaðartíma síðsumars og þá oft í stórum hópum. Arnþór Garðarsson (1982) kannaði slíka hópa víða um land á árunum 1973–1980. Nákvæmari kortlagning á þessum stöðum fór síðan fram á vegum Líffræðistofnunar háskólans á Vestfjörðum 1979 og 1985 (Arnþór Garðarsson o.fl. 1980, Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1986).

Ætlunin var að endurtaka talningar á æðarfugli á vestanverðu landinu, en einungis var unnt að kanna norðanverðan Faxaflóa. Flogið var hinn 17. ágúst 2012 með ströndinni frá Straumi sunnan Hafnarfjarðar norður og vestur um að Búðum á Snæfellsnesi. Einnig voru eyjaklasar út af Mýrum kannaðir. Flogið var með eins hreyfils Cessna Skyhawk og þá yfirleitt í 150–200 m hæð. Hnit voru tekin þar sem

fuglar sáust og fjöldi í hóp talinn eða áætlaður. Einnig voru sumir hópar myndaðir og talið af myndum til samanburðar. Daginn eftir voru valin svæði á Innnesjum talin til samanburðar af landi, enda tókst ekki að kanna alla voga nægjanlega vel úr lofti vegna nálægðar við flugvöll og þéttbýli.

#### Álfta- og gæsatalningar

Blesgæsir sem verpa á Grænlandi og hafa vetursetu á Bretlandseyjum fara um Ísland vor og haust. Þessi stofn er sérstök deilitegund (*Anser albifrons flavirostris*). Hefur fækkað mikið frá því laust fyrir 2000 vegna langvarandi viðkomubrests sem fyrst og fremst er talinn stafa af óhagstæðu tíðarfari á varpstöðvum í Grænlandi (Fox o.fl. 2016).

Viðkomustaðir blesgæsa hér á landi eru þekktir í grófum dráttum en hegðun fuglanna og dreifing hefur breyst með vaxandi kornrækt. Því var talið nauðsynlegt að kanna betur helstu blesgæsasvæði á landinu. Er það í samræmi við tilmæli alþjóðlegrar sérfræðinganevndar um verndun grænlandsku blesgæsarinnar sem lagði til árið 2009 að kanna mun betur fæðu- og hvíldarstaði hennar hér á landi, þar á meðal náttstaði (Stroud o.fl. 2012).

Farið var nokkrum sinnum um blesgæsasvæðin á Suður- og Vesturlandi haustin 2012 og 2013 og álftir og allar gæsir taldar bæði úr lofti og á landi. Ýmsar aðrar talningar nýttust að auki: Gæsatalning í apríl 2012 sem náði til ræktarlands á láglandi um land allt (Halldór Walter Stefánsson 2016); talningar Náttúrufræðistofnunar á gæsum á Suðurlandi haustin 2008–2013 (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2014a) og talningar í tengslum við mat á heildarstofni grágæsa sem Náttúrufræðistofnun og Verkis hafa annast hér á landi síðan 2006 (sbr. Mitchell 2016).




1. tafla. Viðmið við val á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi (byggt á BirdLife International 2016b). – IBA-criteria used to identify important bird areas in Iceland (from BirdLife International 2016b).

<p><b>Tuttugu viðmið hafa verið þróuð til að velja mikilvæg fuglasvæði í Evrópu - tíu eiga við á Íslandi. Á grundvelli þeirra er hægt að greina alþjóðlega þýðingu svæða fyrir:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tegund í hættu</li> <li>• Tegund sem verpur í byggðum eða safnast í stóra hópa</li> <li>• Safn tegunda með takmarkaða útbreiðslu (á heimsvísu; á ekki við Ísland)</li> <li>• Safn tegunda sem bundnar eru við eitt lífbelti</li> </ul> <p>Töluleg viðmið hafa verið skilgreind á þann hátt að greina megi stigvaxandi alþjóðlegt mikilvægi svæðis fyrir tegund á þremur landfræðilegum skólum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Á heimsvísu (A-viðmið)</li> <li>• Á Evrópuvísu (B-viðmið)</li> <li>• Innan Evrópusambandsins (C-viðmið; á ekki við Ísland)</li> </ul>	<p><b>Twenty IBA criteria have been developed for the selection of IBAs in Europe. These allow the identification of IBAs, based on a site's international importance for:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Threatened bird species</li> <li>• Congregatory bird species</li> <li>• Assemblages of restricted-range bird species</li> <li>• Assemblages of biome-restricted bird species</li> </ul> <p>Criteria have been developed such that, by applying different ('staggered') numerical thresholds, the international importance of a site for a species may be categorized at three distinct geographical levels:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Global ('A' criteria)</li> <li>• European ('B' criteria)</li> <li>• European Union ('C' criteria; does not apply to Iceland)</li> </ul>
<p><b>A: Á heimsvísu</b></p> <p><b>A1.</b> Tegund sem er í hættu á heimsvísu</p> <p>Á svæðinu er vitað eða talið að reglulega sé að finna umtalsverðan hluta stofns tegundar sem er í hættu á heimsvísu eða ástæða er til að hafa áhyggjur af.</p> <p><b>A3.</b> Tegund bundin við eitt lífbelti</p> <p>Á svæðinu er vitað eða talið að sé umtalsvert samsafn tegundar sem verpur að miklu eða öllu leyti í einu lífbelti.</p> <p><b>A4.</b> Hópar/Byggðir</p> <p>i: Á svæðinu er vitað eða talið að reglulega sé að finna <math>\geq 1\%</math> af landfræðilega afmörkuðum stofni vatnafugls sem verpur í þéttum byggðum eða safnast í stóra hópa.</p> <p>ii: Á svæðinu er vitað eða talið að reglulega sé að finna <math>\geq 1\%</math> af heimsstofni sjófugls eða þurrlendisfugls sem verpur í þéttum byggðum eða safnast í stóra hópa.</p> <p>iii: Á svæðinu er vitað eða talið að reglulega sé að finna <math>\geq 20.000</math> vatnafugla eða <math>\geq 10.000</math> pör sjófugla af einni eða fleiri tegund.</p>	<p><b>A: Global</b></p> <p><b>A1.</b> Species of global conservation concern</p> <p>The site regularly holds significant numbers of a globally threatened species, or other species of global conservation concern.</p> <p><b>A3.</b> Biome-restricted species</p> <p>The site is known or thought to hold a significant assemblage of the species whose breeding distributions are largely or wholly confined to one biome.</p> <p><b>A4.</b> Congregations</p> <p>i. The site is known or thought to hold, on a regular basis, <math>\geq 1\%</math> of a biogeographic population of a congregatory waterbird species.</p> <p>ii. The site is known or thought to hold, on a regular basis, <math>\geq 1\%</math> of the global population of a congregatory seabird or terrestrial species.</p> <p>iii. The site is known or thought to hold, on a regular basis, <math>\geq 20,000</math> waterbirds or <math>\geq 10,000</math> pairs of seabird of one or more species.</p>
<p><b>B: Á Evrópuvísu</b></p> <p><b>B1.</b> Hópar/Byggðir</p> <p>i: Á svæðinu er vitað eða talið að reglulega sé að finna <math>\geq 1\%</math> af farleiðarstofni eða öðrum skýrt afmörkuðum stofni vatnafugls sem verpur í þéttum byggðum eða safnast í stóra hópa.</p> <p>ii: Á svæðinu er vitað eða talið að reglulega sé að finna <math>\geq 1\%</math> af skýrt afmörkuðum stofni sjófugls sem verpur í þéttum byggðum eða safnast í stóra hópa.</p> <p>iii: Á svæðinu er vitað eða talið að jafnaði sé <math>\geq 1\%</math> af skýrt afmörkuðum farleiðarstofni eða öðrum skýrt afmörkuðum stofni annarra tegunda [en vatna- og sjófugla] sem verpa í þéttum byggðum eða safnast í stóra hópa.</p> <p><b>B2.</b> Tegund stendur höllum fæti í Evrópu.</p> <p>Svæðið er eitt af þeim mikilvægustu í landinu fyrir tegund á evrópskum vátlista (CR, E, VU).*</p> <p><b>B3.</b> Tegund með ákjósanlega verndarstöðu í Evrópu</p> <p>Svæðið er eitt af þeim mikilvægustu í landinu fyrir tegund með ákjósanlega verndarstöðu í Evrópu. Álfan er jafnframt höfuðheimkynni tegundar (SPEC 4; þ.e. &gt;helmingur heimsstofns í Evrópu) og verndun svæðisins er talin koma tegundinni til góða.**</p>	<p><b>B: European</b></p> <p><b>B1.</b> Congregations</p> <p>i. The site is known or thought to hold <math>\geq 1\%</math> of a flyway or other distinct population of a waterbird species.</p> <p>ii. The site is known or thought to hold <math>\geq 1\%</math> of a distinct population of a seabird species.</p> <p>iii. The site is known or thought to hold <math>\geq 1\%</math> of a flyway or other distinct population of other congregatory species.</p> <p><b>B2.</b> Species with an unfavourable conservation status in Europe</p> <p>The site is one of the 'n' most important in the country for a species with an unfavourable conservation status in Europe (SPEC 2, 3) and for which the site-protection approach is thought to be appropriate.</p> <p><b>B3.</b> Species with a favourable conservation status in Europe</p> <p>The site is one of the 'n' most important in the country for a species with a favourable conservation status in Europe but concentrated in Europe (SPEC 4) and for which the site-protection approach is thought to be appropriate.</p>

\*Sama aðferð og Bretar nota vegna þess að svokölluð SPEC-viðmið voru ekki uppfærð fyrr en þetta rit var komið í prentun (BirdLife International 2017). Upphaflega setningin í þessum viðmiðum, sbr. enska textann er: "Svæðið er eitt af þeim mikilvægustu í landinu fyrir tegund með óviðunandi verndarstöðu í Evrópu (SPEC 2, 3) og verndun svæðisins er talin koma tegundinni til góða." SPEC stendur fyrir Species of European Conservation Concern eða tegund sem varðar evrópska verndarhagsmunum.

\*\*Horft er framhjá litlum stofni á jaðri útbreiðslu tegundarinnar.



3. kort. Vetrarfuglatalningar Náttúrufræðistofnunar Íslands, öll svæði sem talið hefur verið á 1952–2014. – *Mid-winter bird counts organized by the Icelandic Institute of Natural History (IINH), all sites surveyed 1952–2014.*

### Vetrarfuglatalningar

Árlega síðan 1952 hefur Náttúrufræðistofnun Íslands skipulagt fuglatalningar áhugamanna í kringum áramót. Fyrstu árin var aðeins talið á um 10 svæðum en þeim hefur fjölgað jafnt og þétt og nú er talið á yfir 200 svæðum. Alls hefur verið talið á 358 svæðum, samtals 5.485 talningar (3. kort). Svæðin eru dreifð um allt land en flest (213) eru við sjávarsíðuna, alls 3.746 talningar, og er samanlögð lengd strandar um 1.710 km. Á nokkrum svæðum hefur verið talið yfir 60 sinnum og á fáeinum aðeins einu sinni.

Vetrarfuglatalningar eru nýttar til þess að reikna vísitölur stofnstærðar fyrir um 20 algengar tegundir (einkum staðfugla). Vegna þess að mörk talningasvæða hafa stundum breyst hafa gögnin frá sjávarsíðunni verið stöðluð miðað við lengd strandar (fuglar/10 km strandar). Stofnvísitölur voru reiknaðar með Trim-aðferðinni (Sheenan o.fl. 2010, Van der Meij 2013) og er hægt út frá þeim að ráða í stofnbreytingar. Í þessari skýrslu eru gögn frá öllum talningasvæðum notuð til þess að sýna vetrarútbreiðslu valinna tegunda. Allir talningarstaðir eru sýndir á kortum með opnum hring og hafi viðkomandi tegund sést þar er meðalfjöldi táknaður með misstórum bóllum.

### Tegundir og svæði

Hér á eftir verður fjallað um einstaka tegundir og hópa eftir búsvæðum, þ.e. sjófugla, vatnafugla, ránfugla og mófugla. Í seinni hlutanum er lýst þeim svæðum sem teljast alþjóðlega mikilvæg fyrir eina eða fleiri tegundir. Svæðaskránni er til hægðarauka skipt í: (1) sjófuglabýggðir, (2) fjörur og grunnsævi og (3) votlendi og önnur svæði inn til landsins.

### Viðmið fyrir tegundir

Allar þær fuglategundir sem verpa hér eða dvelja reglulega komu til álita við val á mikilvægum fuglasvæðum. Var þá horft til varplanda, vetrarstöðva, viðkomustaða á fartíma og fjaðrafellistaða eftir því sem við á. Þau tölulegu viðmið sem stuðst er við eru þau sömu og notuð hafa verið til að skilgreina mikilvæg fuglasvæði á alþjóðavísu, svokölluð IBA-svæði (Important Bird Areas; BirdLife International 2016b, 1. tafla). Þetta er þó ekki formleg IBA-svæðaskrá en Fuglaverndarfélag Íslands hefur undanfarin ár haldið utan um slíka vinnu fyrir hönd BirdLife International.

All margar tegundir eru faliðaðar hér og undir alþjóðlegum mörkum (sjá *Sértök verkefni*, bls. 17–21; 2. viðauka) og komu þær ekki til álita við val á mikilvægum svæðum. Aðrar eru farfuglar að mestu eða



öllu leyti og í þeim tilvikum komu vetrarstöðvar hér á landi eðlilega ekki til mats. Enn aðrar hópast tiltölulega lítið saman, svo í þeim tilvikum hafa viðkomustaðir hér ekki alþjóðlega þýðingu. Þá er þekking á stofnum og dreifingu sumra tegunda ekki næg til þess að hægt sé að tilgreina mikilvæg svæði fyrir þær á sumum árstímum. Loks eru tegundir þar sem viðmið fyrir mikilvæg svæði hafa ekki verið skilgreind, það á t.d. við um flesta spörfugla.

#### Val svæða


Mörg mikilvæg fuglasvæði hafa verið skilgreind og afmörkuð (sbr. Náttúruuminjaskrá 1996, Ólafur Einarsson 2000, Ólafur Einarsson o.fl. 2002) og var ekki vikið frá þeim mörkum nema sérstök ástæða þætti til. Sumar þær landfræðilegu þekjur sem sýndar eru fyrir íslensk IBA-svæði á vef BirdLife International (2016a) eru afar víðfeðmar og forsendur fyrir afmörkun þeirra eru óskýrar. Í þeim tilvikum var mörkum sums staðar breytt. Ef mikilvæg fuglasvæði höfðu verið friðlýst, var undantekningarlaust miðað við þau mörk.

Við afmörkun svæða var reynt að tryggja að innan þeirra væri örugglega það stórt hlutfall einstakra stofna að réttlætanagerlegt væri að tala um alþjóðlegt mikilvægi. Flestar sjófuglabyggðir eru tiltölulega skýrt afmarkaðar (eyjar, hólmar, klettur, fjöll). Um þær var dreginn verndarjaðar (e: *buffer zone*), 1 km til sjávar og 100 m inn til landsins. Önnur svæði voru aðeins lauslega afmörkuð. Þessar landfræðilegu þekjur eru ekki sýndar hér en verða kynntar á vefsvæði Náttúrufræðistofnunar ([www.ni.is](http://www.ni.is)).


Flest mikilvæg svæði eru nýtt af fuglum á afmörkuðum árstímum, þau geta t.d. fyrst og fremst verið varpland eða aðallega notuð af fargestum svo dæmi sé tekið. Á nokkrum svæðum er fuglalíf fjölbreytt, jafnvel árið um kring og beinist afmörkun svæða að því að ná til fjölbreyttra nota margra tegunda eða hópa. Slík svæði urðu því óhjákvæmilega nokkuð stór. Þá er hefð fyrir því að telja Vestmannaeyjar sem eina sjófuglabyggð og það sama á við um Breiðafjörð.

Nokkur svæði hafa verið skilgreind sem alþjóðlega mikilvæg svæði hér, án þess að hafa nokkurn tíma uppfyllt slík viðmið. Fuglalíf á öðrum hefur breyst, svo sum þeirra flokkast ekki lengur sem alþjóðlega mikilvæg. Þá er líklegt að ýmis önnur svæði ættu með réttu heima á lista yfir alþjóðlega mikilvæg svæði en upplýsingar um þau eru gjarnan af skornum skammti. Lista yfir framangreind svæði er að finna í 3. viðauka.


Borgarfjörður–Mýrar–Löngufjörur er dæmi um stórt og fjölbreytt fuglasvæði sem gegnir þýðingarmiklu hlutverki fyrir margar fuglategundir árið um kring. Það er mikilvægasta fjaðrafellisvæði æðarfugla hér við land (Arnþór Garðarsson 1982). Þorri fuglanna heldur sig á tveimur svæðum, þ.e. á utanverðum Borgarfirði og í mynni hans, sem og á svæðinu Hvalseyjar–Akrar–Skógarnes (4. kort). Rauðbrystingar dveljast í fjörum á Mýrum á vorin og halda sig einkum á svæðinu frá Straumfirði vestur í Skógarnes (5. kort). Margæsir koma þar einnig við og halda sig aðallega í grennd við Álftárós (6. kort). Skilgreining á hinu mikilvæga fuglasvæði, Borgarfjörður–Mýrar–Löngufjörur dregur dóm af þessu (7. kort).




4. kort. Æðarfugl í fjaðrafelli við norðanverðan Faxaflóa, 17. ágúst 2012. Meginsvæði eru afmörkuð með fjólublárrí, brotinni línu (Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Number and distribution of moulting Somateria mollissima in the northern part of Faxaflói bay, W-Iceland, 17 August 2012. The two main areas are delineated with violet dashed line (IINH, unpublished data).*



5. kort. Rauðbrystingur við norðanverðan Faxaflóa, maí 1990. Meginsvæði er afmarkað með blárrí, brotinni línu (byggt á Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1993). – *Calidris canutus* staging in May 1990 in the northern Faxaflói bay, W-Iceland. Main area is delineated with blue dashed line (based on Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1993).



6. kort. Margæsir við norðanverðan Faxaflóa, meðaltal talninga í maí 1990–2010. Meginsvæði er afmarkað með rauðgulrí, brotinni línu (byggt á Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1997, Guðmundur A. Guðmundsson, óbirt heimild). – *Branta bernicla* hrota staging in May in the northern Faxaflói bay, W-Iceland. Mean numbers in May 1990–2010. Main area is delineated with orange dashed line (based on Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1997, Guðmundur A. Guðmundsson, unpublished data).



7. kort. Borgarfjörður–Mýrar–Löngufjörur: afmörkun mikilvægs fuglasvæðis (svört lína), byggð á dreifingu æðarfugls í fjaðrafelli (fjölubláar brotalínur, sbr. 4. kort), dreifingu rauðbrystings (ljósblá brotalína, sbr. 5. kort) og margæsar (rauðgul brotalína, sbr. 6. kort) að vori. Einnig eru á þessu svæði mikilvæg varplönd himbrima (rauðir punktar), æðarfugls, svartbaks, kriú og lunda og mikilvægur fjaðrafellistaður álfta. Afmörkun inn til landsins fylgir þjóðvegi. – Delineation of the Borgarfjörður–Mýrar–Löngufjörur important bird area, W-Iceland (black line), based on moulting areas of *Somateria mollissima* (violet dashed line, cf. Fig. 4) spring staging sites of *Branta bernicla* hrota (blue dashed line, cf. Fig. 5) and *Calidris canutus* (red dashed line,

cf. Fig. 6). This area is also important for breeding *Gavia immer* (red dots), *S. mollissima*, *Larus marinus*, *Sterna paradisaea* and *Fratercula arctica* as well as an important moulting site for *Cygnus cygnus*. The inland border is along major highways.




### Skýringar

Í umfjöllun um hverja tegund er lögð áhersla á þá þætti sem máli skipta fyrir mat á því hvort hún nái alþjóðlegum verndarviðmiðum hér á landi (4. mynd). Hið sama gildir um svæðaskrána. Rætt er lauslega um útbreiðslu hvernar tegundar, stærð þess stofns sem um ræðir og þekktar stofnbreytingar. Ef tegundin er á alþjóðlegum válistum er þess getið, ásamt válistaflokki og alþjóðlegri skammstöfun, t.d. í hættu (E = Endangered). Þessar skammstafanir, sem og aðrar í skýrslunni, eru skýrðar í 4. viðauka. Nefnd eru alþjóðlega mikilvæg svæði fyrir viðkomandi tegund hér á landi með tilvísun í töflur og myndir. Eins hversu hátt hlutfall af stofni tegundar heldur til á mikilvægum svæðum hér á landi. Töluleg viðmið sem alþjóðlegt vægi byggir á eru tilgreind, án tillits til þess hvort íslenskur stofn viðkomandi tegundar nái þeim mörkum. Þessi viðmið eiga annaðhvort við um heimsstofn eða annan afmarkaðan stofn.

Í töflum sem fylgja umfjöllun um einstakar tegundir er svæðum raðað í landfræðilega röð og farið sólar sinnis frá sunnanverðum Reykjaneskaga norður, austur, suður og vestur úr. Hverju svæði er gefinn kódi sem gefur til kynna um hvers kyns fuglasvæði er að ræða; SF = sjófuglabýggð, FG = fjara og grunnsævi og VOT = votlendi og önnur svæði inn til landsins. Hverju svæði er síðan gefið hlaupandi raðnúmer innan hvers

landshluta (8. kort). Í töflum kemur fram á hvaða árstíma svæðið er mikilvægt fyrir hverja tegund og er notast við alþjóðlegar skammstafanir sem oftast eru dregnar af enskum heitum; B = varptími, W = vetur, P = fartími og N = fjaðrafelltími. Fjöldi fugla á einstökum svæðum í töflum er annaðhvort tilgreindur í þörum eða einstaklingum með vísan til heimilda. Hlutfall af íslenskum stofni á hverju svæði er einnig metið. Í töflunum er dálkur þar sem fram kemur á hverju alþjóðlegt mikilvægi hvers svæðis fyrir viðkomandi stofn byggir (sbr. 1. töflu). Stundum er getið um fjölda fugla á svæðum sem eru ekki alþjóðlega mikilvæg fyrir þá tegund en hýsa >1% af Íslandsstofni hennar.

Varpdreifing nokkurra tegunda (himbrimi, fálki og branduglu) er sýnd með grófum hætti til þess að vekja ekki athygli á einstökum varpstöðum. Kortin eru teiknuð með því að nota svokallaðan fylkjareikning sem áætla þéttleika punkta (Kernel Density Estimation). Reiknað er þéttleikagildi í neti 100×100 m möskva 20 km út frá hverju óðali, þar sem staðurinn sem óðalið er fær gildið 1 en svæði í 20 km fjarlægð frá óðalinu fá gildið 0. Niðurstöður fyrir öll óðulin eru síðan lagðar saman og hver 100×100 m möskvi í netinu fær hærra gildi eftir því sem áhrifasvæði fleiri óðala skarast.



8. kort. Landfræðileg skipting notuð við flokkun mikilvægra fuglasvæða.  
– Geographical boundaries used in coding important bird areas.



1 **Súla *Morus bassanus***

2 Súlan verpur beggja vegna N-Atlantshafs og er algengust við Bretlandseyjar og er stofnþróun hennar óvenju vel þekkt. Talningar hafa farið fram í öllum íslenskum byggðum á 5–10 ára fresti frá 1977. Auk þess liggja fyrir misjafnlega góðar talningar fyrir sumar byggðir allt aftur til 1913. Stofninn telur nú um 37 þúsund pör og hefur vaxið stöðugt um langt skeið, um tæp 2% á ári (Arnþór Garðarsson, í prentun). Vörpin eru aðeins fimm (14. kort). Eldey var löngum langstærsta byggðin en nú standa vörpin í Vestmannaeyjum henni jafnfætis (7. tafla). Alls verpa á þessum tveimur svæðum suðvestanlands um 30 þúsund pör. Hinar þrjár byggðirnar eru á austanverðu landinu: í Skróði (rúmlega 6.000 pör),

Skoruvík á Langanesi (656 pör) og Rauðanúpi á Melrakkaslétu (655). Súlan er farfugl en dvelst þó við landið lungann úr árinu, hverfur yfirleitt í nóvember eða desember og snýr aftur í janúar.

Tvær súlubbyggðir hér eru flokkaðar sem alþjóðlega mikilvægar og allur stofninn verpur á mikilvægum fuglasvæðum (7. tafla).

**Viðmið – IBA criteria** (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 ii:** heimsstofn/global 6.830 pör/pairs (BirdLife 2016c)

**B1 ii:** A4 ii

3

4 7. tafla. Súluvörp á Íslandi (byggt á Arnþór Garðarsson, í prentun). – *Colonies of Morus bassanus in Iceland (from Arnþór Garðarsson, in press).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Eldey	SF-V 2	B	14.810	2013–2014	39,8	A4ii, A4iii, B1ii
Rauðinúpur**	SF-N 12	B	655	2013–2014	1,8	
Skoruvíkurbjarg	SF-N 13	B	656	2013–2014	1,8	
Skróður	SF-A 8	B	6.051	2013–2014	16,3	
Vestmannaeyjar	SF-S 4	B	15.044	2013–2014	40,4	A4ii, A4iii, B1ii
Alls – Total			37.216		100	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

\*\* Hluti af mikilvægu fuglasvæði, SFB-N\_12 Melrakkaslétta. – *Belongs to the important bird area SFB-N\_12, Melrakkaslétta.*

5



14. kort. Súluvörp á Íslandi (byggt á Arnþór Garðarsson, í prentun). – *Colonies of Morus bassanus in Iceland (from Arnþór Garðarsson, in press).*

6 **English summary:** *Morus bassanus* is most common off southern Iceland with 37,000 pairs; two colonies are of international importance ( $\geq 10,000$  pairs) and all the population breeds within IBAs.

6. mynd. Framsetning í tegundaumfjöllunum. – *Data presentation in species accounts.*

1. Nafn á íslensku og vísindaleiti á latínu. – *Name in Icelandic and scientific name.*
2. Yfirlit um útbreiðslu og stöðu tegundar. Áhersla er lögð á þætti sem skipta máli fyrir mat á því hvort tegund nái alþjóðlegum verndarviðmiðum hér á landi. – *General overview of the species distribution and status in Iceland, with emphasis on data used to evaluate IBA-criteria.*
3. Alþjóðleg viðmið. – *IBA criteria.*
4. Svæði þar sem tegund nær alþjóðlegum verndarviðmiðum. Einnig er getið svæða þar sem tegundin nær 1% af Íslandsstofni, svo fremi sem hún nái alþjóðlegum

viðmiðum á öðrum mikilvægum fuglasvæðum. Samtölur eru ekki sýndar ef þær eru þýðingarlausar eða heildarstofnmat mjög óvísst. – *Areas where the species meets IBA-criteria. Other areas are mentioned as long as the species reaches 1% of the Icelandic population and the area is an IBA for other species. Totals are omitted if they are based on insufficient estimates.*

5. Kort sem sýna, eftir því sem við á, helstu varpsvæði, viðkomustaði, vetrar- og fjaðrafellistöðvar á Íslandi. – *Where appropriate, maps depicting breeding areas, winter areas, staging sites and moulting areas.*
6. Enscur útdráttur. – *English summary.*



## YFIRLIT UM TEGUNDIR OG HÓPA – SPECIES ACCOUNTS

## Sjófuglar – Seabirds

## Bjargfuglar

Fýll *Fulmarus glacialis*

Fýllinn er mjög algengur varpflugl á norðlægum slóðum og oft talinn næstalgengasti fugl landsins á eftirlunda (sjá þó umfjöllun um þúfutittling á bls. 110). Hann verpur víða með ströndum og sums staðar inn til landsins (9. kort). Talið er að stofninn telji um 1,2 milljónir para og verpa þau langflest á Vestfjörðum (Arnhjór Garðarsson o.fl., í prentun a).


Fýllinn var nýlega settur á evrópskan valista sem tegund í hættu (EN) þar sem honum hefur fækkað hratt á síðustu 30 árum (BirdLife International 2015).

Alls eru 38 fýlabyggðir flokkaðar sem alþjóðlega mikilvægar og verpa um 82% íslenska stofnsins innan slíkra svæða (2. tafla).

**Viðmið** – IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 ii:** heimsstofn/global 75.000 pör/pairs (BirdLife 2016c)

**B1 ii:** A4ii



9. kort. Stórar fýlabyggðir á Íslandi (byggt á Arnhjór Garðarsson o.fl., í prentun a). – Large colonies of *Fulmarus glacialis* in Iceland (from Arnhjór Garðarsson et al., in press a).



7. mynd. Fýll (*Fulmarus glacialis*). Ljósmynd. Magnús Guðmundsson.



2. tafla. Mikilvægar fýlabýggðir á Íslandi ( $\geq 10.000$  pör) (byggt á Arnþór Garðarsson o.fl., í prentun a). – *Important colonies of Fulmarus glacialis in Iceland ( $\geq 10,000$  pairs) (from Arnþór Garðarsson et al., in press a).*

Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (pör) <i>Number (pairs)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Breiðafjörður	SF-V 8	B	36.434	1975–2013	3,0	A4iii, B2
Mýrarhyrna	SF-V 9	B	15.399	2014	1,3	A4iii
Kirkjufell	SF-V 10	B	11.468	2013	1,0	A4iii
Sandsfjöll	SF-V 12	B	11.035	2013	0,9	A4iii
Látrabjarg	SF-V 13	B	99.894	2009	8,3	A4ii, A4iii, B1ii, B2
Blakkur	SF-V 15	B	51.571	2013	4,3	A4iii, B2
Tálkni	SF-V 16	B	29.744	2013	2,5	A4iii, B2
Selárdalshlíðar S	SF-V 17	B	25.428	2013	2,1	A4iii
Selárdalshlíðar N	SF-V 18	B	13.733	2013	1,1	A4iii
Skeggi	SF-V 19	B	10.339	2013	0,9	A4iii
Tóarfjall	SF-V 20	B	35.537	2013–2014	2,9	A4iii, B2
Barði	SF-V 21	B	17.380	2014	1,4	A4iii
Hrafnaskálarúpur	SF-V 22	B	10.540	2014	0,9	A4iii
Sauðanes	SF-V 23	B	12.380	2014	1,0	A4iii
Góltur–Óskubakur	SF-V 24	B	12.680	2014	1,1	A4iii
Stigahlíð–Deild	SF-V 25	B	33.541	2014	2,8	A4iii, B2
Vébjarnarúpur	SF-V 29	B	14.960	2014	1,2	A4iii
Grænahlið	SF-V 30	B	15.400	2014	1,3	A4iii
Ritur	SF-V 31	B	12.278	2007	1,0	A4iii
Kögur	SF-V 32	B	27.360	2014	2,3	A4iii
Kjalarárúpur	SF-V 33	B	19.167	2014	1,6	A4iii
Hælavíkurbjarg, Hornbjarg	SF-V 35, 36	B	35.613	2007	3,0	A4iii, B2
Smiðjuvíkurbjarg	SF-V 36	B	26.212	2013	2,2	A4iii
Geirhólmur	SF-V 37	B	13.010	2013	1,1	A4iii
Tindastóll	SF-N 1	B	29.714	2015	2,5	A4iii
Hvannadalabjörg	SF-N 5	B	34.264	2013	2,8	A4iii, B2
Ólafsfjarðarmúli	SF-N 6	B	27.356	2013	2,3	A4iii
Melrakkaslétta	SF-N 12	B	17.491	2008, 2014	1,5	A4iii
Langanesbjörg	SF-N 14	B	13.774	2006, 2014	1,1	A4iii
Viðvíkurbjörg	SF-A 1	B	56.415	2015	4,7	A4iii, B2
Skálanesbjörg	SF-A 3	B	11.503	2014	1,0	A4iii
Gerpír	SF-A 5	B	22.659	2015	1,9	A4iii
Hvalnesfjall, Lón	SF-A 12	B	12.904	2015	1,1	A4iii
Vesturhorn–Fjarðarfjall	SF-A 13	B	17.000	2014	1,4	A4iii
Fagridalur–Vík	SF-S 1	B	13.813	2014	1,1	A4iii
Eyjafjöll: Steinafjall	SF-S 2	B	10.525	2015	0,9	A4iii
Eyjafjöll: Írá–Seljaland	SF-S 3	B	20.091	2015	1,7	A4iii
Vestmannaeyjar	SF-S 4	B	38.377	2006–2008	3,2	A4iii, B2
Önnur mikilv. svæði – <i>Other important areas</i>		B	66.049		5,5	
Alls – <i>Total</i>			983.040		81,5	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

**English summary:** *Fulmarus glacialis is the second most common breeding bird in Iceland with 1.2 million pairs; 38 colonies are of international importance ( $\geq 10,000$  pairs) and 81.5% of the population breeds within important bird areas (IBA).*

**Rita *Rissa tridactyla***

Ritan er algengur varpflugl á norðurhveli jarðar. Hér verpur hún í sjávarklettum umhverfis landið (10. kort) og taldi stofninn um 580 þúsund pör á árunum 2005–2009 (Arnþór Garðarsson o.fl. 2013). Langstærsta byggðin er í björgunum við Hornvík en einnig eru stór vörp á Langanesi, í Grímsey, Vestmannaeyjum, Krýsuvíkurbergi og Látrabjargi. Ritu hafði fækkað í heild um 12% frá fyrri talningu (1983–1985) og þá mest í Langanesbjörgum og Grímsey en fjölgað verulega í Vestmannaeyjum og Krýsuvíkurbergi. Hún heldur sig yfirleitt fjarri ströndum yfir háveturinn, þar á meðal umhverfis Ísland og austur af Nýfundnalandi (Frederiksen o.fl. 2011).

Ritu hefur fækkað verulega í Evrópu frá því upp úr 1980 og er hún því á vátlista þar sem tegund í nokkurri hættu (VU; BirdLife International 2015).

Alls eru 10 íslensk rituvörp flokkuð sem alþjóðlega mikilvæg og verpa um 94% stofnsins á mikilvægum fuglasvæðum (3. tafla).

**Viðmið – IBA criteria** (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Austanvert Atlantshaf = 22.000 pör/pairs (Wetlands International 2016)

**B1 i:** A4 i


3. tafla. Mikilvæg rituvörp á Íslandi (byggt á Arnþór Garðarsson o.fl. 2013). – *Important colonies of Rissa tridactyla in Iceland (from Arnþór Garðarsson et al. 2013).*

Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (pör) <i>Number (pairs)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Krýsuvíkurberg	SF-V 1	B	46.564	2005	8,0	A4i, A4iii, B1i, B2
Borgarfjörður–Löngufjörur	SF-V 6	B	5.648	2006	1,0	
Snæfellsnes	SF-V 7	B	9.995	2005	1,7	
Breiðafjörður	SF-V 8	B	10.313	2006	1,8	A4iii, B2
Látrabjarg	SF-V 13	B	32.028	2007	5,5	A4i, A4iii, B1i, B2
Ritur	SF-V 31	B	19.166	2007	3,3	A4iii, B2
Hælavíkurbjarg, Hornbjarg	SF-V 35, 36	B	243.759	2007	42,0	A4i, A4iii, B1i, B2
Drangey	SF-N 2	B	7.362	2007	1,3	
Grímsey, Eyjafirði	SF-N 8	B	32.840	2007	5,7	A4i, A4iii, B1i, B2
Melrakkaslétta	SF-N 12	B	14.212	2006–2008	2,4	A4iii, B2
Skoruvíkurbjarg	SF-N 13	B	30.063	2008	5,2	A4i, A4iii, B1i, B2
Langanesbjörg	SF-N 14	B	21.631	2006–2008	3,7	A4iii, B2
Skrúður	SF-A 8	B	6.692**	2007	1,2	
Papey	SF-A 11	B	5.582	2008	1,0	
Vestmannaeyjar	SF-S 4	B	50.185	2006–2008	8,6	A4i, A4iii, B1i, B2
Önnur mikilv. svæði – <i>Other important areas</i>		B	8.409		1,4	
Alls – <i>Total</i>			544.449		93,7	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

\*\* 16.907 pör 1985. – *16,907 pairs in 1985.*

**English summary:** *Rissa tridactyla* is a common breeding bird in Iceland with 580,000 pairs; ten colonies are of international importance ( $\geq 10,000$  pairs) and 93.7% of the population breeds within IBAs.



10. kort. Ritubyggðir á Íslandi (byggt á Arnþór Garðarsson o.fl. 2013). – Colonies of *Rissa tridactyla* in Iceland in 2005–2009 (from Arnþór Garðarsson et al. 2013).



8. mynd. Rita (*Rissa tridactyla*). Ljós. Erling Ólafsson.

**Langvía *Uria aalge***

Langvía verpur allt í kringum norðurhvel jarðar. Hér verpur hún í um 20 byggðum (11. kort) og eru þær langstærstu í Látrabjargi og við Hornvík (11. kort). Íslenski langvíustofninn taldi um 690 þúsund pör 2006–2008 og hafði fækkað um 29% frá fyrra stofnmati kringum 1985 (Arnbór Garðarsson o.fl., í prentun b). Fækkunin var mest suðvestanlands, töluverð á Vestfjörðum og Langanesi, lítil breyting var í Drangey og Grímsey en fjölgun í Skrúði og Papey. Langvía er staðfugl að mestu en hingað leita auk þess færeyskir og breskir fuglar á vetrum.

Hin mikla og tiltölulega snögga fækkun langvíu hér

á landi leiddi til þess að langvía er nú á evrópskum valista sem tegund í yfirvofandi hættu (NT; BirdLife International 2015).

Alls eru 10 langvíuvörp hér flokkuð sem alþjóðlega mikilvæg og verpur allur stofninn á mikilvægum fuglasvæðum (4. tafla).

**Viðmið** – IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)


**A4 ii:** heimsstofn/global 60.000 pör/pairs (Wetlands 2016)

**B1 ii:** Ísland/Færeyjar/Skotland/S-Noregur/Eystrasalt (*Uria a. aalge*) = 48.000 fuglar/birds (Wetlands 2016)

4. tafla. Mikilvægar langvíubyggðir á Íslandi (byggt á Arnbór Garðarsson o.fl., í prentun b). – *Important colonies of Uria aalge in Iceland (from Arnbór Garðarsson et al., in press b).*

Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (pör) <i>Number (pairs)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Krýsuvíkurbjarg	SF-V 1	B	8.785	2007	1,3	B2
Látrabjarg	SF-V 13	B	225.912	2006–2007	32,7	A4ii, A4iii, B1ii, B2
Ritur	SF-V 31	B	11.789	2007	1,7	A4iii, B2
Hælavíkurbjarg, Hornbjarg	SF-V 35, 36	B	268.275	2007	38,9	A4ii, A4iii, B1ii, B2
Drangey	SF-N 2	B	7.099	2007	1,0	B2
Grímsey, Eyjafirði	SF-N 8	B	67.293	2007	9,8	A4ii, A4iii, B1ii, B2
Skoruvíkurbjarg	SF-N 13	B	27.343	2007	4,0	A4iii, B1ii, B2
Langanesbjörg	SF-N 14	B	16.518	2006, 2008	2,4	A4iii, B1ii, B2
Skrúður	SF-A 8	B	11.483	2008	1,7	A4iii, B2
Vestmannaeyjar	SF-S 4	B	33.016	2006	4,8	A4iii, B1ii, B2
Önnur mikilv. svæði – <i>Other important areas</i>		B	15.661		2,3	
Alls – <i>Total</i>			693.174		100	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*



11. kort. Langvíubyggðir á Íslandi um 2007 (byggt á Arnbór Garðarsson o.fl., í prentun b). – *Colonies of Uria aalge in Iceland c. 2007 (from Arnbór Garðarsson et al., in press b).*

**English summary:** *Uria aalge* is a common breeding bird in Iceland with 693,000 pairs; ten colonies are of international importance ( $\geq 10,000$  pairs) and all the population breeds within IBAs.

**Stuttnefja *Uria lomvia***

Stuttnefja verpur allt í kringum norðurhvelið og er útbreiðsla hennar norðlægari en langvíu. Íslenski stuttnefjustofninn var síðast metinn 2006–2008 og reyndist þá 326.800 pör og hafði þá fækkað um 43% frá fyrri talningum um 1985 (Arnbór Garðarsson o.fl., í prentun b). Mest var fækkunin suðvestanlands og á Langanesi. Varpútbreiðslan er í megindráttum sú sama og hjá langvíu (12. kort), en langstærsti hluti stofnsins verpur á Vestfjörðum, þ.e. í björgunum við Hornvík (184.000 pör) og í Látrabjargi (118.000 pör). Stuttnefjur sjást lítið á grunnslóð yfir veturinn en íslenskir fuglar dvelja sumir við landið en aðrir halda vestur fyrir Grænland; eins koma hingað fuglar úr norðri á veturna (Frederiksen o.fl. 2016).

Stuttnefju hefur fækkað verulega á undanförunum áratugum í austurhluta heimkynna sinna við Atlantshaf; á Íslandi, víða á Grænlandi, Svalbarða og í Noregi.

5. tafla. Mikilvægar stuttnefjubýggðir á Íslandi (byggt á Arnbór Garðarsson o.fl. í prentun b). – *Important colonies of Uria lomvia in Iceland (from Arnbór Garðarsson et al., in press b).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Látrabjarg	SF-V 13	B	118.034	2006–2007	35,8	A4ii, A4iii, B1ii
Ritur	SF-V 31	B	2.482**	2007	0,8	
Hælavíkurbjarg, Hornbjarg	SF-V 35, 36	B	183.738	2007	55,7	A4ii, A4iii, B1ii
Drangey	SF-N 2	B	12.666	2007	3,8	A4iii
Grímsey, Eyjafirði	SF-N 8	B	4.054	2007	1,2	
Skoruvíkurbjarg	SF-N 13	B	2.484**	2007	0,8	
Önnur mikilv. svæði – Other important areas		B	3.377		1,0	
Alls – Total			326.835		100	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

\*\* 12.000 pör 1985 – 12,000 pairs in 1985.



12. kort. Stuttnefjubýggðir á Íslandi um 2007 (byggt á Arnbór Garðarsson o.fl., í prentun b). – *Colonies of Uria lomvia in Iceland c. 2007 (from Arnbór Garðarsson et al., in press b).*

**English summary:** *Uria lomvia* is a common, but rapidly declining breeding bird in Iceland with 327,000 pairs; three colonies are of international importance ( $\geq 10,000$  pairs) and all the population breeds within IBAs.

**Álka *Alca torda***

Álkan verpur við norðanvert Atlantshaf og hér verpur hún á sömu slóðum og langvía og stuttnefja (13. kort). Hún er staðflugl að mestu en eitthvað af fuglum leitar til Bretlandseyja og Norðursjávar á veturnum.

Álku hefur fækkað talsvert og var íslenski stofninn talinn 313.000 pör kringum 2007, þ.e. 82% af því sem hann var kringum 1985 (Arnbór Garðarsson o.fl., í prentun b). Mest var fækkunin í stærstu byggðinni (Látrabjargi) og á Hornströndum, en fjölgun var í Grímsey.

Þar sem meirihluti af álkum heimsins verpur á Íslandi,

var tegundin sett á heimsválista og evrópskan válista sem tegund í yfirvofandi hættu vegna neikvæðrar stofnþróunar hér á landi (NT; BirdLife International 2015).

Alls eru 10 álkuvörp hér flokkuð sem alþjóðlega mikilvæg og allur stofninn verpur á mikilvægum fuglasvæðum (6. tafla).

**Viðmið – IBA criteria** (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 ii:** heimsstofn/global 5.257 pör/pairs (Wetlands Int. 2016)

**B1 ii:** Ísland/Færeyjar/Bretlandseyjar/Frakkland/Þýskaland = 4.360 pör/pairs (Wetlands International 2016)

6. tafla. Mikilvægar álkubbyggðir á Íslandi (byggt á Arnbór Garðarsson o.fl., í prentun b). – *Important colonies of Alca torda in Iceland (from Arnbór Garðarsson et al., in press b).*


Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Krýsuvíkurbjarg	SF-V 1	B	4.127	2007	1,3	B2
Látrabjarg	SF-V 13	B	160.968	2006–2007	51,3	A4ii, A4iii, B1ii, B2
Hælavíkurbjarg, Hornbjarg	SF-V 35, 36	B	5.607**	2007	1,8	A4ii, B1ii, B2
Drangey	SF-N 2	B	2.116	2007	0,7	B2
Grímsey, Eyjafirði	SF-N 8	B	114.796	2007	36,6	A4ii, A4iii, B1ii, B2
Rauðinúpur****	SF-N 12	B	1.006	2008	0,3	B2
Skoruvíkurbjarg	SF-N 13	B	8.010	2007	2,6	A4ii, B1ii, B2
Langanesbjörg	SF-N 14	B	4.021***	2006, 2008	1,3	B2
Ingólfshöfði	SF-A 14	B	5.916	2007	1,9	A4ii, B1ii, B2
Vestmannaeyjar	SF-S 4	B	2.843	2006	0,9	B2
Önnur mikilv. svæði – Other important areas		B	3.216		1,0	
Alls – Total			312.626		100	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.

\*\* 70.000 pör 1985 – 70,000 pairs in 1985.

\*\*\* 15.400 pör 1985 – 15,400 pairs in 1985.

\*\*\*\* Hluti af mikilvægu fuglasvæði, SFB-N\_12 Melrakkaslétta. – Belongs to the important bird area SFB-N\_12, Melrakkaslétta.



13. kort. Álkubbyggðir á Íslandi um 2007 (byggt á Arnbór Garðarsson o.fl., í prentun b). – *Colonies of Alca torda in Iceland c. 2007 (from Arnbór Garðarsson et al., in press b).*

**English summary:** Alca torda is a common breeding bird in Iceland with 313,000 pairs; ten colonies are of international importance ( $\geq 10,000$  pairs) and all the population breeds within IBAs.



**Súla *Morus bassanus***

Súlan verpur beggja vegna N-Atlantshafs og er algengust við Bretlandseyjar og er stofnþróun hennar óvenju vel þekkt. Talningar hafa farið fram í öllum íslenskum byggðum á 5–10 ára fresti frá 1977. Auk þess liggja fyrir misjafnlega góðar talningar fyrir sumar byggðir allt aftur til 1913. Stofninn telur nú um 37 þúsund pör og hefur vaxið stöðugt um langt skeið, um tæp 2% á ári (Arnbór Garðarsson, í prentun). Vörpin eru aðeins fimm (14. kort). Eldey var löngum langstærsta byggðin en nú standa vörpin í Vestmannaeyjum henni jafnfætis (7. tafla). Alls verpa á þessum tveimur svæðum suðvestanlands um 30 þúsund pör. Hinar þrjár byggðirnar eru á austanverðu landinu: í Skrúði (rúmlega 6.000 pör),

Skoruvík á Langanesi (656 pör) og Rauðanúpi á Melrakkaslétta (655). Súlan er farfugl en dvelst þó við landið lungann úr árinu, hverfur yfirleitt í nóvember eða desember og snýr aftur í janúar.

Tvær súlubbyggðir hér eru flokkaðar sem alþjóðlega mikilvægar og allur stofninn verpur á mikilvægum fuglasvæðum (7. tafla).

**Viðmið** – IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 ii:** heimsstofn/global 6.830 pör/pairs (BirdLife 2016c)

**B1 ii:** A4 ii

7. tafla. Súluvörp á Íslandi (byggt á Arnbór Garðarsson, í prentun). – *Colonies of Morus bassanus in Iceland (from Arnbór Garðarsson, in press).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Eldey	SF-V 2	B	14.810	2013–2014	39,8	A4ii, A4iii, B1ii
Rauðinúpur**	SF-N 12	B	655	2013–2014	1,8	
Skoruvíkurbjarg	SF-N 13	B	656	2013–2014	1,8	
Skrúður	SF-A 8	B	6.051	2013–2014	16,3	
Vestmannaeyjar	SF-S 4	B	15.044	2013–2014	40,4	A4ii, A4iii, B1ii
Alls – Total			37.216		100	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.

\*\* Hluti af mikilvægu fuglasvæði, SFB-N\_12 Melrakkaslétta. – Belongs to the important bird area SFB-N\_12, Melrakkaslétta.



14. kort. Súluvörp á Íslandi (byggt á Arnbór Garðarsson, í prentun). – *Colonies of Morus bassanus in Iceland (from Arnbór Garðarsson, in press).*

**English summary:** *Morus bassanus* is most common off southern Iceland with 37,000 pairs; two colonies are of international importance ( $\geq 10,000$  pairs) and all the population breeds within IBAs.

**Lundi *Fratercula arctica***

Lundi verpur við N-Atlantshaf og er mest af honum við Ísland, Noreg og Færeyjar. Hann er algengasti fuglinn á Íslandi og var stofninn áætlaður um 2 milljónir para (Erpur Snær Hansen o.fl. 2014, Arnþór Garðarsson og Erpur Snær Hansen, í undirbúningi). Lundinn verpur umhverfis landið, oftast í eyjum eða hölmum og er langstærsta byggðin (rífllega 800 þúsund pör) í Vestmannaeyjum (15. kort; Erpur Snær Hansen o.fl. 2011). Lundinn er alger farfugl.

Sílaleysisárin frá því um 2005 hafa reynst lundunum þung í skauti og hefur honum fækkað verulega. Varpstofninn minnkaði um 47% 2003–2015, er nú talinn um 1.150 þúsund fuglar og geldfuglum hefur fækkað um 76% á sama tíma (Erpur Snær Hansen 2016). Lunda fækkar einnig í Noregi sem ásamt

Íslandi hýsir stærstu lundastofna heimsins. Því er lundinn nú skráður í nokkurri hættu (VU) á heimsváklist og í hættu (EN) á evrópskum válista (BirdLife International 2015).

Alls eru 10 lundavörp hér flokkuð sem alþjóðlega mikilvæg og nær allur stofninn (um 98%, verpur sennilega innan mikilvægra fuglasvæða (8. tafla).

**Viðmið – IBA criteria** (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 ii:** heimsstofn/global 56.783 pör/pairs (Wetlands International 2016)

**B1 ii:** Ísland/Noregur/SV-Grænland/N-Ameríka = 45.000 pör/pairs (Wetlands International 2016)

8. tafla. Mikilvæg lundavörp á Íslandi (byggt á Arnþór Garðarsson og Erpur Snær Hansen, í undirbúningi). – *Important colonies of Fratercula arctica in Iceland (from Arnþór Garðarsson and Erpur Snær Hansen, in prep.).*


Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (pör) <i>Number (pairs)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Borgarfjörður–Löngufjörur	SF-V 6	B	40.000	2014	2,0	A4iii, B1ii, B2
Breiðafjörður	SF-V 8	B	377.250	2014	18,6	A1, A4ii, A4iii, B1ii, B2
Látrabjarg <sup>1</sup>	SF-V 13	B	50.000	2000	2,5	A4iii, B1ii, B2
Vigur	SF-V 26	B	28.800	2015	1,4	A4iii
Borgarey	SF-V 27	B	43.350	2014	2,1	A4iii, B2
Grímsey, Steingrímsfirði	SF-V 38	B	23.250	2015	1,1	A4iii
Drangey	SF-N 2	B	33.900	2014	1,7	A4iii, B2
Lundey, Skagafirði	SF-N 3	B	20.400	2014	1,0	A4iii
Málmei	SF-N 4	B	33.450	2014	1,7	A4iii, B2
Grímsey, Eyjafirði	SF-N 8	B	40.275	2015	2,0	A4iii, B2
Lundey, Skjálfandaflóa	SF-N 9	B	27.375	2015	1,4	A4iii
Mánáreyjar	SF-N 10	B	28.050	2014	1,4	A4iii
Skrúður	SF-A 8	B	149.100	2014	7,4	A1, A4ii, A4iii, B1ii, B2
Papey	SF-A 11	B	132.750	2014	6,6	A1, A4ii, A4iii, B1ii, B2
Vestmannaeyjar	SF-S 4	B	840.375	2015	41,5	A1, A4ii, A4iii, B1ii, B2
Önnur mikilv. svæði – <i>Other important areas</i>		B	124.024		6,1	
Alls – <i>Total</i>			1.992.348		(98)	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

<sup>1</sup> Ólafur Einarsson 2000.

**English summary:** *Fratercula arctica* is the most common breeding bird in Iceland with approx. 2 million pairs; ten colonies are of international importance ( $\geq 10,000$  pairs) and approx. 98% of the population breeds within IBAs.





15. kort. Stærstu lundabyggðir á Íslandi. Vestmannaeyjar eru sýndar sem ein byggð og sama á við um Breiðafjörð (byggt á Arnþór Garðarsson og Erpur Snær Hansen, í undirbúningi). – *Large colonies of Fratercula arctica in Iceland. The islands of Vestmannaeyjar, S-Iceland as well as the islands of Breiðafjörður, W-Iceland are depicted as single colonies (from Arnþór Garðarsson and Erpur Snær Hansen, in prep.).*



9. mynd. Lundi (*Fratercula arctica*). Ljós. Magnús Guðmundsson.

**Skrofa og sæsvölur**

Skrofa og sæsvölutegundirnar tvær, stormsvala og sjósvala, verpa nær eingöngu í Vestmannaeyjum.

**Skrofa *Puffinus puffinus***

Skrofan verpur aðallega í vestanverðri Evrópu. Í Vestmannaeyjum verpur hún í sjö eyjum (Jóhann Óli Hilmarsson 2009) og er stofninn aðeins nokkur þúsund pör sem er þar af leiðandi allur innan mikilvægs fuglasvæðis (9. tafla). Skrofan er alger farfugl og eru vetrarstöðvar hennar undan ströndum Argentínu (González-Solís o.fl. 2009).

**Viðmið – IBA criteria** (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 ii:** heimsstofn/global 3.670 pör/pairs (BirdLife 2016c)

**B1 ii:** A4 ii

9. tafla. Mikilvæg skrofuvörp á Íslandi (byggt á Erpur S. Hansen o.fl. 2009a). – *Important colonies of Puffinus puffinus in Iceland (from Erpur S. Hansen et al. 2009a).*

Svæði	Svæðisnúmer	Árstími	Fjöldi (pör)	Ár	Hlutfall af íslenskum stofni (%)	Alþjóðlegt mikilvægi
Area	Area code	Season	Number (pairs)	Year	Percentage of Icelandic popul. (%)	International importance*
Vestmannaeyjar	SF-S 4	B	5.660	1991	100	A4ii, B1ii
Alls – Total			5.560		100	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

**English summary:** *Puffinus puffinus* is a rather rare breeding bird in Iceland with 5,700 pairs breeding at several sites in Vestmannaeyjar, S-Iceland, treated here as one colony of international importance.



10. mynd. Skrofa (*Puffinus puffinus*). Ljós. Yann Kolbeinsson.

**Stormsvala *Hydrobates pelagicus***

Heimkynni stormsvölu eru aðallega í V-Evrópu. Hér verpur hún á nokkrum stöðum í Vestmannaeyjum og er langstærsta varpið í Elliðaey. Þá hefur verið lítils háttar varp í Skrúði, Papey og Ingólfshöfða og er það horfið á síðastnefnda staðnum. Erfitt er að komast að hreiðrum og meta stofninn með öruggum aðferðum en slegið hefur verið á 50–100 þúsund pör sem verpa öll innan mikilvægra fuglasvæða (10. tafla).

**Viðmið** – IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 ii:** heimsstofn/global 4.760 pör/pairs (BirdLife 2016c)

**B1 ii:** A4 ii

10. tafla. Mikilvæg stormsvöluvörp á Íslandi (byggt á Jóhann Óli Hilmarsson og Erpur Snær Hansen 1992). – *Important colonies of Hydrobates pelagicus in Iceland (from Jóhann Óli Hilmarsson and Erpur Snær Hansen 1992).*

Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (pör) <i>Number (pairs)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Vestmannaeyjar	SF-S 4	B	75.000	1983–2010	100	A4ii, A4iii, B1ii
Alls – <i>Total</i>			75.000		100	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

**English summary:** *Hydrobates pelagicus is a locally common breeding bird in Iceland with roughly estimated 75,000 pairs breeding at several sites in Vestmannaeyjar, S-Iceland, treated here as one colony of international importance.*

**Sjósvala *Hydrobates leucorhous***

Sjósvala verpur fyrst og fremst við Nýfundnaland og í Kyrrahafi. Langstærsta byggð hennar í Evrópu er talin vera í Vestmannaeyjum. Stofninn þar var áætlaður um 200 þúsund pör árið 1991 (Erpur Snær Hansen o.fl. 2009b). Allt sjósvölurvarp hér er nú innan mikilvægra fuglasvæða (11.tafla) en talið er að fáein pör hafi stundum orpið annars staðar, t.d. í Ingólfshöfða. Sjósvala er alger farfugl.

**Viðmið** – IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 ii:** heimsstofn/global 66.667 pör/pairs (BirdLife 2016c)

**B1 ii:** Evrópa = 2.500 pör/pairs (BirdLife 2016c)

11. tafla. Mikilvæg sjósvöluvörp á Íslandi (byggt á Erpur Snær Hansen o.fl. 2009b). – *Important colonies of Hydrobates pelagicus in Iceland (from Erpur Snær Hansen et al. 2009b).*

Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (pör) <i>Number (pairs)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Vestmannaeyjar	SF-S 4	B	198.000	1991	100	A4ii, A4iii, B1ii
Alls – <i>Total</i>			198.000		100	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

**English summary:** *Hydrobates leucorhous is a locally common breeding bird in Iceland with 198,000 pairs breeding at several sites in Vestmannaeyjar, S-Iceland, treated here as one colony of international importance.*



## Skarfar

**Dílaskarfur *Phalacrocorax carbo***

Dílaskarfur verpur víða um heim. Hér er varpútbreiðslan að mestu bundin við Faxaflóa og Breiðafjörð en utan varptíma sjást fuglar með ströndum umhverfis landið og sums staðar með vötnum og ám langt frá sjó. Kunnugt er um varp í öllum landshlutum áður fyrr. Á síðustu árum hefur verið vaxandi varp við Húnaflóa og nýlega fannst dílaskarfsvarp í Vigur í Lóni (Arnhjór Garðsson, munnlegar upplýsingar). Nær allur stofninn verpur þó í Breiðafirði og við norðanverðan Faxaflóa (16. kort). Fylgst hefur verið með dílaskarfsstofninum hér í meira en 40 ár og taldi hann um 4.500 pör árið 2007 (Arnhjór Garðsson 2008) og 5.021 par árið 2011

(Arnhjór Garðsson og Jón Einar Jónsson 2011). Dílaskarfur er staðfugl.

Tvö svæði hér teljast alþjóðlega mikilvæg fyrir dílaskarf og á þeim varp allur stofninn árið 2007 (12. tafla).

**Viðmið** – *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)


**A4 i:** Evrópa = 4.143 pör/*pairs* (Wetlands International 2016)

**B1 i:** NV-Evrópa (Ísland/Bretlandseyjar/Noregur)  
= 425 pör/*pairs* (Wetlands International 2016)

12. tafla. Mikilvæg dílaskarfvörp á Íslandi 2007 (byggt á Arnhjór Garðsson 2008). – *Important colonies of Phalacrocorax carbo in Iceland in 2007 (from Arnhjór Garðsson 2008).*

Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (pör) <i>Number (pairs)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Borgarfjörður–Löngufjörur	SF-V 6	B	1.232	2007	27,3	B1i
Breiðafjörður	SF-V 8	B	3.271	2007	72,6	B1i
Alls – <i>Total</i>			4.503		100	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*



16. kort. Dílaskarfvörp á Íslandi 2007 (byggt á Arnhjór Garðsson 2008). – *Colonies of Phalacrocorax carbo in Iceland 2008 (from Arnhjór Garðsson 2008).*

**English summary:** *Phalacrocorax carbo* is a rather rare breeding bird in W-Iceland with 4,500 pairs in 2007; the two main breeding areas are designated IBAs for this species and holding almost all of the population.

**Toppskarfur *Phalacrocorax aristotelis***

Heimkynni toppskarfs eru að mestu í Evrópu. Hér verpur hann nær eingöngu vestanlands, frá Krýsuvíkurbergi norður og vestur um í Húnaflóa, langmest þó í Breiðafirði (17. kort). Stofninn var um 4.900 pör árið 2007 og hefur sveiflast nokkuð (Arnbór Garðarsson og Ævar Petersen 2009). Toppskarfur er alger staðfugl.

Eitt svæði hér telst alþjóðlega mikilvægt fyrir toppskarf (Breiðafjörður), en nær allur stofninn (um 99%) verpur á mikilvægum fuglasvæðum (13. tafla).

**Viðmið** – IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** heimsstofn/global = 769 pör/pairs (Wetlands International 2016)

**B1 i:** N-Evrópa = 673 pör/pairs (BirdLife 2016c)

13. tafla. Toppskarfsvörp á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi (byggt á Arnbór Garðarsson og Ævar Petersen 2009). – *Colonies of Phalacrocorax aristotelis in important bird areas in Iceland (from Arnbór Garðarsson and Ævar Petersen 2009).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Borgarfjörður–Löngufjörur	SF-V 6	B	556	2007	11,3	
Breiðafjörður	SF-V 8	B	4.117	2007	84,0	A4i, B1i
Látrabjarg	SF-V 13	B	124	2007	2,5	
Önnur mikilv. svæði – Other important areas		B	64		1,3	
Alls – Total			4.861		99,2	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.



17. kort. Toppskarfsvörp á Íslandi (byggt á Arnbór Garðarsson og Ævar Petersen 2009). – *Colonies of Phalacrocorax aristotelis in Iceland (from Arnbór Garðarsson and Ævar Petersen 2009).*

**English summary:** *Phalacrocorax aristotelis* is a rather rare breeding bird in W-Iceland with 4,900 pairs in 2007; the main breeding area (Breiðafjörður) is designated IBA for this species and almost all the population breeds within IBAs.



**Æðarfugl *Somateria mollissima***

Æðarfugl er afar útbreiddur á norðurhveli jarðar og verpur hér allt í kringum land, en þó aðeins á stöku stað með sendinni suðurströndinni (18. kort). Stærstu vörpin telja þúsundir para en vetrarstofninn hér er áætlaður um 850 þúsund fuglar (Arnþór Garðarsson 2009). Meðal þeirra eru vetrargestir frá NA-Grænlandi (Meltofte 1978) og Svalbarða (Hanssen o.fl. 2016).

Æðarhreiðrum fjölgaði víðast hvar 1980–1990, en fækkaði síðan á Norðurlandi, Vestfjörðum og sums staðar við Breiðafjörð. Á Suðvesturlandi fjölgaði hreiðrum eftir 1980 en fjöldinn hefur staðið í stað síðan 1995 (Jón Einar Jónsson o.fl. 2015) og eins í nokkrum vörpum norðvestanlands 2007–2016 (Jón Einar Jónsson, óbirt heimild). Vísitölur vetrarfuglatalninga Náttúrufræðistofnunar frá 1952 sýna hægfara fjölgun fram yfir 1990 og síðan líttilega fækkun upp úr 2000.

Æðarfugli hefur fækkað mikið frá 2000 á mikilvægum vetrarstöðvum í Eyrasalti og raunar víða í Evrópu, einkum vegna ofveiði á fæðudýrum æðarfugls, mengunar, truflunar og veiða. Hann er því talinn í yfirvofandi hættu (NT) á heimsválista og í nokkurri hættu (VU) á Evrópuválista (BirdLife International 2015).

Prenns konar mikilvæg svæði koma til álita fyrir æðarfugl, varpsvæði (18. kort), vetrarstöðvar (19. kort) og fjaðrafellistöðvar (20. kort) og skarast flest þeirra. Auk þess geta æðarfuglar hópast tímabundið á sömu staði ár eftir ár þar sem gnótt er fæðu, jafnvel tugþúsundum saman. Dæmi um slíkt er afar stór hópur (áætlaður um 40 þúsund fuglar) sem sótti í hrygnandi loðnu við Garðskaga á árunum 1970–2000.

Tölulegar upplýsingar um einstök æðarvörp liggja ekki á lausu en hægt er að meta hlutfallslega þýðingu einstakra svæða út frá fyrirliggjandi gögnum. Um 44% íslenska æðarstofnsins verpa á alþjóðlega mikilvægum fuglasvæðum (14. tafla) og tæplega þriðjungur af vetrarstofni æðarfugla fellir fjaðrir innan mikilvægra fuglasvæða (15. tafla).

**Viðmið – IBA criteria** (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa/Grænland = 31.700 fuglar/birds; 10.567 pör/pairs (BirdLife 2016c)

**B1 i:** Ísland = 8.500 fuglar/birds; 2.833 pör/pairs (BirdLife 2016c)

14. tafla. Mikilvæg æðarvörp á Íslandi (byggt á Jónas Jónsson 2001, Árni Snæbjörnsson, óbirt heimild). – *Important colonies of *Somateria mollissima* in Iceland (from Jónas Jónsson 2001, Árni Snæbjörnsson, unpublished).*


Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Kalmanstjörn–Garðskagi	FG-V 1	B	3.000	1999	1,0	B1i, B2
Álftanes–Skerjafjörður	FG-V 2	B	3.300	1999	1,1	B1i, B2
Borgarfjörður–Löngufjörur	SF-V 6	B	10.000	1999	3,3	A4iii, B1i, B2
Breiðafjörður	SF-V 8	B	60.000	1999	20,0	A4i, A4iii, B1i, B2
Vigur <sup>1</sup>	SF-V 26	B	3.500	1998	1,2	B1i, B2
Æðey <sup>1</sup>	SF-V 28	B	4.000	1998	1,3	B1i, B2
Skagi	VOT-N 5	B	8.000	1999	2,7	B1i, B2
Hrisey <sup>2</sup>	SF-N 7	B	3.040	2004	1,0	B1i, B2
Melrakkaslétta	SF-N 12	B	8.000	1999	2,7	B1i, B2
Önnur mikilv. svæði – <i>Other important areas</i>		B	28.000		9,3	
Alls – <i>Total</i>			130.840		43,6	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*


<sup>1</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn. – *IINH, unpublished data.*

<sup>2</sup> Þorsteinn Þorsteinsson og Sverrir Thorstensen 2014.

**English summary:** *Somateria mollissima* is a common breeding bird in Iceland. The winter population is estimated 850,000 birds, including some tens of thousands from NE-Greenland and Svalbard. Approx. 44% of the birds breed in designated IBAs and approx. 31% of the birds moult in such areas.



18. kort. Æðarvörp á Íslandi kringum 2000 (byggt á Jónas Jónsson 2001, Árni Snæbjörnsson, óbirt heimild). – Colonies of *Somateria mollissima* in Iceland c. 2000 (from Jónas Jónsson 2001, Árni Snæbjörnsson, unpublished).



19. kort. Meðaltal æðarfugla á 10 km strandlengju í vetrarfuglatalningum 1952–2014 (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – Winter distribution of *Somateria mollissima* in mid-winter counts 1952–2014. Numbers indicate mean number of birds per 10 km coastline or at each inland site (from IINH, unpublished data).




15. tafla. Æðarfuglar í fjaðrafelli á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi (byggt á Arnþór Garðarsson 1982). – *Moulting sites of Somateria mollissima in important bird areas in Iceland (from Arnþór Garðarsson 1982).*


Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (fuglar) Number (birds)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Borgarfjörður–Löngufjörur <sup>1</sup>	FG-V 10	N	160.000	1973–1974	19,3	A4i, A4iii, B1i, B2
Breiðafjörður	FG-V 11	N	36.000	1980	4,3	A4i, A4iii, B1i, B2
Hornstrandafriðland	FG-V 13	N	13.000	1980	1,6	B1i
Þvottáskriður	FG-A 4	N	10.000	1980	1,2	B1i
Skarðsfjörður	FG-A 6	N	30.000	1980	3,6	A4iii, B1i, B2
Stökkseyri–Eyrarbakki	FG-S 1	N	10.000	1980	1,2	B1i
Alls – Total			(259.000)		(31,1)	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

<sup>1</sup> Arnþór Garðarsson 1975a.



20. kort. Æðarfuglar í fjaðrafelli (byggt á Arnþór Garðarsson 1982, Arnþór Garðarsson o.fl. 1986). – *Moulting sites of Somateria mollissima in Iceland (from Arnþór Garðarsson 1982, Arnþór Garðarsson et al. 1986).*



11. mynd. Æðarfugl (*Somateria mollissima*). Ljós. Erling Ólafsson.



**Teista *Cephus grylle***

Teistan verpur við norðanvert Atlantshaf og hér verpur hún víða með ströndum landsins og virðist vera staðflugl að mestu. Nokkur stór vörp eru þekkt (21. kort) en víða verpa stök eða fá pör saman. Teistustofninn er afar illa þekktur og sömuleiðis vantar yfirleitt tölulegar upplýsingar um einstök vörp eða varpsvæði. Giskað var á 30–50 þúsund pör kringum 1990 (Umhverfissráðuneytið 1992) en síðar 10–15 þúsund pör (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Fylgst hefur verið með teistuvörpi á afmörkuðum svæðum (Ævar Petersen 2001, Jón Hallur Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir 2004) og eins eru brotakenndar upplýsingar um teistur héðan og þáðan. Teistum hefur fækkað víða og er stundum hægt að tengja það við afrán minks (Jón Hallur Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir 2004). Teistum er einnig mjög hætt við að lenda í grásleppunetum

1990 (Frederiksen og Petersen 2002). Mest rann-sakaða teistuvörp landsins, í Flatey á Breiðafirði, er nú aðeins svipur hjá sjón; þar verpa nú aðeins um 80 pör en voru flest 530 árið 1987 (Ævar Petersen 2001, Ævar Petersen o.fl. 2016). Vetrarfuglavísitölur Náttúrufræðistofnunar á landsvísu sýna nokkrar sveiflur en samfellda fækkun eftir 1985.

Vegna skorts á upplýsingum er aðeins með grófum hætti hægt að meta þýðingu nokkurra svæða fyrir teistu (16. tafla), en öruggt má telja að Breiðafjörður sé mikilvægasta varpsvæði teistu hér við land.

**Viðmið – IBA criteria** (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 ii:** heimsstofn/global 4.290 pör/pairs (Wetlands International 2016)

**B1 ii:** Ísland = 125 pör/pairs (Wetlands Int. 2016)

16. tafla. Teistuvörp á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, gróft mat). – *Colonies of Cephus grylle in important bird areas in Iceland (from IINH, rough estimate).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Breiðafjörður	SF-V 8	B	2.000	2016	16,0	B1ii
Vigur	SF-V 26	B	200	2000	1,6	B1ii
Æðey <sup>1</sup>	SF-V 28	B	500	2000	4,0	B1ii
Hrisey <sup>2</sup>	SF-N 7	B	164	2014	1,3	B1ii
Viðvíkurbjörg	SF-A 1	B	200	1976	1,6	B1ii
Papey	SF-A 11	B	200	2000	1,6	B1ii
Þvottárskríður	FG-A 4	B	120	1979	1,0	
Alls – Total			(3.384)		(27)	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

<sup>1</sup> Ólafur Einarsson 2000.

<sup>2</sup> Þorsteinn Þorsteinsson og Sverrir Thorstensen 2014.



21. kort. Stórar teistubbyggðir (>100 pör) á Íslandi (byggt á 16. töflu, Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Large colonies (>100 pairs) of Cephus grylle in Iceland (from Table 16, IINH, unpublished data).*

**English summary:** *Cephus grylle* population in Iceland was roughly estimated 10,000–15,000 pairs in 2000 and appears to have steadily declined since the mid-1980s. Approx. 27% of the population may nest in designated IBAs.



## Kjói og skúmur

Kjói *Stercorarius parasiticus*

Kjói verpur á norðlægum slóðum allt í kringum hnöttinn. Hér verpur hann víða, yfirleitt í stökum þörum en sums staðar mjög þétt, þannig að unnt er að tala um byggðir. Stofninn var metinn gróflega upp úr 1970 og þá talinn 4.000–12.000 pör (Bengtson og Owen 1973) og hafa þær tölur verið settar fram með ýmsum hætti síðan. Takmarkaðar athuganir benda eindregið til þess að kjóum hafi fækkað á mikilvægum varpstöðvum, t.d. á Úthéraði (Halldór Walter Stefánsson 2014), en þar var stofninn metinn um 1.300 pör árið 2000 (Guðmundur A. Guðmundsson o.fl. 2001). Athuganir á Mýrum frá 2006 benda til hins sama (Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). Sandsilastofninn við Suðurland hrundi árið 2005 (Kristján Lilliendahl o.fl. 2013) og hefur það haft mikil áhrif á varp margra fuglategunda, þar á meðal kjóa sem t.d. urpu lítið eða ekkert við Markarfljót 2008–2014, þótt fuglarnir hafi mætt á óðul sín (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2014a). Kjóinn er alger farfugl sem dvelst sunnarlega í S-Atlantshafi að vetrarlagi (Sölvi Rúnar Vignisson o.fl. 2015).

Úthérað er eina varpsvæði kjóa hér á landi sem gæti verið alþjóðlega mikilvægt (17. tafla).

*Dreifing og þéttleiki eftir vistlendum:* Kjói er strjáll varpfugl um allt land (22. kort). Varpþéttleiki er mestur í mosavist á láglendi (1,1 par/km<sup>2</sup>) þar sem finna má 29% varpstofnsins og í mýravistum á hálandi (0,3 pör/km<sup>2</sup>) þar sem um 10% stofnsins verpa og eru það mikilvægustu búsvæðin. Reiknuð stofnstærð er 11.000 pör og eru 8.600 þeirra á láglendi (78%). Um 23% kjóastofnsins gætu orpið innan mikilvægra fuglasvæða (18. tafla). Tekið skal fram að þetta mat byggir mjög lítið á mælingum úr þéttustu varpsvæðum kjóans.

**Viðmið** – IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 ii:** heimsstofn/global 3.750 pör/pairs (BirdLife 2016c)

**B1 ii:** Ísland = 480 pör/pairs; stofn/population: Evrópa (BirdLife 2016c)

17. tafla. Kjóavarp á mikilvægu fuglasvæðum á Íslandi (byggt á Guðmundur A. Guðmundsson o.fl. 2001). – *A breeding congregation of Stercorarius parasiticus in an important bird area in Iceland (From Guðmundur A. Guðmundsson et al. 2001).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Úthérað	VOT-A 3	B	1.300	2000	17,3	B1ii


\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

18. tafla. Reiknaður fjöldi kjóa sem gæti orpið á þeim mikilvægu fuglasvæðum þar sem >1% íslenska stofnsins er að finna (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Calculated number of breeding Stercorarius parasiticus within important bird areas with >1% of the Icelandic population (from IINH, unpublished data).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Borgarfjörður–Löngufjörur	FG-V 10	B	113	2016	1,0	B1i, B2
Laxárdalsheiði	VOT-V 3	B	183	2016	1,7	B1i, B2
Arnarvatnsheiði	VOT-N 1	B	220	2016	2,0	A4iii, B1i, B2
Skagi	VOT-N 5	B	147	2016	1,3	A4i, A4iii, B1i, B2
Melrakkaslétta	FG-N 4	B	326	2016	3,0	B1i, B2
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	959	2016	8,7	B1i, B2
Önnur mikilv. svæði – Other important areas			579	2016	5,3	
Alls – Total			2.527		23,1	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

**English summary:** *Stercorarius parasiticus* population in Iceland is estimated 11,000 pairs, based on measured densities in different habitat types and known and probable distribution. Approx. 23% of the birds may nest in IBAs.



22. kort. Kjói: útbreiðsla og reiknaður fjöldi óðala í hverjum 10×10 km reit, byggt á þéttleika varpfugla í vistlendum, aðallega 2012–2013. – *Stercorarius parasiticus*: distribution and calculated number of territories within each 10×10 km grid, based on densities of breeding birds in different habitat type classes, mostly in 2012–2013.



12. mynd. Kjói (*Stercorarius parasiticus*). Ljós. Trausti Baldursson.

**Skúmur *Catharacta skua***

Skúmur verpur á nokkrum svæðum við norðaustanvert Atlantshaf. Hér er hann algengastur á söndunum sunnanlands en einnig eru stór vörp í Öxarfirði og á Úthéraði (23. kort). Skúmurinn er alger farfugl og dvelst á vetrum víða um Atlantshaf (Magnúsdóttir o.fl. 2012).

Varpstofn skúms var metinn hér á landi með ítarlegum talningum 1984–1985 og reyndist um 5.400 pör (Lund-Hansen og Lange 1991). Skúmur var talinn á Úthéraði árið 2000 og hafði þá fjölgað verulega (Guðmundur A. Guðmundsson o.fl. 2001). Hann hefur verið vaktaður þar frá 2005 og hefur fjöldi fugla í varpi sveiflast mikið (Halldór Walter Stefánsson 2014a). Hátt hlutfall geldpara sum árin gerir túlkun talninga örðuga og það sama á við um talningar í Öxarfirði en þær benda til verulegrar fækkunar skúma frá 1984 til 2007 (Þorkell Lindberg Þórarinnsson o.fl. 2013).

Skúmsvarp við Markarfljót er nú aðeins svipur hjá sjón frá því sem áður var (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2014a). Einnig eru sterkar vísbendingar um fækkun skúma frá aldamótum í Öræfum, samhliða lélegum varpárangri (Hálfmán Björnsson, munnleg heimild, 2010) en þar eru höfuðstöðvar skúma á Íslandi. Þá hefur skúmsvarp lagst af á Reykjanes-skaga og sömuleiðis að mestu á Skógasandi (Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn).

Fjórar skúmabyggðir eru hér flokkaðar sem alþjóðlega mikilvægar og um 87% stofnsins verpa á mikilvægum fuglasvæðum (19. tafla).

**Viðmið – IBA criteria** (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 ii:** NA-Atlantshaf (heimstofn/global)

= 167 pör/pairs (BirdLife 2016c)

**B1 ii:** A4 ii

19. tafla. Skúmsvarp á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi (byggt á Lund-Hansen og Lange 1991). – *Colonies of Stercorarius skua in important bird areas in Iceland (from Lund-Hansen and Lange 1991).*\*\*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Öxarfjörður	VOT-N 12	B	225	1984	4,2	A4ii, B1ii
Úthérað	VOT-A 3	B	100	1984, 1985	1,9	
Breiðamerkursandur	VOT-A 5	B	2.820	1985	52,2	A4ii, B1ii
Skeiðarársandur	VOT-A 6	B	1.418	1985	26,3	A4ii, B1ii
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	178	1985	3,3	A4ii, B1ii
Alls – Total			4.741		87,8	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

\*\* Varp á Skógasandi (175–190 pör 1985) er að mestu liðið undir lok. Byggðin á Úthéraði talin með enda mun stærri eftir 2000, þ.e. 200–300 pör (Halldór Walter Stefánsson 2014). – *The Skógasandur colony (175–190 pairs in 1985) is not included as numbers are now much lower. The Úthérað colony, however, is included; 200–300 pairs have bred after 2000.*



23. kort. Skúmabyggðir á Íslandi 1984 og 1985 (byggt á Lund-Hansen og Lange 1991). – *Colonies of Catharacta skua in Iceland in 1984/1985 (from Lund-Hansen and Lange 1991).*

**English summary:** *Catharacta skua* population in Iceland was estimated 5,400 pairs in 1984–1985, but numbers in some colonies have declined considerably since; 88% of the birds breed in IBAs.

**Máfar og kría****Hettumáfur *Larus ridibundus***

Hettumáfur verpur í Evrópu og um miðbik Asíu til Kyrrahafs og er auk þess nýlega farinn að verpa vestanhafs. Hann nam hér land upp úr 1930, fjölgaði hratt og náði stofninn sennilega hámarki laust fyrir 1990, var þá gróflega metinn 25.000–30.000 pör (Umhverfissráðuneytið 1992). Hettumáfum fækkaði um langt skeið á stóru talningarsvæði í Eyjafirði; 1.709 pör árið 1990, 1.547 pör 1995 og 1.325 pör árið 2000 (2,5% fækkun á ári, Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 2005) en hefur fjölgað síðan og voru um 1.600 pör í Eyjafirði árið 2015 (Sverrir Thorstensen, munnl. uppl.). Stærstu vörpin hér á landi voru í Skógum í Skagafirði og við Bessastaðatjörn. Í Skógum voru um 1.100 pör árið 1974 en aðeins 270 pör árið 1987. (Kristinn H. Skarphéðinsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1990). Við Bessastaðatjörn urpu 830 pör árið 1992 (Ævar Petersen

og Árni Davíðsson 1992), 680 pör 1996 (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004) og rúmlega 400 pör árið 2014 (Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson 2015). Hettumáfur er að mestu farfugl sem fer aðallega til V-Evrópu en þúsundir fugla sjást hér í vetrar-fuglatalningum.

Engar hettumáfsbyggðir hér teljast alþjóðlega mikilvægar.

**Viðmið** – IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa = 19.833 pör/pairs (Wetlands 2016)

**B1 i:** NV-Evrópa = 11.883 pör/pairs (Wetlands 2016)

**English summary:** *Larus ridibundus colonized Iceland in the early 20th century and the population was roughly estimated 25,000–30,000 pairs in 1992. No sites in Iceland meet IBA criteria for this species.*

**Stormmáfur *Larus canus***

Stormmáfur verpur víða á norðurhveli jarðar. Hann nam hér land um miðja síðustu öld og er algengastur við Eyjafjörð þar sem honum fjölgaði hratt fram yfir 2000. Íslenski stofninn var þá metinn 700 pör, þar af tæplega 500 pör í Eyjafirði (Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 2004). Virðist hafa staðið í stað næstu árin en hafði fjölgað í 660 pör í Eyjafirði árið 2010 (Sverrir Thorstensen og Ævar Petersen 2013). Miðað við brotakennda þekkingu á varpi stormmáfa í öðrum landshlutum er heildarstofninn nú varlega áætlaður um 800–1.000 pör. Stormmáfur er að mestu farfugl

en einhver hundruð fugla sjást hér yfirleitt í vetrar-fuglatalningum Náttúrufræðistofnunar.

Engar stormmáfsbyggðir hér teljast alþjóðlega mikilvægar.

**Viðmið** – IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa = 10.000 pör/pairs (Wetlands 2016)

**B1 i:** NV- og Mið-Evrópa/Atlantshaf/Miðjarðarhaf = 6.667 pör/pairs (Wetlands 2016)

**English summary:** *Larus canus colonized Iceland in the mid-20th century and the population is probably 800–1,000 pairs. No areas in Iceland meet IBA criteria for this species.*



13. mynd. Sílámáfur (*Larus fuscus*). Ljós. Erling Ólafsson.**Sílámáfur *Larus fuscus***

Sílámáfur verpur í Evrópu og hluta Síberíu. Hann nam hér land upp úr 1930 og fjölgaði að því er virðist samfelld fram til 2004 þegar sandsílabresturinn hófst. Varpstofninn var metinn um 50.000 pör fyrir sílaleysisárin (Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). Langstærsta varpið er á Rosmhvalanesi (Miðnesheiði), talið yfir 40 þúsund pör árið 2004 en aðeins um 5.000 pör árið 2005 (Gunnar Þór Hallgrímsson og Páll Hersteinsson 2011). Íslenskir varpfuglar teljast til deilitegundarinnar *L.f. graellsii* sem verpur auk þess í Færeyjum og á Bretlandseyjum. Sílámáfur er farfugl og fer til stranda Portúgals, Spánar og V-Afríku á vetrum (Gunnar Þór Hallgrímsson o.fl. 2012a).

Eitt varpsvæði hér telst alþjóðlega mikilvægt fyrir sílámáf, þ.e. á Rosmhvalanesi (20. tafla).

**Viðmið – IBA criteria** (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa/Afríka/SA-Asía = 4.983 pör/pairs (Wetlands 2016)

**B1 i:** V-Evrópa/Miðjarðarhaf/N-Afríka (*L.f. graellsii*) = 1.937 pör/pairs (Wetlands 2016)

20. tafla. Sílámáfsvörp á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi. – *Colonies of Larus fuscus in important bird areas in Iceland.*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Rosmhvalanes <sup>1</sup>	SF-V 3	B	40.200**	2004	89,3	A4i, A4iii, B1i
Álftanes–Skerjafjörður <sup>2</sup>	FG-V 2	B	1.000	2004	2,2	
Borgarfjörður–Löngufjörur <sup>2,3</sup>	SF-V 6	B	800	2005	1,8	
Alls – Total			42.000		93,3	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

\*\* 31.138 pör 2005; stofnhrun vegna ætisskorts. – *31,138 pairs in 2005; a sharp decline due to food shortage.*

<sup>1</sup> Gunnar Þór Hallgrímsson og Páll Hersteinsson 2011.

<sup>2</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn – *IINH, unpublished data.*

<sup>3</sup> Gunnar Þór Hallgrímsson o.fl. 2006.

**English summary:** *Larus fuscus* colonized Iceland in the 1930s and is now the most common gull in Iceland, estimated 50,000 pairs in 2004. Numbers have declined considerably since, due to crash of the sandeel *Ammodytes spp.* stocks. One IBA is designated for this species, holding 90% of the population.



14. mynd. Silfurmafur (*Larus argentatus*). Ljós. Erling Ólafsson.

#### Silfurmafur *Larus argentatus*

Silfurmafur er nú aðeins talinn verpa í norðvestanverðri Evrópu eftir að honum var skipt í nokkrar tegundir. Þeir sem verpa hér teljast til deilitegundarinnar *L.a. argenteus* auk fugla sem verpa á Bretlandseyjum og víðar í V-Evrópu. Hann hóf varp hér upp úr 1930 og hefur alla tíð verið algengastur á Austfjörðum. Silfurmafur hefur auk þess kynblandast við hvítmaf og verpa slíkir fuglar víða um land (Agnar Ingólfsson 1970, Freydís Vigfúsdóttir o.fl. 2008). Gískað hefur verið á að stofninn sé 5.000–10.000 pör (Umhverfissráðuneytið 1992). Eldra mat er 5.000 pör (Agnar Ingólfsson 1982), en aldrei hefur farið fram viðunandi talning á stofninum. Vetrarfuglavísitölur Náttúrufræðistofnunar 1985–2014 benda

til samfelldrar fækkunar frá 1990. Silfurmafur er hér staðfugl að mestu.

Silfurmafi hefur fækkað töluvert í Evrópu og er á valista sem tegund í yfirvofandi hættu (NT; BirdLife International 2015).

Engar silfurmafsbyggðir hér teljast alþjóðlega mikilvægar.

**Viðmið** – IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa = 8.233 pör/pairs (Wetlands Int. 2016)

**B1 i:** Ísland/V-Evrópa = 3.400 pör/pairs (Wetlands Int. 2016)

**English summary:** *Larus argentatus* colonized Iceland in the 1920s and is most common in E-Iceland. The population is roughly estimated 5,000–10,000 pairs. No sites in Iceland meet IBA criteria for this species.

#### Bjartmafur *Larus glaucoides*

Reglulegur vetrargestur og eru tvær deilitegundir árvissar hér, *Larus glaucoides glaucoides* frá Grænlandi, sem er miklu algengari, og *Larus glaucoides kumlini* sem kemur frá Kanada. Þúsundir fugla sjást hér í vetrarfuglatalningum en ördugt getur verið að greina sundur hvítmaf og bjartmaf á löngu færi. Safnast stundum í þúsundatali, t.d. á Eyrarbakka á loðnuárunum og eins í Kolgrafarfirði meðan síld hafði þar vetursetu fyrir nokkrum árum. Að öðru leyti

virðist erfitt að afmarka mikilvæg svæði fyrir þessa tegund. Vetrarfuglavísitölur Náttúrufræðistofnunar benda til nokkuð samfelldrar fjölgunar hér frá 1960.

**Viðmið** – IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** N-Atlantshaf (*glaucoides*) = 1.950 fuglar/birds (Wetlands International 2016)

**B1 i:** A4 i

**English summary:** *Larus glaucoides* is a common winter visitor in Iceland. No IBAs are designated for this species.



**Hvítmáfur *Larus hyperboreus***

Hvítmáfur verpur einkum í heimskaualöndum umhverfis norðurhvel jarðar. Hér eru varpstöðvar hans nær eingöngu vestanlands, einkum við Breiðafjörð og á Vestfjörðum. Varpstofninn var metinn 10.000–15.000 pör upp úr 1990 (Umhverfissráðuneytið 1992) og virðist það vera nokkuð vel í lagt miðað við fyrirliggjandi gögn. Hvítmáfi hefur fækkað hér mikið á síðustu áratugum og var stofninn talinn 2.400 pör á árunum 2005–2009 (Ævar Petersen o.fl. 2014). Vetrarvísitölur sýna mikla fjölgun frá því fyrir 1960 og fram til 1990 en síðan samfellda fækkun fram á síðustu ár. Hafa verður í huga að þar eiga líka í hlut fuglar frá Grænlandi og öðrum norðlægari varpstöðum en íslenskir hvítmáfar virðast vera staðfuglar að mestu leyti.

Breiðafjörður hafði um langt skeið alþjóðlega þýðingu fyrir hvítmáfa hér á landi, þ.e. áður en stofninn hrundi upp úr 1995. Laust fyrir 1990 urpu á þessu svæði 4.500–5.000 pör (Ævar Petersen 1989), langflest að vísu í fjöllum umhverfis fjörðinn, þ.e. utan núverandi verndarsvæðis. Um 76% stofnsins verpa innan mikilvægra fuglasvæða (21. tafla).

**Viðmið** – *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** N-Atlantshaf = 1.760 pör/pairs (Ævar Petersen o.fl. 2015)

**B1 i:** A4 i

21. tafla. Hvítmáfsvörp á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi (byggt á Ævar Petersen o.fl. 2014). – *Colonies of Larus hyperboreus in important bird areas in Iceland (from Ævar Petersen et al. 2014).*

Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (pör) <i>Number (pairs)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Snæfellsnes	SF-V 7	B	40	2005–2008	1,7	B2
Breiðafjörður**		B	1.320	2005–2011	55,0	A4ii, A4iii, B1ii, B2
Sandsfjöll	SF-V 12	B	50	1990	2,1	A4ii, B1ii, B2
Tálkni	SF-V 16	B	39	2009	1,6	B2
Barði	SF-V 21	B	40	2009	1,7	A4ii, A4iii, B1ii, B2
Hrafnaskálarnúpur	SF-V 22	B	58	2009	2,4	B2
Göltur–Öskubakur	SF-V 24	B	31	2009	1,3	A4ii, B1ii, B2
Stigahlíð– Deild	SF-V 25	B	139	2009	5,8	B2
Vébjarnarnúpur	SF-V 29	B	40	2009	1,7	A4ii, B1ii, B2
Önnur mikilv. svæði – <i>Other important areas</i>		B	80		3,3	
Alls – <i>Total</i>			1.837		76,5	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

\*\* Verndarsvæði Breiðafjarðar ásamt nærliggjandi fjöllum. – *Breiðafjörður Nature Reserve and cliffs and mountains adjacent to it.*

**English summary:** *The Larus hyperboreus population in Iceland has declined rapidly during the last two decades and is estimated 2,400 pairs c. 2007. No areas in Iceland currently meet IBA criteria for this species, but 76% of the birds breed in IBAs designated for other species.*



15. mynd. Hvítmáfur (*Larus hyperboreus*). Ljós. Erling Ólafsson.

**Svartbakur *Larus marinus***

Svartbakur verpur beggja vegna Atlantshafs. Hér verpur hann með ströndum allt í kringum land og sums staðar meðfram ám og vötnum inn til landsins, jafnvel á hálendinu. Helstu varpsvæðin eru við sunnanverðan Breiðafjörð og á Mýrum. Íslenski stofninn var metinn um 50.000 pör (Agnar Ingólfsson 1982) en síðar metinn um 15.000–20.000 pör (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Fyrri talan er sennilega töluvert ofmat miðað við það sem vitað er um meginvarpsvæðið við Breiðafjörð (12–18 þúsund pör metin 1973; Arnþór Garðarsson 1973). Stofninn var árið 2016 gróflega áætlaður 6.000–8.000 pör (24. kort).

Svartbak hefur fækkað áberandi mikið á síðustu áratugum og mörg vörp hafa dregist saman eða gersamlega horfið. Vetrarvísitölur sýna samfellda

fækkun síðan 1960 og hefur hún verið um 90% á Suðvesturlandi (Guðmundur A. Guðmundsson o.fl. 2010, Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). Svartbakur er að mestu staðfugl en eitthvað af fuglum á fyrsta ári flækist til nágrennalandanna.

Öruggt má telja að Breiðafjörður sé eina varpsvæði svartbaks hér á landi sem telst alþjóðlega mikilvægt. Þar gæti helmingur fuglanna orpið, og gróflega áætlað verpa a.m.k. 63% stofnsins innan mikilvægra fuglasvæða (22. tafla).

**Viðmið** – IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** N- og V-Evrópa = 1.150 pör/pairs  
(Wetlands International 2016, uppfært/updated)

**B1 i:** A4 i

22. tafla. Svartbaksvörp á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi. – *Colonies of Larus marinus in important bird areas in Iceland.*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Borgarfjörður–Löngufjörur <sup>1</sup>	SF-V 6	B	500	2016	7,1	
Breiðafjörður <sup>1</sup>	SF-V 8	B	3.500	2016	49,6	A4i, B1i
Stigahlið–Deild <sup>2</sup>	SF-V 25	B	100	2014	1,4	
Hvannadalabjörg <sup>2</sup>	SF-N 5	B	100	2014	1,4	
Óxarfjörður <sup>3</sup>	VOT-N 12	B	230	2009	3,3	
Alls – Total			4.430		62,8	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.

<sup>1</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, gróft mat. – Icelandic Institute of Natural History, rough estimate.

<sup>2</sup> Arnþór Garðarsson, gróft mat. – Arnþór Garðarsson, rough estimate.

<sup>3</sup> Þorkell Lindberg Þórarinnsson o.fl. 2013.



24. kort. Dreifing og áætluð stærð svartbaksvarps eftir landshlutum, alls 6.100–8.000 pör. Stór vörp sem vitað er um eru sýnd með rauðum hringjum (tekið saman af Náttúrufræðistofnun Íslands). – *Regional distribution and estimated population size of breeding Larus marinus in Iceland, a total of 6.100–8.000 pairs. Large colonies are depicted with red dots (compiled by IINH).*

**English summary:** *Larus marinus* used to be the most common gull in Iceland, but the population has declined dramatically in the past decades and is now roughly estimated 6,000–8,000 pairs. One area is designated IBA for this species and 63% of the birds may breed in IBAs.

**Kría *Sterna paradisaea***

Krían verpur allt í kringum norðurhvel jarðar og er algengur varpfugl hér á landi. Gískað var á að hér yrpu 250.000–500.000 pör kringum 1990 (Umhverfissráðuneytið 1992). Það mat hefur að öllum líkindum verið alltof hátt og er hér fært niður í 150.000–250.000 pör. Stærstu vörpin hafa verið á annesjum, einkum vestanlands og norðan og sum þeirra hafa talið yfir 10 þúsund pör (25. kort). Krían er alger farfugl og dvelst í S-Atlantshafi á vetrum (Egevang o.fl. 2010).

Kríuvarp hefur að mestu brugðist vegna sandsíla-skorts sunnanlands frá 2004 og því eru ekki nægjan-

legar upplýsingar til að meta með vissu hvaða kríuvörp hér á landi eru alþjóðlega mikilvæg, auk þess sem marktækar talningar eru tiltölulega fáar. Auk stóra varpsins í Hrísey má teljast afar líklegt að a.m.k. fimm svæði hafi náð alþjóðlegum mörkum á síðustu árum (23. tafla). Gróflega áætlað gæti um þriðjungur stofnsins orpið á þessum svæðum en óvissa er mikil.

**Viðmið** – IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa = 5.600 pör/pairs (Wetlands International 2016)


**B1 i:** A4 i

23. tafla. Gróft mat á stórum kríuvörpum á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands). – *A rough estimate of large *Sterna paradisaea* colonies in important bird areas in Iceland (from IINH).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stófnu (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Borgarfjörður–Löngufjörur	SF-V 6	B	5.000	2016	2,5	
Snæfellsnes	SF-V 7	B	12.500	2016	6,3	A4i, A4iii, B1i
Breiðafjörður	SF-V 8	B	15.000	2016	7,5	A4i, A4iii, B1i
Hrísey <sup>1</sup>	SF-N 7	B	9.800	2014	4,9	A4i, A4iii, B1i
Melrakkasléttu	SF-N 12	B	10.000	2016	5,0	A4i, A4iii, B1i
Önnur mikilv. svæði – Other important areas		B	15.000		7,5	
Alls – Total			67.300		33,7	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.

<sup>1</sup> Þorsteinn Þorsteinsson og Sverrir Thorstensen 2014.



25. kort. Stór kríuvörp á Íslandi, nú og fyrrum (Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Historically large *Sterna paradisaea* colonies in Iceland (compiled by IINH in 2016).*

**English summary:** *Sterna paradisaea* is very common in Iceland. The population is poorly known and roughly estimated 150,000–250,000 pairs before the crash of the sandeel *Ammodytes* spp. stocks in 2004. Four areas are designated IBAs for this species and 34% of the birds may breed in such areas.

## Vatnafuglar – Waterbirds

### Álft og gæsir

#### Álft *Cygnus cygnus*

Álftin verpur í N-Evrópu og í Asíu til Kyrrahafs og er hér algengur varpfugl víða um land, bæði á láglandi og vel grónum svæðum með tjörnum og vötnum á hálendi. Stofninn hefur vaxið stöðugt í a.m.k. 30 ár og telur nú 34 þúsund fugla (Hall o.fl. 2016). Álftin er að mestu farfugl og fer aðallega til Bretlandseyja, en innan við 5% stofnsins dvelja hér á vetrum, bæði við ströndina á SV- og Vesturlandi og á lindasvæðum á Suður- og NA-landi (Náttúrufræðistofnun, vetrarfuglatalningar).

Varpfuglar sem koma upp ungum eru lítil hluti álfstafnsins og ávallt innan við fimmtungur vetrarstofns (Wildfowl and Wetlands Trust). Því er erfitt er að meta raunverulegan varpstofn (óðalsfugla), þar sem stór hluti fuglanna (jafnvel helmingur) verpur ekki á hverju ári og varpárangur er misjafn eftir árferði (Arnþór Garðarsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1984, Rees o.fl. 1991, Tómas G. Gunnarsson 2003, Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). Í janúar 2015 voru t.d. ríflega 3.100 fjölskyldur með unga í íslenska álfstafninum (Hall o.fl. 2016) og hafa óðalspörin verið um 6.200 sumarið 2014, þ.e. ef helmingur þeirra hefur komið upp ungum það árið.

Ferns konar mikilvæg svæði koma til álita fyrir álft, þ.e. varpsvæði, vetrarstöðvar (26. kort), viðkomustaðir (27. og 28. kort) og fjaðrafellistöðvar (29. kort), og skarast þau mörg hver.

Nokkur vandkvæði eru að meta alþjóðlega þýðingu einstakra varpsvæða hér á landi fyrir álftir, bæði

vegna þess að hlutfall varppara (óðalspara) er ekki þekkt í stofninum (sjá að framan) og nákvæmar talningar á fuglum á einstökum varpsvæðum liggja yfirleitt ekki fyrir. Loks hefur álfum fjölgað mikið og því þyrfti að telja álftir mun oftar á einstökum varpstöðvum en gert hefur verið hingað til. Hér er gert ráð fyrir að  $\frac{2}{3}$  stofnsins séu varpfuglar (óðalsfuglar), sbr. vinnureglu Wetlands International (2016), þó væntanlega sé það ofmat. Samkvæmt því eru átta svæði hér á landi sem flokkast sem alþjóðlega mikilvæg fyrir álft og gæti um fjórðungur stofnsins orpið þar (24. tafla).

Líklegt er að vetrarstöðvar álftar á Suðurlandsundirlendi í heild og jafnvel á einstökum svæðum þar (t.d. í Þykkvabæ) flokkist sem alþjóðlega mikilvægar, a.m.k. sum árin.

Fjölmargir viðkomustaðir eru alþjóðlega mikilvægir fyrir álft og stundum hefur þriðjungur stofnsins verið á einum stað á vorin, þ.e. í Lóni, og álíka hlutfall á Suðurlandsundirlendi á haustin (25. tafla).

Samtals 11 fjaðrafellisvæði eru alþjóðlega mikilvæg fyrir álft og sumarið 2005 felldu yfir 13 þúsund álftir fjaðrir á mikilvægum fuglasvæðum (26. tafla), þ.e. meira en helmingur alls stofnsins á þeim tíma.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa = 1.300 fuglar/birds; 460 pör/pairs (Wetlands International 2016, uppfært/updated)

**B1 i:** Ísland/Bretlandseyjar = 340 fuglar/birds; 133 pör/pairs (Wetlands International 2016, uppfært/updated)

**English summary:** *The mid-winter population of the Icelandic breeding *Cygnus cygnus* is 34,000 birds of which <20% are successful breeders. The number of breeding pairs, however, is unknown. Eleven IBAs are designated as breeding sites and 25% of the total population breed within IBAs; four staging sites areas are designated IBAs. Furthermore, 11 moulting sites are designated IBAs, holding 52% of the total population.*



24. tafla. Álfavarp á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Breeding Cygnus cygnus in important bird areas in Iceland (from IINH, unpublished data).*

Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (pör) <i>Number (pairs)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)**</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Laxárdalsheiði	VOT-V 3	B	192	2012	1,8	B1i
Arnarvatnsheiði	VOT-N 1	B	639	2012	6,1	A4i, B1i
Viðidalstunguheiði	VOT-N 2	B	157	2012	1,5	B1i
Skagi	VOT-N 5	B	126	2012	1,2	B1i
Jökuldalsheiði	VOT-A 2	B	206	1981	5,2	B1i
Hornafjörður–Kolgríma <sup>1</sup>	VOT-A 4	B	150	2012	1,4	B1i
Landbrot–Meðalland <sup>2</sup>	VOT-S 1	B	120	2012	1,1	B1i
Suðurlandsundirlendi <sup>2</sup>	VOT-S 3	B	400	2016	3,5	B1i
Önnur mikilv. svæði – <i>Other important areas</i>		B	350	2016	3,1	
Alls – <i>Total</i>					(24,9)	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

\*\* Miðað við stofnstærð á hverjum tíma (byggt á Wetlands International 2016). – *Based on population size in a given year (from Wetlands International 2016).*

<sup>1</sup> Einar Ó. Þorleifsson, gróft mat. – *Einar Ó. Þorleifsson, rough estimate.*

<sup>2</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, gróft mat. – *IINH, rough estimate.*

25. tafla. Fjöldi álfra á nokkrum hefðbundnum viðkomusvæðum. – *Number of Cygnus cygnus in several traditional staging areas in Iceland.*

Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (fuglar) <i>Number (birds)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)**</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Ferjubakkafloi–Hólmavaði <sup>1</sup>	VOT-V 1	P	851	1982	7,7	B1i
Hópið–Vatnsdalur <sup>1</sup>	VOT-N 3	P	1.464	1982	13,3	A4i, B1i
Lönsfjörður <sup>2</sup>	FG-A 5	P	9.000***	2000–2016	34,6	A4i, B1i
Hornafjörður–Kolgríma <sup>1</sup>	VOT-A 4	P	603	1982	5,5	B1i
Suðurlandsundirlendi <sup>3</sup>	VOT-S 3	P	11.052	2013	35,7	A4i, B1i

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*


\*\* Miðað við stofnstærð á hverjum tíma (byggt á Wetlands International 2016). – *Based on population size in a given year (from Wetlands International 2016).*

\*\*\* Hámarksfjöldi. – *Max. number.*

<sup>1</sup> Arnþór Garðarsson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1984.

<sup>2</sup> Fuglaathugunarstöð Suðausturlands, óbirt gögn. – *South East Iceland Birds Observatory, unpublished data.*

<sup>3</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn. – *IINH, unpublished data.*



26. kort. Meðaltal álfra á 10 km strandlengju eða á hverju svæði inn til landsins í vetrarfuglatalningum 1952–2014. – *Winter distribution of Cygnus cygnus in mid-winter counts 1952–2014. Numbers indicate mean number of birds per 10 km coastline or at each inland site (IINH mid-winter counts).*

26. tafla. Mikilvægir fjaðrafellistaðir fyrir álftrir. – *Moultin sites that are important for Cygnus cygnus in Iceland.*

Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (fuglar) <i>Number (birds)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Borgarfjörður–Lóngufjörur	FG-V 10	N	1.133	2005	4,4	B1i
Breiðafjörður	FG-V 11	N	3.201	2005	12,3	A4i, B1i
Arnarvatnsheiði	VOT-N 1	N	1.236	2005	4,8	B1i
Víðidalstunguheiði	VOT-N 2	N	557	2005	2,1	B1i
Hópið–Vatnsdalur	VOT-N 3	N	695	2005	2,7	B1i
Láglandi Skagafjarðar <sup>1</sup>	VOT-N 6	N	393	2005	1,5	B1i
Mývatn–Laxá <sup>2</sup>	VOT-N 11	N	350	2005	1,3	B1i
Jökuldalsheiði <sup>3</sup>	VOT-A 2	N	297	2005	1,1	B1i
Álfafjörður <sup>4</sup>	FG-A 3	N	1.063	2005	4,1	B1i
Lönsfjörður <sup>4</sup>	FG-A 5	N	4.146	2005	15,9	A4i, B1i
Stokkseyri–Eyrarbakki <sup>5</sup>	FG-S 1	N	300	2005	1,2	B1i
Önnur mikilv. svæði – <i>Other important areas</i>		N	258	2005	1,0	
Alls – <i>Total</i>			13.629		52,4	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*


<sup>1</sup> Ólafur Einarsson, óbirt heimild. – *Ólafur Einarsson, unpublished.*

<sup>2</sup> Náttúrustofa Norðausturlands, óbirt gögn. – *Northeast Iceland Nature Research Centre, unpublished data.*

<sup>3</sup> Arnþór Garðarsson, Halldór Walter Stefánsson og Ólafur Einarsson, óbirt heimild. – *Arnþór Garðarsson, Halldór Walter Stefánsson and Ólafur Einarsson, unpublished.*


<sup>4</sup> Arnþór Garðarsson, óbirt heimild. – *Arnþór Garðarsson, unpublished.*

<sup>5</sup> Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson, óbirt heimild. – *Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson, unpublished.*




27. kort. Fjöldi og dreifing álftra á láglandi um 20. apríl 2012. Álftrir voru ekki taldar í Skagafirði. Alls sáust 18.738 fuglar (byggt á Halldór Walter Stefánsson 2016). – *Number and distribution of Cygnus cygnus in the lowlands of Iceland c. 20 April 2012. The survey did not record swans in Skagafjörður in N-Iceland. A total of 18,738 birds were observed (from Halldór Walter Stefánsson 2016).*





28. kort. Fjöldi og dreifing álfta á sunnanverðu landinu (Álftafjörður vestur um í Hvammsfjörð) í október 2013. Alls sáu 19.120 fuglar (byggt á yfirlitsflugi Náttúrufræðistofnunar Íslands og talningu Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands (Suðursveit–Álftafjörður), óbirt gögn). – *Number and distribution of Cygnus cygnus seen in aerial survey in the lowlands of South and West Iceland in mid-October 2013. A total of 19,120 birds were observed (from IINH, unpublished data).*



29. kort. Álftir í fjaðrafelli sumarið 2005. Alls sáu 15.327 fuglar (byggt á Arnþór Garðarsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson, óbirt heimild, 26. tafla). – *Moultling sites of Cygnus cygnus in Iceland in summer 2005. A total of 15,327 birds were observed (from Arnþór Garðarsson and Kristinn Haukur Skarphéðinsson, unpublished, Table 26).*



**Heiðagæs *Anser brachyrhynchus***

Heiðagæsin verpur aðeins á Svalbarða, Grænlandi og Íslandi. Sameiginlegur stofn síðasttöldu landanna hefur tuttugufaldast frá 1950 og taldi ríflega 500 þúsund fugla haustið 2015 og var það mun meira en árið áður (Mitchell 2016). Mikill meirihluti þessara fugla verpur hér á landi og er Ísland því helsta varpland heiðagæsar í heiminum en flestir geldfuglarnir fella fjaðrir á Grænlandi. Heiðagæsir verpa langmest á hálendinu en sums staðar er þó töluvert varp á láglandi, t.d. í Skagafirði og niður með stóránnum á Norðausturlandi. Þjórsárver voru löngum langstærsta varpið en nú er það í Guðlaugstungum norðvestan Hofsjökuls, um 22 þúsund pör 2010 (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2014b). Er það jafnframt langstærsta heiðagæsavarp í heiminum. Heiðagæs er alger farfugl og hefur aðallega vetursetu í Skotlandi en einnig í vaxandi mæli í Englandi.

Þrenns konar mikilvæg svæði koma til álita fyrir heiðagæsir, þ.e. varpsvæði, viðkomustaðir (30. kort) og fjaðrafellistöðvar, og skarast þau sum hver.

Sömu vandkvæði eru við að meta þýðingu einstakra varpsvæða fyrir heiðagæsir og eiga við um álf (sjá umfjöllun um álf, bls. 53–56), þ.e. að hlutfall varp-

para er óþekkt og stofninn hefur vaxið mikið. Að minnsta kosti sex varpsvæði hér eru flokkuð sem alþjóðlega mikilvæg fyrir heiðagæs og þar verpa yfir 30% stofnsins en væntanlega er það hlutfall miklu hærra, sbr. umfjöllun hér að framan (27. tafla).

Fjölmörg svæði hér hafa án efa alþjóðlega þýðingu fyrir heiðagæsir á fartíma en tölulegar upplýsingar vantar til að skera úr um það með vissu (sjá þó 28. töflu).

Aðeins einn fjaðrafellistaður heiðagæsa er alþjóðlega mikilvægur hér á landi (Eyjabakkar). Þar hafa 1.100–13.100 fuglar fellt flugfjaðrir síðan 1979, voru þeir flestir sumarið 1991 og samsvöruðu þá um 6% stofnsins. Á árunum 2004–2015 voru fuglarnir að jafnaði 3.000–4.000 og um 1% stofnsins á þeim tíma, en fjölgaði í 9.000 fugla sumarið 2016 (Halldór Walter Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson 2017).

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** heimsstofn/global = 6.300 fuglar/*birds*; 2.100 pör/*pairs* (Wetlands International 2016, uppfært/*updated*)

**B1 i:** Ísland/Grænland/Bretlandseyjar = 5.369 fuglar/*birds*; 1.790 pör/*pairs* (Wetlands Int. 2016, uppfært/*updated*)

27. tafla. Heiðagæsavarp á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi. – *Breeding Anser brachyrhynchus in important bird areas in Iceland.*

Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (pör) <i>Number (pairs)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Guðlaugstungur <sup>1</sup>	VOT-N 4	B	23.168	2010	18,6	A4i, A4iii, B1i
Skjálífundafjót og Aldeyjarfoss <sup>2</sup>	VOT-N 14	B	4.724	2002	5,7	A4i, B1i
Vatnajökulsþjóðgarður <sup>3,4</sup>	VOT-N 15	B	2.000	2010	1,6	B1i
Möðrudalur–Arnardalur	VOT-A 1	B	2.240	2001	2,7	A4i, B1i
Jökuldalsheiði <sup>4</sup>	VOT-A 2	B	1.500	2010	1,2	B1i
Þjórsárver <sup>1</sup>	VOT-S 4	B	1.539	2010	1,2	B1i
Alls – <i>Total</i>					(31)	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

<sup>1</sup> Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2014b.

<sup>2</sup> Sigurður H. Magnússon o.fl. 2002.

<sup>3</sup> Halldór Walter Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson 2011.

<sup>4</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, gróft mat. – *IINH, rough estimate.*


**English summary:** *The mid-autumn population of the Iceland-Greenland Anser brachyrhynchus population is >500,000 birds and most of them breed in Iceland. The number of breeding pairs, however, is unknown. Six IBAs are designated as breeding sites and approx. 31% of the total population breed within IBAs. Tentatively, two staging sites areas are designated IBAs, with at least 17% of the population.*



28. tafla. Fjöldi heiðagæsa á tveimur viðkomusvæðum (byggt á Halldór Walter Stefánsson 2016). – *Number of Anser brachyrhynchus in two traditional staging areas in Iceland (from Halldór Walter Stefánsson 2016).*

Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (fuglar) <i>Number (birds)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Hornafjörður–Kolgríma	VOT-A 4	P	36.000	2012	10,0	A4i, A4iii, B1i
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	P	25.000	2012	7,0	A4i, A4iii, B1i

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*



30. kort. Fjöldi og dreifing heiðagæsa á láglandi um 20. apríl 2012. Alls sáust 169.517 fuglar (byggt á Halldór Walter Stefánsson 2016). – *Number and distribution of Anser brachyrhynchus in the lowlands of Iceland c. 20 April 2012. A total of 169,517 birds were observed (from Halldór Walter Stefánsson 2016).*



16. mynd. Heiðagæs (*Anser brachyrhynchus*). Ljós. Erling Ólafsson.

**Blesgæs *Anser albifrons flavirostris***

Blesgæs verpur víða á norðlægum slóðum og skiptist í nokkra vel aðgreinda stofna. Fuglar sem verpa á V-Grænlandi eru sérstök deilitegund (*Anser albifrons flavirostris*) og hafa þeir viðdvöl á suðvestanverðu landinu vor (31. kort) og haust (32. kort). Vetrarstöðvar þessara fugla eru á Bretlandseyjum og þá aðallega á Írlandi og í Skotlandi. Grænlenku blesgæsunum fjölgaði samfelld eftir friðun á helstu vetrarstöðvum árið 1982 og fram undir 2000, en hefur fækkað úr 35.600 fuglum í tæplega 19 þúsund fugla 2016. Ástæðan er talin langvarandi viðkomubrestur sem er aðallega talinn stafa af óhagstæðu tíðarfari á varpstöðvunum (Fox o.fl. 2016). Blesgæsinn var friðuð hér árið 2006 og dró þá nokkuð úr

fækkun fuglana, en hún hélt síðan áfram til 2015 en stöðvaðist í bili.

Helstu viðkomustaðir blesgæsa hér á landi eru alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði. Þar dveljast a.m.k. 60% stofnsins samtímis (29. tafla) og væntanlega fer allur stofninn um þessi svæði.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** 19.600 fuglar/*birds* (Wetlands International 2016)

**B1 i:** V-Grænland/Ísland/Bretlandseyjar (*flavirostris*) = 190 fuglar/*birds* (Wetlands International 2016, uppfært/*updated*)

29. tafla. Fjöldi blesgæsa á alþjóðlega mikilvægum viðkomusvæðum á Íslandi (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Number of Anser flavirostris in important staging areas in Iceland (from IINH, unpublished data).*


Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (fuglar) <i>Number (birds)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af farl. stofni (%) <i>Percentage of flyw. popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Andakill	FG-V 9	P	3.500	2012	15,9	B1i
Ferjubakkaflói–Hólmavað	VOT-V 1	P	500	2013	2,3	B1i
Borgarfjörður–Löngufjörur	FG-V 10	P	3.100	2012	14,1	B1i
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	P	6.158	2012	28,0	B1i
Alls – <i>Total</i>			13.258		60,3	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*


**English summary:** *Anser albifrons flavirostris* is a passage migrant in Iceland. The population has declined considerably since the late 1990s and is estimated 19,000 bird in early spring. Four areas are designated IBAs and are used by at least 60% of the birds.



17. mynd. Blesgæs (*Anser albifrons flavirostris*). Ljós. Erling Ólafsson.



31. kort. Fjöldi og dreifing blesgæsa á láglendi um 20. apríl 2012. Alls sáust 9.756 fuglar (byggt á Halldór Walter Stefánsson 2016). – Number and distribution of *Anser albifrons flavirostris* in the lowlands of Iceland c. 20 April 2012. A total of 9,756 birds were observed (from Halldór Walter Stefánsson 2016).



32. kort. Fjöldi og dreifing blesgæsa á S- og V-landi 13.–15. október 2013. Alls sáust 11.091 fuglar (byggt á yfirlitsflugi Náttúrufræðistofnunar Íslands). – Number and distribution of *Anser albifrons flavirostris* seen in aerial survey in the lowlands of S- and W-Iceland 13–15 October 2013. A total of 11,091 birds were observed (from IINH, unpublished data).



**Grágæs Anser anser**

Grágæs verpur í Evrópu og Asíu austur til Kína og er hér algengur og útbreiddur varpfugl á láglandi. Hún er hlutfallslega algengust í hrísmýrum og öðru mýrlendi og á grónum áreyrum við stórfjót á NA- og Austurlandi (Tómas G. Gunnarsson o.fl. 2008) og í Breiðafjarðareyjum (Þorvaldur Björnsson, pers. uppl.). Er farfugl að mestu og heldur til á Bretlandseyjum á vetrum. Stofninn hefur verið vaktður þar síðan um 1960 og einnig hérlendis síðan 2004 eftir að utanferðir fuglanna drógust fram á haustið. Grágæsum fjölgaði hratt fram undir 1990, fækkaði þá nokkuð, fjölgaði síðan í fyrra horf. Stofnstærð hefur litið breyst frá 2000 og verið um eða innan við 100 þúsund fuglar samkvæmt talningum um miðjan nóvember ár hvert (Mitchell 2016).

Ferns konar mikilvæg svæði koma til álita fyrir grágæs, þ.e. varpsvæði, vetrarstöðvar, viðkomustaðir (33. og 34. kort) og fjaðrafellistöðvar (35. kort), og skarast þau mörg hver.

Hliðstæð vandkvæði eru að meta þýðingu einstakra varpsvæða fyrir grágæsir og eiga við um álf (bls. 53–56) og heiðagæs (bls. 57–58) því hlutfall varppara er óþekkt. Hér er gert ráð fyrir að  $2/3$  stofnsins séu varpfuglar, sbr. vinnureglu Wetlands International (2016). Aðeins eru tölulegar upplýsingar sem nægja til að flokka tvö mikilvæg varpsvæði grágæsar (30. tafla). Væntanlega má hér bæta við Skagafirði og Suðurlandsundirlendi.

Grágæsir hafa til skamms tíma verið algerir farfuglar en staðbundinn stofn byggðist upp á Innnesjum eftir 1960, afkomendur gæsa á Tjörninni í Reykjavík. Nokkur þúsund fuglar hafa haldið til vetrarlangt á kornökum í Melasveit og á Suðurlandi á undanförunum árum og voru þeir flestir í janúar 2017 eða um 11 þúsund (Náttúrufræðistofnun vetrarfuglatalningar, Tómas G. Gunnarsson, óbirt heimild).

Grágæs dreifist mjög víða um ræktarland á vorin og virðast varpfuglar dreifast fljótlega í varplöndin (Halldór Walter Stefánsson 2016). Síðsumars og á haustin safnast hún hins vegar á færri staði og er þá oft í mjög stórum hópum (allt að 8.000 fuglar, Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). Yfir 40% stofnsins hafa t.d. viðdvöl á Suðurlandsundirlendi í október (31. tafla).

Margir fjaðrafellistaðir hafa verið alþjóðlega mikilvægir fyrir grágæs (35. kort) og hafa um 30% stofnsins fellt þar fjaðrir frá aldamótum (32. tafla).

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa = 13.000 fuglar/*birds*; 4.333 pör/*pairs* (Wetlands International 2016, uppfært/*updated*)

**B1 i:** Ísland/Bretlandseyjar = 1.000 fuglar/*birds*; 333 pör/*pairs* (Wetlands International 2016, uppfært/*updated*)

30. tafla. Grágæsavarp á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi. – *Breeding Anser anser in important bird areas in Iceland.*

Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (pör) <i>Number (pairs)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Breiðafjörður <sup>1</sup>	FG-V 11	B	1.700	1997	6,4	B1i
Úthérað <sup>2</sup>	VOT-A 3	B	1.600	2000	6	B1i
Alls – <i>Total</i>			(3.300)		(12,4)	


\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

<sup>1</sup> Ólafur Einarsson 2000.


<sup>2</sup> Guðmundur A. Guðmundsson o.fl. 2001.

**English summary:** *The late-autumn population of the Icelandic Anser anser population is approx. 100,000. The number of breeding pairs is unknown and regional distribution of breeding pairs and moulting birds is only known for a few areas. Two breeding areas are tentatively designated IBAs and 8 moulting sites.*





33. kort. Fjöldi og dreifing grágæsa á láglandi um 20. apríl 2012. Alls sáust 47.514 fuglar (byggt á Halldór Walter Stefánsson 2016). – Number and distribution of *Anser anser* in the lowlands of Iceland c. 20 April 2012. A total of 47,514 birds were observed (from Halldór Walter Stefánsson 2016).



34. kort. Fjöldi og dreifing grágæsa á S- og V-landi 13.–15. október 2013. Alls sáust 43.169 fuglar (byggt á yfirlitsflugi Náttúrufræðistofnunar Íslands). – Number and distribution of *Anser anser* seen in aerial survey in the lowlands of S- and W-Iceland 13–15 October 2013. A total of 43,169 birds were observed (from IINH, unpublished data).

31. tafla. Fjöldi grágæsa á tveimur alþjóðlega mikilvægum viðkomusvæðum. – *Number of Anser anser in two important staging areas in Iceland.*

Svæði	Svæðisnúmer	Árstími	Fjöldi (fuglar)	Ár	Hlutfall af íslenskum stofni (%)	Alþjóðlegt mikilvægi
Area	Area code	Season	Number (birds)	Year	Percentage of Icelandic popul. (%)	International importance*
Úthérað <sup>1</sup>	VOT-A 3	P	7.517	2012	7,5	B1i
Suðurlandsundirlendi <sup>2</sup>	VOT-S 3	P	40.234	2013	40,2	A4i, A4iii, B1i

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

<sup>1</sup> Halldór Walter Stefánsson 2016.

<sup>2</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn. – *IINH, unpublished data.*

32. tafla. Mikilvægir fjaðrafellistaðir fyrir grágæsir. – *Moulting sites that are important for Anser anser in Iceland.*

Svæði	Svæðisnúmer	Árstími	Fjöldi (fuglar)	Ár	Hlutfall af íslenskum stofni (%)	Alþjóðlegt mikilvægi
Area	Area code	Season	Number (birds)	Year	Percentage of Icelandic popul. (%)**	International importance*
Álftanes–Skerjafjörður <sup>1</sup>	FG-V 2	N	1.200	2014	1,3	B1i
Breiðafjörður <sup>2</sup>	FG-V 11	N	2.500	1997	3,1	B1i
Láglandi Skagafjarðar <sup>3</sup>	VOT-N 6	N	5.000	2002	6,2	B1i
Miklavatn í Fljótum <sup>4</sup>	VOT-N 7	N	1.108	2011	1,0	B1i
Sandur, Sílalækur <sup>5</sup>	VOT-N 8	N	3.000	2000	3,7	B1i
Öxarfjörður <sup>4</sup>	VOT-N 12	N	3.000	2015	3,3	B1i
Melrakkaslétta <sup>4</sup>	FG-N 4	N	4.029	2011	3,7	B1i
Úthérað <sup>6</sup>	VOT-A 3	N	7.700	2005	8,6	B1i
Breiðamerkursandur <sup>7</sup>	VOT-A 5	N	3.000	1970	5,0	B1i

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

\*\* Miðað við stofnstærð á hverjum tíma (byggt á Wetlands International 2016). – *Based on population size in a given year (from Wetlands International 2016).*

<sup>1</sup> Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson 2015.

<sup>2</sup> Ólafur Einarsson 2000.

<sup>3</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn. – *IINH, unpublished data.*

<sup>4</sup> Náttúrustofa Norðausturlands, óbirt gögn. – *Northeast Iceland Nature Research Centre, unpublished data.*

<sup>5</sup> Einar Ó. Þorleifsson, óbirt heimild. – *Einar Ó. Þorleifsson, unpublished.*

<sup>6</sup> Halldór Walter Stefánsson 2014b.

<sup>7</sup> Hálfán Björnsson 1976.



35. kort. Þekktir fjaðrafellistaðir grágæsa frá 1960–2016 (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Known moulting sites of Anser anser in Iceland from 1960–2016 (from IINH, unpublished data).*



### Helsingi *Branta leucopsis*

Helsingjar urpu upphaflega á A-Grænlandi, Svalbarða og nyrst í Rússlandi en verpa nú víða í Norður-Evrópu. Grænlandsku fuglarnir fara um Ísland vor og haust á leið sinni til og frá vetrarstöðvum á Bretlandseyjum, aðallega í Skotlandi. Þeir halda einkum til í Skagafirði og Húnavatnssýslum á vorin en í Skaftafellssýslum á haustin. Þessi stofn hefur vaxið mjög, eins og aðrir helsingjastofnar í Evrópu, og telur nú um 81 þúsund fugla (Mitchell og Hall 2013). Helsingjar hafa orpið hér meira og minna samfelld frá 1964, fyrst nokkur pör í Breiðafirði, en einnig í A-Skaftafellssýslu frá því laust fyrir 1990 og í vestursýslunni frá 1999, en þar voru um 80 pör 2009 (Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Svenja N.V. Auhage 2012). Fuglum hefur fjölgað hratt á báðum þessum svæðum og fundust

um 500 varppör í austursýslunni árið 2014 (Jóhann Helgi Stefánsson o.fl. 2015). Smærri vörp eru auk þess hér og hvar á landinu.

Varpstöðvar helsingja á Breiðamerkursandi teljast alþjóðlega mikilvægar (33. tafla). Mörg viðkomu-svæði uppfylla auk þess þessi tölulegu viðmið (36. kort, 34. tafla), og eru fjögur þeirra sérstaklega tilgreind.

**Viðmið:** IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)


**A4 i:** Evrópa = 11.900 fuglar/birds; 3.730 pör/pairs (Wetlands International 2016)

**B1 i:** Ísland/Bretlandseyjar = 810 fuglar/birds; 270 pör/pairs (Wetlands International 2016)

33. tafla. Helsingjavarp á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi (byggt á Jóhann Helgi Stefánsson o.fl. 2015). – *Breeding Branta leucopsis in important bird areas in Iceland (from Jóhann Helgi Stefánsson et al. 2015).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af farl. stofni (%) Percentage of flyw. popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Breiðamerkursandur	VOT-A 5	B	364	2014	52,1	B1i
Hornafjörður–Kolgríma	VOT-A 4	B	143	2014	20,4	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*



36. kort. Fjöldi og dreifing helsingja á láglendi um 20. apríl 2012. Helsingjar voru ekki skráðir í hluta Skagafjarðar. Alls sáust 43.948 fuglar (byggt á Halldór Walter Stefánsson 2016). – *Number and distribution of Branta leucopsis in the lowlands of Iceland c. 20 April 2012. The survey did not record this species in a part of Skagafjörður in N-Iceland. A total of 43,948 birds were observed (from Halldór Walter Stefánsson 2016).*

34. tafla. Fjöldi helsingja á nokkrum hefðbundnum viðkomusvæðum (aðallega byggt á Percival and Percival 1997). – *Number of Branta leucopsis in several traditional staging areas in Iceland (mostly from Percival and Percival 1997).*

Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (fuglar) <i>Number (birds)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af farl. stofni (%) <i>Percentage of flyw. popul. (%)**</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Hópið–Vatnsdalur	VOT-N 3	P	8.508	1994	22,2	B1i
Skagi	VOT-N 5	P	4.259	1994	11,1	B1i
Láglandi Skagafjarðar	VOT-N 6	P	6.949	1994	18,1	B1i
Hornafjörður–Kolgríma <sup>1</sup>	VOT-A 4	P	10.000	2013	12,3	B1i

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

\*\* Miðað við stofnstærð á hverjum tíma (byggt á Wetlands International 2016). – *Based on population size in a given year (from Wetlands International 2016).*

<sup>1</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, gróft mat. – *IINH, rough estimate.*

**English summary:** *The NE-Greenland Branta leucopsis is mainly a passage migrant in Iceland, totalling 81,000 birds. It has bred regularly in Iceland since the late 1980s, mainly in the Southeast with 600+ pairs in 2014. One breeding area is designated IBA and tentatively four staging areas.*

#### Margæs Branta bernicla

Margæsir verpa í heimskautalöndunum nánast allt í kringum norðurhvel jarðar. Deillitegundin *B.b. hrota* verpur í NA-Kanada og kemur hér við vor og haust (Faxaflói–Breiðafjörður; 37. kort) á leið sinni til og frá vetrarstöðvum á Bretlandseyjum, aðallega Írlandi. Þessi stofn taldi um 37.000 fugla haustið 2016 (Kendrew Colhoun, óbirt heimild) en fjöldinn veltur á varpárangri sem er afar misjafn frá ári til árs.

Að minnsta kosti fimm svæði eru alþjóðlega mikilvæg fyrir margæsir sem fara hér um og nær allar margæsir dveljast á mikilvægum fuglasvæðum á

ferð sinni um landið, bæði á vorin (35. tafla; Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1997) og haustin (Náttúrufræðistofnun, óbirt gögn).

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa/NA-Kanada = 2.700 fuglar/birds (Wetlands International 2016)

**B1 i:** NA-Kanada/Grænland/Ísland/Bretlandseyjar = 370 fuglar/birds (Wetlands International 2016, uppfært/updated)

35. tafla. Meðalfjöldi margæsa á mikilvægum viðkomusvæðum á Íslandi, 1990–2010 (Byggt á Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson, óbirt heimild). – *Number of Branta bernicla in important staging areas in Iceland in 1990–2010 (from Guðmundur A. Guðmundsson and Arnþór Garðarsson, unpublished).*

Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (fuglar) <i>Number (birds)</i>	Ár <i>Year**</i>	Hlutfall af farl. stofni (%) <i>Percentage of flyw. popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Álftanes–Skerjafjörður	FG-V 2	P	2.473	1990–2010	8,8	A4i, B1i
Blikastaðakró–Leiruvogur	FG-V 4	P	397	1990–2010	1,4	B1i
Hvalfjörður	FG-V 6	P	1.431	1990–2010	5,1	B1i
Blautós	FG-V 7	P	1.354	1990–2010	4,8	B1i
Grunnafjörður	FG-V 8	P	2.927	1990–2010	10,5	A4i, B1i
Borgarfjörður–Löngufjörur	FG-V 10	P	5.071	1990–2010	18,1	A4i, B1i
Breiðafjörður	FG-V 11	P	15.522	1990–2010	55,4	A4i, B1i
Alls – Total			29.175		~ 100	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

\*\* Talið – *Surveyed:* 1990, 1995, 2005, 2006, 2008, 2010.

**English summary:** *The Branta bernicla hrota population passing through Iceland numbers 37,000 birds. Five areas are designated IBAs, holding almost all of the population.*



37. kort. Meðaltal margæsa sem sást á hverjum stað um miðjan maí 1990–2010 (byggt á Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson, óbirt heimild). – Mean number of *Branta bernicla* at each site in mid-May 1990–2010 (from Guðmundur A. Guðmundsson and Arnþór Garðarsson, unpublished).



18. mynd. Margæs (*Branta bernicla*). Ljós. Erling Ólafsson.



**Endur**

Hér á landi verpa að staðaldri 15 andategundir, auk æðarfugls sem hér er flokkaður með sjófuglum. Straumönd og húsönd verpa hvergi í Evrópu nema á Íslandi, því teljast tiltölulega mörg svæði hafa alþjóðlega þýðingu fyrir þessar tegundir. Eins er íslenski gulandarstofninn talinn einangraður og metinn sér. Því teljast helstu gulandarstaðir hér mikilvæg

fuglasvæði. Þá er líklegt að viðkomustaðir og jafnvel vetrardvalarstaðir hávellu teljist alþjóðlega mikilvægir, en gögn skortir til að skilgreina slík svæði með einhverju öryggi. Líklegt er að toppandarvarp við Breiðafjörð teljist alþjóðlega mikilvægt. Að öðru leyti er Mývatn–Laxá eina svæðið á landinu sem telst hafa alþjóðlega þýðingu fyrir endur.

**Brandönd *Tadorna tadorna***

Brandönd verpur í Evrópu og um miðbik Asíu. Hún er hér nýlegur landnemi sem hefur fjölgað mikið og breiðst út frá um 1990. Mikilvægustu varplöndin eru í Borgarfirði, einkum í Andakíl (Jón Einar Jónsson 2011), Hornafirði og á Sléttu (Yann Kolbeinsson og Guðmundur Örn Benediktsson 2013). Íslenski stofninn var áætlaður 60–80 varppör 2008, þar af 40–60 pör í Borgarfirði (Jón Einar Jónsson 2011). Fuglunum hefur greinilega fjölgað mikið síðan, svo varlega áætlað verpa hér nú nokkur hundruð pör. Brandendur hópast saman á nokkrum stöðum síðsumars og á haustin, m.a. í Andakíl (allt að 900 fuglar) og Grunnafirði (allt að 300 fuglar). Farfugl að mestu en dvelur í vaxandi mæli hér á vetrum.

Engir varp-, viðkomu-, fellistaðir eða vetrarstöðvar hér á landi teljast alþjóðlega mikilvægar fyrir brandendur.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa = 4.000 fuglar/*birds*; 1.333 pör/*pairs* (Wetlands International 2016)

**B1 i:** NV-Evrópa = 2.500 fuglar/*birds*; 833 pör/*pairs* (Wetlands International 2016)

**English summary:** *Tadorna tadorna colonized Iceland in the early 1990s and has increased rapidly since with several hundred pairs breeding. No areas in Iceland meet IBA criteria for this species.*

**Rauðhöfðaönd *Mareca penelope***

Rauðhöfðaönd verpur í norðanverðri Evrópu og Asíu til Kyrrahafs. Hér eru hún tiltölulega algeng og útbreidd, sérstaklega þó á Mývatni, þar sem 1.000–2.000 steggir hafa sést í talningum að vori síðan 1980 (Náttúruvannsóknastöðin við Mývatn, óbirt gögn). Giskað hefur verið á að stofninn hér sé 4.000–6.000 pör (Umhverfisstofnun 1992). Er farfugl að mestu en nokkur þúsund fuglar hafa hér vetursetu (Náttúrufræðistofnun, vetrarfuglatalningar). Á haustin sjást stundum afar stórir hópar á nokkrum stöðum á landinu, jafnvel yfir 4.000 fuglar. Farfugl að mestu, en nokkur þúsund fuglar hafa vetursetu.

Engir varp-, viðkomu-, fjaðrafellistaðir eða vetrarstöðvar hér á landi teljast alþjóðlega mikilvægar fyrir rauðhöfðaendur.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa = 18.800 fuglar/*birds*; 6.293 pör/*pairs* (Wetlands International 2016)

**B1 i:** NV- og NA-Evrópa/V-Sibería = 14.000 fuglar/*birds*; 4.667 pör/*pairs* (Wetlands International 2016)

**English summary:** *The Mareca penelope population is roughly estimated 4,000–6,000 pairs. No areas in Iceland meet IBA criteria for this species.*

**Gargönd *Mareca strepera***

Gargönd verpur í Norður-Ameríku, Evrópu og Asíu. Hér er hún faliðaður varpfugl og með takmarkaða útbreiðslu, þótt stöku fuglar verpi víða á andríkum svæðum. Stofninn er metinn 400–500 pör og byggist það einkum á talningum á Mývatni þar sem gargöndin er langalgengust. Fuglum þar fjölgaði verulega frá 1990 til 2011, en þá fundust þar 514 steggir að vori (Náttúrufræðistofnun við Mývatn, óbirt gögn). Hefur fækkað nokkuð síðan. Nær alger farflugl.

Mývatn er eina svæðið hér á landi sem hefur alþjóðlega þýðingu fyrir gargendur (36. tafla). Þar er

jafnframt mikinn meirihluta íslenska varpstofnsins að finna og eins er Mývatn eini þekkti fjaðrafellistaður gargandar hér á landi. Líklegt er að gargendur felli einnig fjaðrir í Skagafirði, því 50–70 gargandarsteggir hafa iðulega sést á Áshildarholtsvatni síðsumars (Einar Ó. Þorleifsson, óbirt heimild).

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa = 2.350 fuglar/birds; 783 pör/pairs (Wetlands International 2016)

**B1 i:** NV-Evrópa = 1.100 fuglar/birds; 367 pör/pairs (Wetlands International 2016)

36. tafla. Gargandarvarp á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi. – *Breeding Mareca strepera in important bird areas in Iceland.*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Vestmannsvatn <sup>1</sup>	VOT-N 9	B	13	2016	2,9	
Mývatn–Laxá <sup>2</sup>	VOT-N 11	B	362	2006–2015	80,4	B1i
Öxarfjörður <sup>1</sup>	VOT-N 12	B	5	2016	1,1	
Úthérað <sup>3</sup>	VOT-A 3	B	5	2000	1,1	
Alls – Total			385		85,5	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

<sup>1</sup> Náttúrustofa Norðausturlands, óbirt gögn. – *Northeast Iceland Nature Research Centre, unpublished data.*

<sup>2</sup> Náttúrufræðistofnun við Mývatn, óbirt gögn. – *Mývatn Research Station, unpublished data.*

<sup>3</sup> Guðmundur A. Guðmundsson o.fl. 2001.

**English summary:** *The Mareca strepera population in Iceland is estimated 400–500 pairs with approx. 80% breeding at Lake Mývatn, which is designated IBA for this species.*

**Urtönd *Anas crecca***

Verpur í Norður-Ameríku, Evrópu og Asíu en er mun útbreiddari en gargönd. Hér er hún allalgeng og útbreidd um land allt. Gískað hefur verið á að stofninn sé 3.000–5.000 pör (Umhverfisstofnun 1992). Flestar urtendur yfirgefa landið á veturna en mörg hundruð fuglar verða þó eftir (Náttúrufræðistofnun, vetrarfuglatalningar). Hópast víða saman á fartíma að hausti, jafnvel allt að 1.000–1.500 fuglar, m.a. í Andakíl, Meðallandi og Skarðsfirði (Náttúrufræðistofnun Íslands, Fuglaathugunarstöð Suðausturlands, óbirt gögn).

Engir varp-, viðkomu-, fjaðrafellistaðir eða vetrarstöðvar hér á landi teljast alþjóðlega mikilvægar fyrir urtendur.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa = 15.000 fuglar/birds; 5.000 pör/pairs (Wetlands International 2016)

**B1 i:** NV-Evrópa = 5.000 fuglar/birds; 1.667 pör/pairs (Wetlands International 2016)

**English summary:** *The Anas crecca population in Iceland is roughly estimated 3,000–5,000 pairs. No areas in Iceland meet IBA criteria for this species.*

**Stökkönd *Anas platyrhynchos***

Verpur í Norður-Ameríku, á Grænlandi, í Evrópu og Asíu. Hér er hún tiltölulega algengur og útbreiddur varpfugl og hefur stofninn verið gróflega metinn 10.000–15.000 pör (Umhverfissráðuneytið 1992). Ef haft er í huga að stökkönd er staðfugl að mestu, þá stemmir það mat nokkuð vel við áætlaðan fjölda vetrarfugla við strendur landsins (42.000 fuglar; Arnþór Garðarsson 2009).

Engir varp-, viðkomu-, fjaðrafellistaðir eða vetrarstöðvar hér á landi teljast alþjóðlega mikilvægar fyrir stökkendur.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa/Grænland = 74.000 fuglar/*birds*; 24.667 pör/*pairs* (Wetlands International 2016)

**B1 i:** NV-Evrópa = 45.000 fuglar/*birds*; 15.000 pör/*pairs* (Wetlands International 2016)

**English summary:** *The Anas platyrhynchos population in Iceland is roughly estimated 10,000–15,000 pairs. No areas in Iceland meet IBA criteria for this species.*

**Grafönd *Anas acuta***

Grafönd verpur í Norður-Ameríku, Evrópu og Asíu og er hér strjáll varpfugl víða um land, einkum í flæðilöndum á Norður- og Austurlandi. Stofninn hefur gróflega verið metinn innan við 500 pör (Arnþór Garðarsson 1975b). Grafönd er nær alger farfugl hér á landi. Þekktir eru nokkrir hausthópar, m.a. í Öxarfirði og Úthéraði og eru þeir stærstu nokkur hundruð fuglar. Á Mývatni hafa sést allt að 70 steggir á vorin (Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn, óbirt gögn) og á öðrum votlendissvæðum sem vöktuð voru í Þingeyjarsýslu 2004–2015 hafa steggirnir flestir verið um 30 (Yann Kolbeinsson o.fl. 2016).

Engir varp-, viðkomu- eða fjaðrafellistaðir hér á landi teljast alþjóðlega mikilvægir fyrir grafendur.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa /V-Afríka = 6.650 fuglar/*birds*; 2.217 pör/*pairs* (Wetlands International 2016)

**B1 i:** NV-Evrópa = 650 fuglar/*birds*; 217 pör/*pairs* (Wetlands International 2016)

**English summary:** *The Anas acuta population in Iceland is roughly estimated 500 pairs. No areas in Iceland meet IBA criteria for this species.*

**Skeiðönd *Spatula clypeata***

Skeiðönd verpur í Norður-Ameríku, Evrópu og Asíu. Hér er hún sjaldgæfur varpfugl á andríkum svæðum (væntanlega vel innan við 100 pör) og er hvergi algeng. Skeiðönd er farfugl, en stöku fuglar sjást hér á vetrum.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** 5.810 fuglar/*birds*; 1.937 pör/*pairs* (Wetlands International 2016)

**B1 i:** NV-Evrópa = 560 fuglar/*birds*; 187 pör/*pairs* (Wetlands International 2016)

Engir varp-, viðkomu- eða fellistaðir hér á landi teljast alþjóðlega mikilvægir fyrir skeiðendur.

**English summary:** *The Spatula clypeata population in Iceland is roughly estimated <100 pairs. No areas in Iceland meet IBA criteria for this species.*

**Skúfönd *Aythya fuligula***

Skúfönd verpur í Evrópu og Asíu til Kyrrahafs. Hér er hún algeng og útbreidd en þó langalgengust á Mývatni. Íslenski stofninn er gróflega metinn 8.000–12.000 pör og þá gert ráð fyrir að 50–67% fuglanna verpi við Mývatn en 5.000–10.000 steggir sáust þar vorin 2005–2015 (Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn, óbirt gögn). Um 700–1.400 steggir sáust á öðrum vatnasvæðum í Þingeyjarsýslu á sama tíma (Yann Kolbeinsson o.fl. 2016) og fjölgaði fuglunum nokkuð samfelld á báðum talningarsvæðunum. Farfugl að langmestu leyti en nokkur hundruð fugla halda til hér á veturnum, einkum á lindasvæðum suðvestanlands.

Mývatn hefur undanfarinn áratug talist alþjóðlega mikilvægt svæði fyrir skúfönd (37. tafla).

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa = 13.500 fuglar/*birds*; 4.500 pör/*pairs* (Wetlands International 2016)

**B1 i:** NV-Evrópa = 9.000 fuglar/*birds*; 3.000 pör/*pairs* (Wetlands International 2016)

37. tafla. Skúfandarvarp á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi. – *Breeding Aythya fuligula in important bird areas in Iceland.*

Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (pör) <i>Number (pairs)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Vestmannsvatn <sup>1</sup>	VOT-N 9	B	359	2016	3,6	
Mývatn–Laxá <sup>2</sup>	VOT-N 11	B	7.056	2006–2015	70,6	A4i, B1i
Öxarfjörður <sup>1</sup>	VOT-N 12	B	707	2016	7,1	
Úthérað <sup>3</sup>	VOT-A 3	B	175	2000	1,8	
Alls – <i>Total</i>			8.297		83,0	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

<sup>1</sup> Náttúrustofa Norðausturlands, óbirt gögn. – *Northeast Iceland Nature Research Centre, unpublished data.*

<sup>2</sup> Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn, óbirt gögn – *Mývatn Research Station, unpublished data.*

<sup>3</sup> Guðmundur A. Guðmundsson o.fl. 2001.

**English summary:** *The Aythya fuligula population in Iceland is roughly estimated 8,000–12,000 pairs with approx. 70% breeding at Lake Mývatn, a designated IBA for this species.*



19. mynd. Skúfönd (*Aythya fuligula*). Ljós. Ólafur Páll Jónsson.

**Duggönd *Aythya marila***

Duggönd verpur í Norður-Ameríku, Evrópu og Asíu. Hér verpur hún allvíða um land og hefur íslenski varpstofninn verið gróflega metinn 3.000–5.000 pör (Umhverfissráðuneytið 1992). Stór hluti hans er við Mývatn og sáust þar lengi um 2.000 steggir að vori. Duggönd hefur fækkað mikið á Mývatni á síðustu árum og steggirnir aðeins verið 400–1.000 frá árinu 2010 (Náttúruvannsóknastöðin við Mývatn, óbirt gögn). Er farfugl að mestu en nokkur hundruð fugla hafa vetursetu á Suðvesturlandi (Náttúrufræðistofnun Íslands, vetrarfuglatalningar) og nokkrir tugir í Berufirði á Austfjörðum (Náttúrustofa Norðausturlands, óbirt gögn).

Duggönd hefur fækkað á vetrarstöðvum í Evrópu og er þar á valista sem tegund í nokkurri hættu (VU; BirdLife International 2015).

Mývatn er eina svæðið hér á landi sem hefur alþjóðlega þýðingu fyrir duggendur (38. tafla).

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa = 3.650 fuglar/*birds*; 1.217 pör/*pairs* (Wetlands International 2016)

**B1 i:** N- og V-Evrópa = 2.150 fuglar/*birds*; 717 pör/*pairs* (Wetlands International 2016)

38. tafla. Duggandarvarp á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi. – *Breeding Aythya marila in important bird areas in Iceland.*

Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (pör) <i>Number (pairs)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Annarvatnsheiði <sup>1</sup>	VOT-N 1	B	61**	2012	1,5	
Skagi <sup>1</sup>	VOT-N 5	B	38**	2012	1,0	
Mývatn–Laxá <sup>2</sup>	VOT-N 11	B	1.182	2006–2015	29,6	B1i, B2
Öxarfjörður <sup>3</sup>	VOT-N 12	B	46	2016	1,2	
Alls – <i>Total</i>			1.327		33,2	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

\*\* Lágmarkstala. – *Absolute minimum.*

<sup>1</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn. – *IINH, unpublished data.*

<sup>2</sup> Náttúruvannsóknastöðin við Mývatn, óbirt gögn. – *Mývatn Research Station, unpublished data.*

<sup>3</sup> Náttúrustofa Norðausturlands, óbirt gögn. – *Northeast Iceland Nature Research Centre, unpublished data.*

**English summary:** *The Aythya marila population in Iceland is roughly estimated 3,000–5,000 pairs with approx. 30% breeding at Lake Mývatn, a designated IBA for this species.*



20. mynd. Duggönd (*Aythya marila*). Ljós. Erling Ólafsson.



**Straumönd *Histrionicus histrionicus***

Straumönd verpur hvergi í Evrópu nema á Íslandi. Auk þess eru stofnar á Grænlandi, í Norður-Ameríku og Austur-Asíu. Hún er hér allalgeng og tiltölulega útbreidd, bæði á láglendi og hálendi. Varpstofninn er talinn 3.000–5.000 pör og byggist það á fjölda straumanda á sjó veturna 1998–2001 (14.000 fuglar; Arnþór Garðarsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2003). Þéttleiki straumanda í vetrarfuglatalningum er mestur í útfjörðum og á annesjum (38. kort). Straumönd er talin alger staðfugl.

Þrenns konar mikilvæg svæði koma til álita fyrir straumönd, þ.e. varpsvæði, vetrarstöðvar og fellistöðvar. Mörg svæði koma væntanlega til greina en nákvæm skráning liggur ekki fyrir nema á hluta þeirra.

Flestar straumendur verpa dreift með ám en þó er hægt að tala um þéttbýli á allmörgum stöðum,

einkum þar sem ár falla úr stöðuvötnum. Það langmesta er við Laxá í Mývatnssveit og er það jafnframt eina varpsvæðið sem telja má með vissu alþjóðlega mikilvægt hér á landi (39. tafla).

Á grundvelli vel skráðrar vetrarútbreiðslu má greina a.m.k. átta mikilvæg straumandarsvæði þar sem um fjórðungur stofnsins heldur til (40. tafla).

Fjaðrafellistöðvar straumandar eru þekktar í grófum dráttum og eru þær allar á stöðum sem jafnframt eru vetrarstöðvar en fuglarnir virðast þó einkum fella fjaðrir á annesjum á Vestfjörðum og Norðurlandi (Arnþór Garðarsson, óbirt heimild).

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa (Ísland/Grænland) = 240 fuglar/birds; 80 pör/pairs (BirdLife 2016c)

**B1 i:** Ísland = 140 fuglar/birds; 47 pör/pairs (BirdLife 2016c)

39. tafla. Meðalfjöldi straumanda á Laxá í Mývatnssveit að vorlagi (byggt á Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn, óbirt gögn). – *Mean spring number of *Histrionicus histrionicus* at Laxá river in the Mývatn area in Iceland (from Mývatn Research Station, unpublished data).*

Svæði	Svæðisnúmer	Árstími	Fjöldi (pör)	Ár	Hlutfall af íslenskum stofni (%)	Alþjóðlegt mikilvægi
Area	Area code	Season	Number (pairs)	Year	Percentage of Icelandic popul. (%)	International importance*
Mývatn–Laxá	VOT-N 11	B	258	2006–2015	6,5	A4i, B1i

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2*

40. tafla. Mikilvægar vetrarstöðvar straumanda á Íslandi (byggt á Arnþór Garðarsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2003). – *Important winter sites of *Histrionicus histrionicus* (mostly from Arnþór Garðarsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2003).*


Svæði	Svæðisnúmer	Árstími	Fjöldi (fuglar)	Ár	Hlutfall af íslenskum stofni (%)	Alþjóðlegt mikilvægi
Area	Area code	Season	Number (birds)	Year	Percentage of Icelandic popul. (%)	International importance*
Kalmanstjörn–Garðskagi	FG-V 1	W	153	1999	1,1	B1i
Kjalarnes	FG-V 5	W	194	2000	1,4	B1i
Breiðafjörður	FG-V 11	W	1.626	1999–2001	11,6	A4i, B1i
Jökulfirðir <sup>1</sup>	FG-V 12	W	613	2003	4,4	A4i, B1i
Skagi**	VOT-N 5	W	260	1999	1,9	A4i, B1i
Fliót–Siglufjörður	FG-N 1	W	327	1999	2,3	A4i, B1i
Tjörnes	FG-N 3	W	328	1999	2,3	A4i, B1i
Berufjarðarströnd	FG-A 1	W	228	1999	1,6	B1i
Alls – Total			3.729		26,6	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

\*\* Skagaströnd (Bakki–Tjarnarland).

<sup>1</sup> Náttúrustofa Vestfjarða, óbirt gögn. – *Westfjords Natural History Institute, unpublished data.*

**English summary:** *The breeding population of *Histrionicus histrionicus* in Iceland is estimated 3,000–5,000 pairs, based on winter surveys of 14,000 birds. It is widely dispersed as a breeder, hence only one breeding area is designated IBA, with 6,5% of the pairs. Eight winter areas are designated IBAs, holding 27% of the population.*



38. kort. Meðaltal straumanda á 10 km strandlengju eða á hverju svæði inn til landsins í vetrarfuglatalningum 1952–2014 (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, vetrarfuglatalningar). – *Winter distribution of Histrionicus histrionicus in 1952–2014. Numbers indicate mean number of birds per 10 km coastline or at each inland site (from IINH, mid-winter counts).*



21. mynd. Straumönd (*Histrionicus histrionicus*). Ljóm. Magnús Guðmundsson.



### Hávella *Clangula hyemalis*

Hávella verpur umhverfis norðurhvel jarðar og þá einkum í heimskaotalöndum. Hér er hún allal-gengur varpfugl og hefur verið giskað á að íslenski varpstofninn sé 2.000–3.000 pör (Guðmundur A. Guðmundsson 1998). Íslenskar hávellur eru að öllum líkindum staðfuglar að mestu. Sterk rök hafa verið færð fyrir því að fargestir úr austri, sem hafa vetursetu við Grænland, komi hér við á vorin, en þá sjást jafnframt stærstu hóparnir hér, jafnvel mörg þúsund fuglar, einkum við norðanvert landið (39. kort).

Hávellur sjást allt í kringum land á veturna (40. kort) og er áætlað að um 110.000 fuglar hafi hér vetursetu, flestir við Vestfirði, Norðurland og Austfirði (Arnþór Garðarsson 2009). Ljóst er að langflestir fuglanna eru komnir norðan að.

Hávellu hefur fækkað eftir 1990 á mikilvægum vetrarstöðvum í Eystrasalti og er hún því nú bæði

á heims- og Evrópuváklistum sem tegund í nokkurri hættu (VU; BirdLife International 2015). Vetrarvísitölur héðan benda til þess að hávellum hafi farið fjölgandi hér við land frá því um 1970 og fram undir 2000 en fækkað lítið eitt síðan (Náttúrufræðistofnun, vetrarfuglatalningar).

Í ljósi þess hve margar hávellur dveljast hér við land, má telja líklegt að hér séu vetrarstöðvar og/eða viðkomustaðir (sbr. 39. kort) sem teljast alþjóðlega mikilvægir. Enn sem komið er skortir þó gögn til að afmarka slík svæði af einhverju öryggi.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)


**A4 i:** Evrópa/Grænland) = 25.000 fuglar/birds;  
8333 pör/pairs (BirdLife 2016c)

**B1 i:** Ísland/Grænland = 6.590 fuglar/birds;  
2.197 pör/pairs (BirdLife 2016c)



39. kort. Þekktir staðir þar sem hávellur sjást í stórum hópum á vorin (tekið saman af Náttúrufræðistofnun Íslands). – *Sites where Clangula hyemalis are known to congregate in large numbers in spring in Iceland (compiled by IINH).*

**English summary:** *The Icelandic Clangula hyemalis population is roughly estimated 2,000–3,000 pairs. The winter population is much larger or 110,000 birds. In addition, many thousands appear to migrate through Icelandic waters and several such sites may meet IBA criteria for this species.*



40. kort. Meðaltal hávellna á 10 km strandlengju í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar Íslands 1952–2014 (Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Winter distribution of Clangula hyemalis in mid-winter counts 1952–2014. Numbers indicate mean number of birds per 10 km coastline or at each inland site (IINH, unpublished data).*

### Hrafnstönd *Melanitta nigra*

Hrafnstönd verpur í Norður-Evrópu og í Síberíu austur fyrir Tamírskaga. Hér er hún sjaldgæfur og staðbundinn varpflugl og verpur nær eingöngu í Þingeyjarsýslum og langmest við Mývatn, 400–600 pör miðað við talningar á þessum svæðum (Náttúrufræðistofnun Íslands við Mývatn, óbirt gögn; Náttúrustofa Norðausturlands, óbirt gögn). Er farflugl að mestu en tugir vetursetufugla hafa stundum fundist við Hvalnes- og Þvottáskriður allt frá 1977 (Arnþór Garðarsson, óbirt heimild; Fuglaathugunarstöð Suðausturlands, óbirt gögn). Þar er jafnframt helsti viðkomustaður hrafnсандar hér á landi á vorin og

fram eftir sumri, þar sem mörg hundruð og jafnvel yfir 1.000 fuglar hafa sést (Fuglaathugunarstöð Suðausturlands, óbirt gögn).


Engir varp-, viðkomu-, fjaðrafellistaðir eða vetrarstöðvar hér á landi teljast alþjóðlega mikilvægar fyrir hrafnsendur.

**Viðmið:** IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa = 9.000 fuglar/birds; 3.000 pör/pairs (Wetlands International 2016)

**B1 i:** A4 i

**English summary:** The *Melanitta nigra* population in Iceland is estimated 400–600 pairs. No areas in Iceland meet IBA criteria for this species.



22. mynd. Hrafnstönd (*Melanitta nigra*). Ljós. Daniel Bergmann.

**Húsönd *Bucephala islandica***

Húsönd verpur einkum í vestanverðri N-Ameríku, austast í Kanada og á Íslandi þar sem um 90% fuglanna halda til við Laxá og Mývatn. Stofninn hefur sveiflast nokkuð síðan um 1960 en hefur löngum verið talinn allt að 2.000 fuglar; húsöndum fækkaði samfelt á Mývatni 1975–2004, vegna átuskorts en fjölgaði síðan (Árni Einarsson o.fl. 2006, 2011, Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn, óbirt gögn). Kynjahlutfall er mjög skekkt steggjum í vil og hlutfallslega fáar kollur sem verpa hverju sinni, því er erfitt að meta stofninn í þorum. Húsönd er staðfugl hér á landi en nokkur hundruð fugla dreifast frá Mývatni og Laxá á lindavötn á Suður-, Suðvestur- og Norðausturlandi á vetrum (41. kort).

Þar sem húsönd hefur mjög takmarkaða útbreiðslu í Evrópu og stofninn er lítill er hún flokkuð þar sem tegund í yfirvofandi hættu (NT; BirdLife International 2015). Í rökstuðningi fyrir þessari skráningu kemur auk þess fram að mikilvægustu heimkynni húsandar

hér á landi kunni að vera ógnað af vatns- og gufu-aflsvirkjunum.

Flest húsandarsvæði teljast mikilvæg fyrir stofninn; einkum þó Mývatn-Laxá, Svartá upp af Bárðardal, Kelduhverfi, Þingvallavatn—Sog, Laugarvatn—Aparvatn—Brúará (41. kort) og dvelur nánast allur stofninn á mikilvægum svæðum árið um kring (41. og 42. tafla). Svo til allir húsandarsteggir fella fjaðrir í Mývatnssveit (43. tafla). Þar sem steggir eru í miklum meirihluta og hlutfallslega fáar kollur verpa á hverju ári, eru tölur ekki settar fram í þorum, eða steggjum, þegar mikilvægi einstakra svæða er metið.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa (er utan meginútbreiðslusvæðis/*marginal*) = 20 fuglar/*birds*; 5 pör/*pairs* (BirdLife 2016c)

**B1 i:** A4 i

41. tafla. Húsandarvarp á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi. – *Breeding Bucephala islandica in important bird areas in Iceland.*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (fuglar) Number (birds)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Svartá–Suðurá <sup>1</sup>	VOT-N 10	B	125	2016	6,3	A4i, B1i
Mývatn–Laxá <sup>2</sup>	VOT-N 11	B	1.800	2006–2015	90,0	A4i, B1i, B2
Veiðivötn <sup>3</sup>	VOT-S 2	B	25	2013	1,3	A4i, B1i
Alls – Total			1.955		97,5	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

<sup>1</sup> Aðalsteinn Örn Snæþórssón o.fl. 2016.

<sup>2</sup> Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn, óbirt gögn. – *Mývatn Research Station, unpublished data.*

<sup>3</sup> Örn Óskarsson 2013.

42. tafla. Mikilvægar vetrarstöðvar húsandar (byggt á vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar Íslands). – *Important wintering sites of Bucephala islandica (from IINH mid-winter counts).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (fuglar) Number (birds)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Mývatn–Laxá	VOT-N 11	W	1.416**	2014	70,8	A4i, B1i, B2
Óxarfjörður	VOT-N 12	W	53	2005–2014	2,7	A4i, B1i
Veiðivötn <sup>1</sup>	VOT-S 2	W	58	1977	2,9	A4i, B1i
Laugarvatn–Aparvatn	VOT-S 5	W	33	2006	1,7	A4i, B1i
Sogið–Þingvallavatn	VOT-S 6	W	75	2005–2014	3,8	A4i, B1i
Alls – Total			1.635		(81,8)	


\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

\*\* Talning náði til meginhluta svæðisins, ekki talið á Laxá neðan Breiðu. – *Survey covered the main part of the area.*

<sup>1</sup> Arnþór Garðarsson 1978.

**English summary:** *The Icelandic Bucephala islandica population is estimated 2,000 birds with most breeding at lake Mývatn and its outlet, river Laxá. Six breeding and wintering areas are designated IBAs for this species, holding most of the population.*





41. kort. Helstu húsandarstaðir á Íslandi; svartir punktar sýna vetrarstöðvar en þeir rauðu svæði þar sem húsundur sjást á öllum árstímum. – *Important areas for Bucephala islandica in Iceland. Black dots indicate winter sites and red dots areas used year-round.*

43. tafla. Húsönd, meðalfjöldi steggja í fjaðrafelli við Mývatn (byggt á Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn, óbirt gögn). – *Mean number of moulting male Bucephala islandica at Mývatn (from Mývatn research station, unpublished data).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (fuglar) Number (birds)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Mývatn–Laxá	VOT-N 11	N	1.084	2006–2015	54,2	A4i, B1i, B2

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*



23. mynd. Húsönd (*Bucephala islandica*). Ljós. Eyþór Ingi Jónsson.

**Toppönd *Mergus serrator***

Toppönd verpur í N-Ameríku, en einnig á Grænlandi, í Evrópu og Asíu. Hér er hún allalgeng og hefur verið giskað á að 2.000–4.000 pör verpi hér (Umhverfissráðuneytið 1992). Er staðfugl að mestu og er nær eingöngu á sjó á veturnum; alls um 10.000 fuglar (Arnþór Garðarsson 2009).

Toppönd hefur fækkað töluvert í Evrópu og er því skráð þar á valista sem tegund í yfirvofandi hættu (NT; BirdLife International 2015).

Tvö varpsvæði toppandar hér á landi eru alþjóðlega mikilvæg, Breiðafjörður og Mývatn (44. tafla), en engir viðkomu-, fjaðrafellistaðir eða vetrarstöðvar falla í þann flokk. Stærstu fellihóparnir, í Grunnafirði og á Höfðavatni í Skagafirði, slaga þó upp í viðmiðunarmörkin.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa/Grænland = 1.140 fuglar/*birds*; 380 pör/*pairs* (Wetlands International 2016)

**B1 i:** A-Grænland/Ísland/Bretlandseyjar = 970 fuglar/*birds*; 323 pör/*pairs* (Wetlands International 2016)

44. tafla. Toppandarvarp á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi. – *Breeding Mergus serrator in important bird areas in Iceland.*

Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (pör) <i>Number (pairs)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Borgarfjörður–Löngufjörur	FG-V 10	B	50	2016	1,7	
Breiðafjörður	FG-V 11	B	450	2016	15,0	A4i, B1i, B2
Mývatn–Laxá <sup>1</sup>	VOT-N 11	B	516	2006–2015	17,2	A4i, B1i, B2
Óxarfjörður <sup>2</sup>	VOT-N 12	B	30	2016	1,0	
Melrakkaslétta	FG-N 4	B	50	2016	1,7	
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	300	2016	10,0	
Alls – <i>Total</i>			1.912		46,6	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

<sup>1</sup> Náttúruvísunastöðin við Mývatn, óbirt gögn. – *Mývatn research station, unpublished data.*

<sup>2</sup> Náttúrustofa Norðausturlands, óbirt gögn. – *Northeast Iceland Nature Research Centre, unpublished data.*

**English summary:** *The breeding population of Mergus serrator in Iceland is roughly estimated 2,000–4,000 pairs and a winter survey resulted in 10,000 birds. Two breeding areas are designated IBAs and almost half of the population may breed in such areas.*



24. mynd. Toppönd (*Mergus serrator*). Ljós. Erling Ólafsson.

**Gulönd *Mergus merganser***

Gulönd verpur í N-Ameríku, Evrópu og Asíu. Hér er hún sjaldgæfur varpfugl og hefur verið giskað á 100–300 varppör (Umhverfissráðuneytið 1992). Er talinn staðfugl og því er íslenski stofninn metinn sér (um 900 fuglar) af Wetlands International (2016).

Mörg svæði eru óhjákvæmilega mikilvæg fyrir gulönd enda er þröskuldurinn (1% af íslenskum stofni) aðeins níu fuglar. Helstu vetrarstöðvar eru sýndar á 42. kort og skráðar í 45. töflu.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa = 4.425 fuglar/birds; 1.475 pör/pairs (Wetlands International 2016, uppfært/updated)

**B1 i:** Ísland = 9 fuglar/birds; 3 pör/pairs (Wetlands International 2016, uppfært/updated)

45. tafla. Mikilvægar vetrarstöðvar gulandar, meðalfjöldi fugla (byggt á vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar Íslands). – *Important wintering sites of Mergus merganser: mean number of birds (from IINH mid-winter counts).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (fuglar) Number (birds)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Elliðavogur–Grafarvogur	FG-V 3	W	44	2005–2014	4,9	B1i
Óxarfjörður	VOT-N 12	W	31	2005–2014	3,4	B1i
Landbrot–Meðalland	VOT-S 1	W	34	2006–2013	3,8	B1i
Laugarvatn–Apavatn	VOT-S 5	W	28	2005–2010	3,1	B1i
Sogið–Þingvallavatn	VOT-S 6	W	22	2005–2014	2,4	B1i
Ólfusforir	VOT-S 7	W	24	2005–2014	2,7	B1i
Alls – Total			183		20,3	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*



42. kort. Mikilvægar vetrarstöðvar gulandar (byggt á 45. töflu). – *Important wintering sites of Mergus merganser (from Table 45).*

**English summary:** The *Mergus merganser* population in Iceland (roughly estimated 100–300 pairs) is treated as an isolated population by Wetlands International. Using the upper limit of the estimate, six wintering areas are designated IBAs for this species, holding 20% of the population.



## Aðrir vatnafuglar

Lómur *Gavia stellata*

Lómur verpur í N-Ameríku, en einnig á Grænlandi, í Evrópu og Asíu. Hér er hann allalgengur og hefur verið giskað á 1.000–2.000 pör (Umhverfisráðuneytið 1992). Þekktir eru um 1.300 varpstaðir og enn eru stór landsvæði ókönnuð með tilliti til lómsvarps (Ævar Petersen o.fl. 2013). Sums staðar verpa lómar í miklu nábýli, oft tugir para á litlu svæði (43. kort). Lómur er farflugl að einhverju leyti og hingað koma líklega vetrar- og jafnvel fargestir frá Grænlandi.

Fimm varpsvæði hér á landi teljast alþjóðlega mikilvæg fyrir lóm (46. tafla).

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa (vetrarstofn/winter) = 300 fuglar/birds; 100 pör/pairs (Wetlands International 2016)

**B1 i:** A4 i

46. tafla. Lómsvarp á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi. – *Breeding Gavia stellata in important bird areas in Iceland.*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Borgarfjörður–Löngufjörur <sup>1</sup>	FG-V 10	B	150	2016	10,0	A4i, B1i
Breiðafjörður <sup>1</sup>	FG-V 11	B	100	2016	6,7	A4i, B1i
Arnarvatnsheiði <sup>2</sup>	VOT-N 1	B	25	2012	1,7	
Skagi <sup>2</sup>	VOT-N 5	B	30	2012	2,0	
Öxarfjörður <sup>3</sup>	VOT-N 12	B	120	2009	8,0	A4i, B1i
Melrakkaslétta <sup>1,4</sup>	FG-N 4	B	110	2016	7,3	A4i, B1i
Úthérað <sup>5</sup>	VOT-A 3	B	220	2000	14,7	A4i, B1i
Hornafjörður–Kolgríma <sup>6</sup>	VOT-A 4	B	30	2016	2,0	
Breiðamerkursandur <sup>6</sup>	VOT-A 5	B	30	2016	2,0	
Suðurlandsundirlendi <sup>1</sup>	VOT-S 3	B	70	2016	4,7	
Önnur mikilv. svæði – <i>Other important areas</i>			80	2016	5,3	
Alls – <i>Total</i>			965		64,3	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

<sup>1</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn. – *IINH, unpublished data.*


<sup>2</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, gróft mat. – *IINH, rough estimate.*

<sup>3</sup> Þorkell Lindberg Þórarinnsson o.fl. 2013; Náttúrustofa Norðausturlands, óbirt gögn. – *Þorkell Lindberg Þórarinnsson et.a. 2013. North-east Iceland Nature Research Centre, unpublished data.*

<sup>4</sup> Guðmundur Örn Benediktsson, óbirt heimild. – *Guðmundur Örn Benediktsson, unpublished source.*

<sup>5</sup> Guðmundur A. Guðmundsson o.fl. 2001.

<sup>6</sup> Björn Arnarson, óbirt heimild. – *Björn Arnarson, unpublished source.*



43. kort. Þéttbýli lóma á Íslandi (byggt á 46. töflu). – *Important wintering sites of Gavia stellata (from Table 46).*

**English summary:** The *Gavia stellata* population in Iceland is roughly estimated 1,000–2,000 pairs. Five breeding areas are designated IBAs for this species and 64% of the population breeds in such areas.

**Himbrimi *Gavia immer***

Himbrimi er varpfugl í Norður-Ameríku, en einnig á Grænlandi og Íslandi. Hann er hér sjaldgæfur varpfugl og hefur stofninn verið gróflga metinn 200–300 pör (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Væntanlega er stofninn nú nokkuð stærr, enda eru þekktir varpstaðir og/eða óðul um 500 talsins og er varpið þéttast á Mýrum, heiðunum upp af Dólum, í Húnavatnssýslu og Borgarfirði, á Skaga, Norður-Sléttu, í grennd við Mývatn og í Veiðivötnum (44. kort). Himbrimi er sennilega farfugl að einhverju leyti en hann sést allt í kringum land á vetrum (45. kort). Auk þess koma hingað vetrar- og jafnvel fargestir frá Grænlandi (Finnur Guðmundsson 1972).

Á haustin safnast himbrimar sums staðar í hópa, stundum tugum saman eins og á Reyðarvatni ofan Lundarreykjadal, Hlíðarvatni í Hnappadal, Þiðriksvallavatni í Steingrímsfirði og á Mývatni, þar sem þeir hópast reyndar líka á vorin. Mest er um himbrima á Þingvallavatni á haustin og hafa sést þar allt að 200 fuglar samtímis (Kjartan G. Magnússon og Páll Hersteinsson 2002). Um nokkurt skeið frá

um 1980 og fram yfir 1990 hópuðust himbrimar saman á sjónum sunnan við Hafnir á Reykjaneskaga og sáust flestir 160 fuglar í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar.

Himbrima hefur fækkað á vetrarstöðvum í Evrópu og er hann þar á valista sem tegund í nokkurri hættu (VU; BirdLife International 2015). Vísitölur vetrarfuglatalninga Náttúrufræðistofnunar benda til hægfara fjölgunar hér við land undanfarna áratugi.

Um 10 varpsvæði hér eru alþjóðlega mikilvæg fyrir himbrima (47. tafla) og einn viðkomustaður á haustin (Þingvallavatn; 48. tafla). Ekki er vitað um neinar mikilvægar vetrarstöðvar en himbrimi sést allt í kringum land á þeim árstíma (45. kort).

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa (vetrarstofn/*winter*) = 50 fuglar/*birds*; 17 pör/*pairs* (Wetlands International 2016)

**B1 i:** A4 i

47. tafla. Himbrimavarp á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Breeding Gavia immer in important bird areas in Iceland (from IINH, unpublished data).*

Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (óðul) <i>Number (territories)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Borgarfjörður–Löngufjörur	FG-V 10	B	22	2016	4,4	A4i, B1i, B2
Laxárdalsheiði	VOT-V 3	B	25	2016	5,0	A4i, B1i, B2
Arnarvatnsheiði	VOT-N 1	B	75	2016	15,0	A4i, B1i, B2
Víðidalstunguheiði–Blanda	VOT-N 2	B	16	2016	3,2	B2
Skagi	VOT-N 5	B	40	2016	8,0	A4i, B1i, B2
Mývatn–Laxá	VOT-N 11	B	13	2016	2,6	B2
Melrakkaslétta	FG-N 4	B	16	2016	3,2	B2
Jökuldalsheiði	VOT-A 2	B	8	2016	1,6	
Úthérað	VOT-A 3	B	9	2016	1,8	
Veiðivotn <sup>1</sup>	VOT-S 2	B	19	2016	3,8	B2
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	11	2016	2,2	B2
Sogið–Þingvallavatn	VOT-S 6	B	10	2016	2,0	B2
Önnur mikilv. svæði – <i>Other important areas</i>			15	2016	3,0	
Alls – <i>Total</i>			279		55,8	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

<sup>1</sup> Örn Óskarsson, óbirt heimild. – *Örn Óskarsson, unpublished source.*

**English summary:** *The Gavia immer population in Iceland is roughly estimated 200–300 pairs. Known breeding territories are c. 500, with 56% within IBAs, ten of which are specifically designated for this species. Furthermore, one staging area is designated IBA, holding 10 and sometimes 30% of the population.*







48. tafla. Mikilvægur viðkomustaður himbrima á haustin (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Important autumn staging area of Gavia immer in Iceland (from IINH, unpublished data).*

Svæði	Svæðisnúmer	Árstími	Fjöldi (fuglar)	Ár	Hlutfall af íslenskum stofni (%)	Alþjóðlegt mikilvægi
Area	Area code	Season	Number (birds)	Year	Percentage of Icelandic popul. (%)	International importance*
Sogið–Þingvallavatn	VOT-S 6	P	80	2013	10,7	A4i, B1i, B2

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*



44. kort. Þéttleiki himbrimavarpis á Íslandi er mestur á dekkstu svæðunum (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn; sjá skýringar á bls. 24). – *The density of Gavia immer breeding sites/territories in Iceland is highest in the darkest shaded areas (from IINH, unpublished data; explanations on page 24).*



45. kort. Meðaltal himbrima á 10 km strandlengju í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar Íslands 1952–2014 (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Winter distribution of Gavia immer in mid-winter counts 1952–2014. Numbers indicate mean number of birds per 10 km coastline or at each inland site (from IINH, unpublished data).*

**Flórigoði *Podiceps auritus***

Flórigoði verpur í N-Ameríku, norðanverðri Evrópu og Asíu til Kyrrahafs. Hann er sjaldgæfur varpfugl hér á landi, fækkaði mikið fram undir lok 20. aldar en hefur fjölgað mikið frá um 1990 og fram á síðustu ár. Talning árið 2004 leiddi í ljós 700 pör og voru þau langflest á NA-landi (46. kort) (Þorkell Lindberg Þórarinsson o.fl. 2011). Árlegar talningar á mikilvægustu varpstöðunum á Mývatni (Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn, óbirt gögn) og í öðru votlendi í Þingeyjar-sýslu (Yann Kolbeinsson o.fl. 2016) benda til þess að stofninn hafi vaxið verulega síðan og gæti hann nú verið um 1.000 pör. Flórigoði er að mestu leyti farfugl, en sést hér og hvar á veturna, einkum við sunnanvert landið. Margir tugir og stundum um eða yfir 100 fuglar hafa vetursetu í innanverðum Hvalfirði og álíka margir í Berufirði á Austfjörðum (Náttúrfræðistofnun, vetrarfuglatalningar, Náttúrustofa Norðausturlands, óbirt gögn). Einnig sjást á veturna litlir hópar, 3–10 fuglar eða dreif fugla á Stöðvarfirði

og 10–20 fugla hópar í Hamarsfirði (Náttúrustofa Norðausturlands, óbirt gögn).

Flórigoða hefur fækkað mikið í N-Ameríku og einnig sums staðar í Evrópu, hann er því á heimsválista sem tegund í nokkurri hættu (VU) og á Evrópuválista sem tegund í yfirvofandi hættu (NT; BirdLife International 2015).

Um 90% flórigoða verpa á mikilvægum fuglasvæðum (49. tafla) og um 6% halda til á tvennum vetrarstöðvum hér við land (50. tafla).

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa (vetrarstofn/winter) = 768 fuglar/birds; 256 pör/pairs (Wetlands International 2016)

**B1 i:** NV-Evrópa (sá langnefjaði/long-billed) = 57 fuglar/birds; 19 pör/pairs (Wetlands International 2016)

49. tafla. Flórigoðavarp á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi (byggt á Þorkell Lindberg Þórarinsson o.fl. 2011). – *Breeding Podiceps auritus in important bird areas in Iceland (from Þorkell Lindberg Þórarinsson et al. 2011).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Láglendi Skagafjarðar	VOT-N 6	B	42	2004	6,1	B1i, B2
Sandur, Sílalækur	VOT-N 8	B	8	2004	1,2	
Vestmannsvatn	VOT-N 9	B	16	2004	2,3	B1i, B2
Mývatn–Laxá	VOT-N 11	B	372	2004	53,7	A1, A4i, B1i, B2
Öxarfjörður	VOT-N 12	B	132	2004	19,1	B1i, B2
Úthérað	VOT-A 3	B	38	2004	5,5	B1i, B2
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	11	2004	1,6	
Alls – Total			622		89,5	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*


50. tafla. Mikilvægar vetrarstöðvar flórigoða á Íslandi, meðalfjöldi fugla. – *Important wintering sites of Podiceps auritus in Iceland: mean number of birds.*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (fuglar) Number (birds)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Hvalfjörður <sup>1</sup>	FG-V 6	W	55	2005–2013	2,6	B1i, B2
Berufjörður <sup>2</sup>	FG-A 2	W	73	2013–2016	3,5	B1i, B2
Alls – Total			128		6,1	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

<sup>1</sup> Náttúrfræðistofnun Íslands, vetrarfuglatalningar. – *IINH, mid-winter counts.*  
Náttúrustofa Norðausturlands, óbirt gögn. – *Northeast Iceland Nature Research Centre, unpublished data.*

**English summary:** *The Podiceps auritus population in Iceland numbered 700 pairs with 89% breeding within IBAs, five of which are specifically designated for this species. Furthermore, two wintering areas are designated IBAs, holding 6% of the population.*



46. kort. Fjöldi og dreifing flórgoða í varpi 2004 (byggt á Þorkell Lindberg Þórarinnsson o.fl. 2011). – Numbers and distribution of breeding *Podiceps auritus* in 2004 (from Þorkell Lindberg Þórarinnsson et al. 2011).



25. mynd. Flórgoði (*Podiceps auritus*). Ljós. Erling Ólafsson.



26. mynd. Haförn (*Haliaeetus albicilla*). Ljós. Ólafur K. Nielsen.

## Ránfuglar, uglur og hrafn – *Raptors, owls and raven*

### Haförn *Haliaeetus albicilla*

Haförn er varpfugl á Grænlandi, í Evrópu og Asíu til Kyrrahafs. Hér er hann sjaldgæfur varpfugl og var íslenski stofninn metinn 74 pör árið 2016 (Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn) og verpa þau langflest við Breiðafjörð (51. tafla). Er alger staðfugl en ungfuglar flakka innanlands.

Yfir 80% arna verpa á mikilvægum fuglasvæðum (41. tafla), langflestir eða 63% við Breiðafjörð.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

Engin/none

51. tafla. Hafarnarvarp á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Breeding Haliaeetus albicilla in important bird areas in Iceland (from IINH, unpublished data).*

Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (pör) <i>Number (pairs)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Borgarfjörður–Löngufjörur	FG-V 10	B	10	2016	13,5	
Breiðafjörður	FG-V 11	B	47	2016	63,5	
Önnur mikilv. svæði – <i>Other important areas</i>			3	2016	4,1	
Alls – <i>Total</i>			60		81,1	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

**English summary:** *Haliaeetus albicilla is a rare breeding bird (74 pairs in 2016) and currently concentrated in western Iceland; 80% of the birds breed in IBAs designated for other species.*

### Smyrill *Falco columbarius*

Smyrill verpur í N-Ameríku, Evrópu og Asíu til Kyrrahafs. Hér er hann fremur strjáll og hefur verið giskað á að hér verpi 1.000–1.200 pör (Asbirk o.fl. 1997). Varpútbreiðsla og einstök varpóðul eru nokkuð vel þekkt í Þingeyjarsyslu (Ólafur K. Nielsen 1986, 1995) og sæmilega á Suðvesturlandi (Náttúrufræðistofnun Ísland, óbirt gögn), en afar

brotakennd í öðrum landshlutum. Smyrill er að mestu farfugl og hefur vetursetu á Bretlandseyjum.

Ekki eru nægar forsendur til að meta þýðingu einstakra svæða fyrir smyril hér á landi.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

Engin/none

**English summary:** *The Falco columbarius population in Iceland is poorly known, but roughly estimated 1,000–1,200 pairs. No IBAs are designated for this species.*



**Fálki *Falco rusticolus***

Fálkinn verpur umhverfis norðurhvel jarðar og þá aðallega í heimskaualöndum. Hér er hann strjáll varpfugl, talinn 300–400 pör (Umhverfissráðuneytið 1992; byggt á nákvæmri skráningu fálkaóðala) og sveiflast fálkinn með rjúpnastofninum (Ólafur K. Nielsen 2011). Kerfisbundin skráning hefðbundinna varpstaða fór fram um land allt 1985–1991 og eru nú þekkt 647 fálkaóðul (Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). Þéttleiki óðala er mestur á norðanverðu

landinu en sunnanlands fylgja þau hálendisbrúninni (47. kort). Fálkinn er staðfugl en ungfuglar flakka um innanlands.

Um 18% fálkaóðala eru innan mikilvægra fuglasvæða (52. tafla).


**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

Engin/*none*

52. tafla. Fálkavarp á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Breeding Falco rusticolus in important bird areas in Iceland (from IINH, unpublished data).*

Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (óðul) <i>Number (territories)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Hornstrandafriðland	FG-V 13	B	7	2016	1,1	
Melrakkaslétta	FG-N 4	B	14	2016	2,2	
Vatnajökulsþjóðgarður	VOT-N 15	B	15	2016	2,3	
Önnur mikilv. svæði – <i>Other important areas</i>			67	2016	10,3	
Alls – <i>Total</i>			103		15,8	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*



47. kort. Þéttleiki fálkaóðala á Íslandi er mestur á dekkstu svæðunum (Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn; sjá skýringar á bls. 24). – *The density of Falco rusticolus territories in Iceland is highest in the darkest shaded areas (IINH, unpublished data; explanations on page 24).*

**English summary:** *The Falco rusticolus population is estimated 300–400 pairs, based on a dedicated survey of breeding territories (647); 15% of the territories are within IBAs designated for other species.*

**Snæugla *Bubo scandiacus***

Snæugla er hánorræn tegund sem verpur á tundraum umhverfis norðurhvel jarðar. Hún er árlegur gestur og fáein pör hafa orpið hér öðru hverju frá því um 1930. Þekkt eru um 10 örugg varpóðul og sterkur grunur er um varp á fimm til sex stöðum að auki (Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). Sum óðul hafa stundum verið í notkun árum og jafnvel áratugum saman en á öðrum er aðeins vitað um

eina varptilraun. Eitt til tvö hreiður hafa fundist nær árlega á Vestfjörðum síðan 2008.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A3:** *Biome restricted species (Arctic)*

**B2:** *Species of European conservation concern (categories 1–3)*

**English summary:** *Bubo scandiacus is a very scarce breeder in Iceland with only a handful of pairs breeding annually. No IBAs are designated for this species.*



**Brandugla *Asio flammeus***


Brandugla er útbreiddur varpfugl víða um heim og verpur í N- og S-Ameríku, Evrópu og Asíu til Kyrrahafs. Hún náði fótfestu hér á landi um 1930 og var gískað á að hér yrpu 100–200 pör (Umhverfissráðuneytið 1992). Branduglum fjölgaði greinilega upp úr 2000 og fram undir 2010 en nú virðist hafa hægt á þeirri fjölgun. Alls voru skráð um 220 óðul á árunum 2000–2016 (Náttúrufræðistofnun, óbirt gögn) en óvíst er hversu hátt hlutfall það er af öllum brandugluóðulum á landinu. Varpstofninn á þeim árum hefur væntanlega verið a.m.k. nokkur hundruð pör, jafnvel 300–500 og er varpið þéttast á Suðvestur-

og Norðausturlandi (48. kort). Brandugla er farflug að mestu.

Um 30% af þekktum brandugluóðulum 2000–2016 eru innan mikilvægra fuglasvæða, þar af um 16% á Suðurlandsundirlendi og um 10% á svæðinu Borgarfjörður–Mýrar–Löngufjörur.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**B2:** *Species of European conservation concern* (categories 1–3)



48. kort. Þéttleiki brandugluvarps á Íslandi er mestur á dekkstu svæðunum (Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn; sjá skýringar á bls. 24). – *The density of Asio flammeus breeding sites/territories in Iceland is highest in the darkest shaded areas (IINH, unpublished data; explanations on page 24).*

**English summary:** *Asio flammeus colonized Iceland in the early 20th century and has remained rare since, with a few hundred pairs breeding. No IBAs are designated for this species.*

**Hrafn *Corvus corax***

Hrafninn er mjög útbreiddur á norðurhveli jarðar og verpur allt frá Mið-Ameríku og N-Afríku í suðri norður á tundra heimskautalandanna. Hér er hann algengur og áberandi víða um land og var stofninn metinn 2.000 pör kringum 1985 (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 1992). Hröfnum hefur fækkað á á NA-landi (María Harðardóttir og Ólafur K. Nielsen 1999), sums staðar við Breiðafjörð og á Reykjanes-skaga (Náttúrufræðistofnun, óbirt gögn). Er alger

staðflug en ungfuglar flakka víða um land (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 1990).

Mikilvæg svæði verða ekki skilgreind fyrir hrafn hér á landi.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

Engin/none

**English summary:** *The Corvus corax population in Iceland was estimated 2,000 pairs in c. 1985. No IBAs are designated for this species.*

Mófuglar – *Waders and songbirds*Rjúpa *Lagopus muta*


Rjúpan verpur í norðanverðri N-Ameríku, Evrópu og Asíu til Kyrrahafs og auk þess eru einangraðir stofnar sums staðar sunnan við meginútbreiðslusvæðið. Hér er hún algengur og útbreiddur varpflug en sveiflast mikið og virðist vera í langtímafækkun sem varað hefur marga áratugi. Varpstofninn hefur verið metinn grófllega 30.000–115.000 pör (Kjartan G. Magnússon o.fl. 2005). Íslenska rjúpan er sérstök deilitegund (*Lagopus muta islandorum*) og alger staðflugl en grænlenskar rjúpur koma hingað öðru hverju.

Rjúpu hefur fækkað í Evrópu og er hún þar á valista sem tegund í yfirvofandi hættu (NT; BirdLife International 2015).

53. tafla. Reiknaður fjöldi rjúpna sem gæti orpið á þeim mikilvægu fuglasvæðum þar sem >1% íslenska stofnsins er að finna (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Calculated number of breeding Lagopus muta within important bird areas with >1% of the Icelandic population (from IINH, unpublished data).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Borgarfjörður–Löngufjörur	FG-V 10	B	901	2013	1,5	
Laxárdalsheiði	VOT-V 3	B	884	2013	1,5	
Arnarvatnsheiði	VOT-N 1	B	670	2013	1,1	
Skagi	VOT-N 5	B	896	2013	1,5	
Melrakkaslétta	FG-N 4	B	2.532	2013	4,3	
Úthérað	VOT-A 3	B	690	2013	1,2	
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	7.305	2013	12,4	
Önnur mikilv. svæði – <i>Other important areas</i>			1.731	2013	2,9	
Alls – <i>Total</i>			15.609		26,5	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*



49. kort. Rjúpa: útbreiðsla og reiknaður fjöldi óðala í hverjum 10×10 km reit, byggt á þéttleika varpflugla í vistlendum, aðallega 2012–2013. – *Lagopus muta: distribution and calculated number of territories within each 10×10 km grid, based on densities of breeding birds in different habitat type classes, mostly in 2012–2013.*

**English summary:** *The Lagopus muta in Iceland is estimated 59,000 pairs, based on measured densities in different habitat types and known and probable distribution; 27% may nest in IBAs, but such areas are specifically designated for this species.*

## Vaðfuglar

### Tjaldur *Haematopus ostralegus*

Tjaldur verpur víða í Evrópu og Asíu og er hér allalgengur og útbreiddur. Hefur verið giskað á 10.000–20.000 pör (Umhverfissráðuneytið 1992). Tjaldur breiddist út í Örfæfum (Hálfán Björnsson 1976) og á Norðurlandi á síðustu öld (Finnur Guðmundsson 1951). Stendur sú þróun hugsanlega enn yfir, t.d. á Ströndum en þar fjölgaði fuglum verulega á árunum 1995 til 2007 (Jón Hallur Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir 2009). Tjaldur er að mestu farfugl, en nokkur þúsund fuglar dvelja hér á vetrum, og þá að langmestu leyti við Breiðafjörð, Faxaflóa og í Hornafirði (50. kort).

Þar sem tjaldi hefur fækkað víða er hann nú á heimsválista sem tegund í yfirvofandi hættu (NT) og á Evrópuválista sem tegund í nokkurri hættu (VU; BirdLife International 2015).

**Dreifing og þéttleiki eftir vistlendum:** Tjaldur er láglendistegund sem finnst með ströndum og við ár og vötn umhverfis allt land (51. kort). Er algengastur á graslendi (3,1 par/km<sup>2</sup>) og í ræktarlandi

(2,0 pör/km<sup>2</sup>). Mikilvægasta vistlendið er graslendi þar sem 54% af reiknuðum 13.000 para stofni er að finna. Um 37% tjaldastofnsins reiknast innan mikilvægra fuglasvæða og þá að langmestu leyti á Suðurlandsundirlendi eða um 30% (54. tafla). Þess skal getið að litlar sem engar mælingar fóru fram á þeim svæðum þar sem varþútbreiðsla tjalds er að mestu línuleg, við strendur og ár, en þar verpa þeir sums staðar mjög þétt.

Engir viðkomustaðir eða vetrarstöðvar tjalda hér á landi teljast alþjóðlega mikilvægar. Hornafjörður eða Skarðsfjörður kemur hugsanlega til greina en vorið 1988 var talið að meira en 7.000 tjaldar hafi farið þar um en flestir voru þeir samtímis rúmlega 1.000 (Thiedemann 1990).

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa = 8.027 fuglar/birds; 2.676 pör/pairs (Wetlands International 2016)


**B1 i:** NV-Evrópa/NV-Afrika (vetrarstofn/winter) = 8.000 fuglar/birds; 2.667 pör/pairs (Wetlands International 2016)

54. tafla. Reiknaður fjöldi tjalda sem gæti orpið á þeim mikilvægu fuglasvæðum þar sem >1% íslenska stofnsins er að finna (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Calculated number of breeding Haematopus ostralegus within important bird areas with >1% of the Icelandic population (from IINH, unpublished data).*


Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Borgarfjörður–Löngufjörur	FG-V 10	B	191	2013	1,5	
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	3.961	2013	30,6	
Önnur mikilv. svæði – <i>Other important areas</i>			585	2013	4,5	
Alls – <i>Total</i>			4.737		36,6	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

**English summary:** *The Haematopus ostralegus population in Iceland is estimated 13,000 pairs, based on measured densities in different habitat types and known and probable distribution; 37% may nest in IBAs, but such areas are specifically designated for this species.*



50. kort. Meðaltal tjalda á 10 km strandlengju í vetrarfuglatalningum 1952–2014. Rauðgulir punktar sýna aðra staði þar sem a.m.k. hundruð fugla hafa sést að vetrarlagi (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Winter distribution of Hæmatopus ostralegus in mid-winter counts 1952–2014. Numbers indicate mean number of birds per 10 km coastline or at each inland site. Other sites with at least hundreds of birds are indicated with orange (from IINH, unpublished data).*



51. kort. Tjaldur: útbreiðsla og reiknaður fjöldi óðala í hverjum 10×10 km reit, byggt á þéttleika varpfugla í vistlendum, aðallega 2012–2013. – *Hæmatopus ostralegus: distribution and calculated number of territories within each 10×10 km grid, based on densities of breeding birds in different habitat type classes, mostly in 2012–2013.*



27. mynd. Tjaldur (*Hæmatopus ostralegus*). Ljós. Magnús Guðmundsson.

**Sandlóa *Charadrius hiaticula***

Sandlóa verpur í NA-Kanada, á Grænlandi, Íslandi og um norðanverða Evrópu og Asíu til Kyrrahafs. Hér er hún algeng og útbreidd og var varpstofninn gróflega metinn 50.000 pör (Thorup 2006). Sandlóa er alger farfugl og dvelst á vetrum í V-Evrópu og norðvestanverðri Afríku (Böðvar Þórisson o.fl. 2012). Íslenskir fuglar eru af deilitegundinni *C.h. psammodroma* sem verpur einnig á Grænlandi og í NA-Kanada. Heildarstofninn er metinn um 240 þúsund fuglar að vetrarlagi og talinn annaðhvort stöðugur eða hnignandi (van Roomen o.fl. 2015).

*Dreifing og þéttleiki eftir vistlendum:* Sandlóa er einn útbreiddasti fugl landsins og finnst um land allt (52. kort). Er fremur strjáll varpfugl, meðalþéttleiki <1 par/km<sup>2</sup>. Reiknaður heildarstofn er 23.300 pör. Um 2/3 stofnsins eða 73% er ofan 300 m hæðarlínu, einkum í melavistum. Meðalþéttleiki í mela-

vistum neðan 300 m hæðarlínu er 1,2 pör/km<sup>2</sup> en 0,62 pör/km<sup>2</sup> ofan hennar. Um 16% sandlóustofnsins gætu verið innan mikilvægra fuglasvæða og þá einkum í Vatnajökulsþjóðgarði og á Suðurlandsundirlendi (55. tafla). Það skal tekið fram að litlar sem engar mælingar fóru fram á þeim svæðum þar sem varpútbreiðsla sandlóu er að mestu línuleg, við strendur og ár, en þar verpur hún sums staðar afar þétt (Böðvar Þórisson 2013).

Viðkomustaðir sandlóu hér á landi teljast varla alþjóðlega mikilvægir en þó hafa allt að 2.000 fuglar sést samtímis í Skarðsfirði (Herdís Ólína Hjörvarsdóttir o.fl. 2016).

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)


**A4 i:** Kanada/Evrópa = 2.400 fuglar/*birds*; 800 pör/*pairs* (Wetlands International 2016)

**B1 i:** A4 i

55. tafla. Reiknaður fjöldi sandlóa sem gæti orpið á þeim mikilvægu fuglasvæðum þar sem >1% íslenska stofnsins er að finna (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Calculated number of breeding Charadrius hiaticula within important bird areas with >1% of the Icelandic population (from IINH, unpublished data).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Arnarnvatnsheiði	VOT-N 1	B	320	2013	1,4	
Vatnajökulsþjóðgarður	VOT-N 15	B	1.115	2013	4,8	
Jökuldalsheiði	VOT-A 2	B	297	2013	1,3	
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	851	2013	3,6	
Önnur mikilv. svæði – <i>Other important areas</i>			1.203	2013	5,2	
Alls – <i>Total</i>			3.786		16,2	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*



52. kort. Sandlóa: útbreiðsla og reiknaður fjöldi óðala í hverjum 10×10 km reit, byggt á þéttleika varpfugla í vistlendum, aðallega 2012–2013. – *Charadrius hiaticula: distribution and calculated number of territories within each 10×10 km grid, based on densities of breeding birds in different habitat type classes, mostly in 2012–2013.*

**English summary:** The *Charadrius hiaticula* population in Iceland is estimated 23,000 pairs, based on measured densities in different habitat types and known and probable distribution; 16% may nest in IBAs. No such areas are specifically designated for this species, but two staging sites are close to meeting the criteria which include arctic passage migrants in unknown numbers.



**Heiðlóa *Pluvialis apricaria***

Heiðlóa verpur á A-Grænlandi, Íslandi og um norðanverða Evrópu austur í miðja Síberíu. Hún er mjög algeng og útbreidd hér á landi og hefur varpstofninn verið gróflga metinn 310.000 pör (Thorup 2006). Heiðlóa er alger farfugl og hefur vetursetu frá Bretlandseyjum suður til Marokkó (Guðmundur A. Guðmundsson 1997).

**Dreifing og þéttleiki eftir vistlendum:** Heiðlóa er útbreidd um land allt, einkum í móavistum (53. kort). Reiknuð stofnstærð er 396.000 pör og eru  $\frac{2}{3}$  hlutar stofnsins á láglendi (neðan 300 m hæðarlínu). Þéttleiki er mestur í móavistum, 13 pör á km<sup>2</sup> á láglendi en 4,7 pör á km<sup>2</sup> á hálendi og þar er 42% stofnsins

að finna. Þéttleiki í hrauna-, mosa- og mýravistum á láglendi er um 10 pör á km<sup>2</sup>. Um 23% heiðlóustofnsins eru innan mikilvægra fuglasvæða (56. tafla).

Ekki er vitað um neina viðkomustaði heiðlóu hér á landi sem teljast alþjóðlega mikilvægir, enda sjaldgæft að sjá hér stóra hópa, þ.e. þúsundir fugla.

**Viðmið:** IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)


**A4 i:** NV-Evrópa = 9.300; 3.100 pör/pairs (Wetlands International 2016)

**B1 i:** A4 i

56. tafla. Reiknaður fjöldi heiðlóa sem gæti orpið á þeim mikilvægu fuglasvæðum þar sem >1% íslenska stofnsins er að finna (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Calculated number of breeding Pluvialis apricaria within important bird areas with >1% of the Icelandic population (from IINH, unpublished data).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Borgarfjörður–Löngufjörur	FG-V 10	B	4.375	2013	1,1	
Laxárdalsheiði	VOT-V 3	B	5.088	2013	1,3	
Arnarvatnsheiði	VOT-N 1	B	7.916	2013	2,0	
Skagi	VOT-N 5	B	4.562	2013	1,2	
Melrakkaslétta	FG-N 4	B	11.552	2013	2,9	
Vatnajökulsþjóðgarður	VOT-N 15	B	4.289	2013	1,1	
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	37.066	2013	9,4	
Önnur mikilv. svæði – Other important areas			17.183	2013	4,3	
Alls – Total			92.031		23,2	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*



53. kort. Heiðlóa: útbreiðsla og reiknaður fjöldi óðala í hverjum 10×10 km reit, byggt á þéttleika varpugla í vistlendum, aðallega 2012–2013. – *Pluvialis apricaria: distribution and calculated number of territories within each 10×10 km grid, based on densities of breeding birds in different habitat type classes, mostly in 2012–2013.*

**English summary:** The *Pluvialis apricaria* population in Iceland is estimated 396,000 pairs, based on measured densities in different habitat types and known and probable distribution; 21% may nest in IBAs, but such areas are specifically designated for this species.

**Rauðbrystingur *Calidris canutus***

Rauðbrystingur er hánorrænn varpfugl og skiptist í nokkra vel aðgreinda stofna. Sá stærsti, deilitegundin *C.c. islandica*, fer hér um vor og haust á leið til og frá varpstöðvum í NA-Kanada og á Grænlandi og vetrarstöðvum í Evrópu, alls um 270.000 fuglar (54. kort). Annar hluti þessa stofns, ríflega 20%, fer um N-Noreg (Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1993) en eitthvað af þeim fuglum fer einnig um Ísland (Wilson 2013).

Rauðbrystingur er skráður sem tegund í yfirvofandi hættu á heimsválista (NT; BirdLife International 2015) þar sem flestir stofnar hafa dregist saman. Hann er hins vegar ekki á evrópskum válista þar sem ekki er vitað til þess að deilitegundinni *islandica* hafi fækkað umtalsvert.

Alls eru a.m.k. átta svæði flokkuð sem alþjóðlega mikilvægir viðkomustaðir rauðbrystings hér á landi og um 80% fuglanna koma hér við á alþjóðlega mikilvægum fuglasvæðum (57. tafla).

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Kanada/Grænland/Evrópa/V- og S-Afrika (vetrarstofn/winter c. 1990) = 8.500 fuglar/birds (Wetlands International 2016)

**B1 i:** NA-Kanada/Grænland/Ísland/NV-Evrópa (vetrarstofn/winter c. 1990) = 3.500 fuglar/birds (Wetlands International 2016)

57. tafla. Mikilvægt viðkomusvæði rauðbrystings að vori (byggt á Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1991, 1993). – *Important staging areas of Calidris canutus in spring in Iceland (from Arnþór Garðarsson and Guðmundur A. Guðmundsson 1991, 1993).*


Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (fuglar) Number (birds)	Ár Year	Hlutfall af farl. stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Hvalfjörður	FG-V 6	P	18.512	1990	5,3	A4i, B1i, B2
Grunnafjörður <sup>1</sup>	FG-V 8	P	3.540	2008	1,0	B1i, B2
Borgarfjörður–Lóngufjörur	FG-V 10	P	22.180	1990	6,3	A4i, B1i, B2
Breiðafjörður	FG-V 11	P	170.000	1990	48,6	A4i, B1i, B2
Tjörnes <sup>2</sup>	FG-N 3	P	5.225	2008	1,5	B1i, B2
Melrakkaslétta	FG-N 4	P	7.300	1990	2,1	B1i, B2
Stökkseyri–Eyrarbakki	FG-S 1	P	7.600	1990	2,2	B1i, B2
Selvogur	FG-S 2	P	5.100	1990	1,5	B1i, B2
Alls – Total			239.457		68,4	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

<sup>1</sup> Böðvar Þórisson o.fl. 2008.

<sup>2</sup> Þorkell Lindberg Þórarinnsson og Aðalsteinn Örn Snæþórsson 2008.

**English summary:** *Calidris canutus* is a common passage migrant in Iceland with 270,000 birds estimated in spring 1990. Eight IBAs are designated for this species, holding 68% of the birds.



54. kort. Fjöldi og dreifing rauðbrystinga sem sáust í maí 1990 (byggt á Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1993). – Number and distribution of *Calidris canutus* seen in May 1990 (from Guðmundur A. Guðmundsson and Arnþór Garðarsson 1993).



28. mynd. Rauðbrystingur (*Calidris canutus*). Ljós. Erling Ólafsson.

**Sanderla *Calidris alba***

Sanderla er hánorrænn varpfugl sem verpur hér og hvar í heimskaualöndum en er strandfugl á veturnum í tempraða beltinu, nánast á öllu suðurhveli. Grænlandskir fuglar, sem hafa vetursetu á Atlantshafsströnd Evrópu og Afríku, fara hér um vor og haust, einkum Vesturland og í auknum mæli að því er virðist um Melrakkaslétta í seinni tíð. Þessi stofn var metinn um 120 þúsund fuglar milli 1990 og 2000 (Stroud o.fl. 2004) en nú um 200 þúsund fuglar enda hefur þeim fjölgað um 4% á ári um langt skeið (van Rooijen o.fl. 2015). Hugsanlegt er að fuglar sem verpa í NA-Kanada fari hér eitthvað um, því sumir þeirra virðast notað A-Atlantshafsfarleiðina (Reneerrens o.fl. 2009). Allar sanderlur sem virtust á farflugi á SV-landi stefndu þó í NNA, þ.e. í átt að varpstöðvum á NA-Grænlandi (Guðmundsson og Lindström 1992).

Hér hafa mest verið taldir >8.000 sanderlur sama árið (Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1993). Hver og einn fugl virðist hafa hér stutta viðdvöl (3 dagar að meðaltali) og vegna

mikillar umsetningar getur fjöldi fugla sem fer um verið mun meiri en hæstu talningar gefa til kynna (Scott o.fl. 2004).

Auk reglulegra viðkomustaða eiga sanderlur það til að sjást jafnvel mörg hundruðum saman á stöðum sem þær virðast annars nota afar stopult hér á landi (55. kort). Sanderlum sem fara um Sandgerði hefur fækkað mikið frá 1996, líklega vegna mikillar skerðingar á fjörum við bæinn (Renerkeens o.fl. 2009). Á sama tíma hefur umferð fugla um Melrakkaslétta stóraukist (Guðmundur Örn Benediktsson, óbirt heimild). Flokkun mikilvægra staða fyrir sanderlu er því örðug en a.m.k. þrjú svæði teljast alþjóðlega mikilvægir viðkomustaðir sanderlu hér á landi (58. tafla).

**Viðmið:** IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** A-Atlantshafsfarleið/*E-Atlantic flyway*/V- og S-Afríka (vetrarstofn/*winter c. 1990*) = 2.000 fuglar/*birds* (Wetlands International 2016)

**B1 i:** A4 i

58. tafla. Mikilvæg viðkomusvæði sanderlu að vori. – *Important staging areas of Calidris alba in spring in Iceland.*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (fuglar) Number (birds)	Ár Year	Hlutfall af farl. stofni (%) Percentage of flyw. popul. (%)**	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Kalmanstjörn–Garðskagi <sup>1</sup>	FG-V 1	P	1.300	1989	1,1	A4i, B1i
Borgarfjörður–Lóngufjörur <sup>2</sup>	FG-V 10	P	7.000	1990	5,8	A4i, B1i
Melrakkaslétta <sup>3</sup>	FG-N 4	P	3.700	2011	1,9	A4i, B1i
Alls – Total					(8,8)	


\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

\*\* Miðað við stofnstærð á hverjum tíma (byggt á Wetlands International 2016). – *Based on population size in a given year (from Wetlands International 2016).*

<sup>1</sup> Guðmundur A. Guðmundsson og Lindström 1992.

<sup>2</sup> Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1991.

<sup>3</sup> Guðmundur Örn Benediktsson, óbirt heimild. – *Guðmundur Örn Benediktsson, unpublished source.*



55. kort. Staðir þar sem stórir sanderluhópar hafa sést að vorlagi (aðallega byggt á sömu heimildum og í 58. töflu). – *Sites where Calidris alba have congregated in large numbers in spring in Iceland (mostly from the same sources as in Table 58).*

**English summary:** *Calidris alba* is a passage migrant in Iceland, but numbers and the use of staging sites are poorly known. Tentatively, four staging sites are designated IBAs for this species.

**Sendlingur *Calidris maritima***

Sendlingur er hánorrænn varpfugl sem verpur í N-Kanada, á Grænlandi, Íslandi og austur á Tamírskaga í Síberíu. Hann er strjáll varpfugl hér á landi og er algengastur á hálendinu (55. kort). Til skamms tíma voru íslenskir sendlingar taldir til sérstakrar deilitegundar (*Calidris maritima littoralis*) en erfðarannsóknir styðja ekki þá flokkun (Barisas o.fl. 2015). Íslenski varpstofninn var gróflega metinn um 30.000 pör (Thorup 2006).

*Dreifing og þéttleiki eftir vistlendum:* Sendlingur er strjáll varpfugl, útbreiddur um mestallt land en þó síst á láglendi sunnan- og vestanlands (56. kort). Reiknaður stofn er 15.000 pör og eru yfir 90% þeirra á hálendi (>300 m h.y.s.) Hæsti meðalþéttleiki er 0,45 pör/km<sup>2</sup> í móavistum á hálendi en 0,39 pör/km<sup>2</sup> í mosavistum undir 300 m hæð. Um 14% stofnsins reiknast innan mikilvægra fuglasvæða (59. tafla). Sendlingar eru sums staðar hnappdreifðir og geta þá orpið mjög þétt, t.d. í kríuvörpunum á Melrakkasléttu (Summers og Nicoll 2004). Engar þéttleikamælingar fóru fram á slíkum stöðum.

Íslenskir sendlingar eru væntanlega staðfuglar, a.m.k. hafa engir þeirra sem merktir voru hér á varpstöðvum komið fram erlendis (sbr. Summers o.fl. 1988). Sendlingur er eini vaðfuglinn sem er algengur í fjörum um land allt á veturna (57. kort). Auk íslenskra varpfugla fara hér um sendlingar frá Kanada á leið til vetrarstöðva austanhafs (Summers o.fl. 2009, 2014). Er talið að um 20 þúsund þeirra hafi vetursetu í Evrópu utan Íslands (Gunnar Þór

Hallgrímsson o.fl. 2012b, Summers o.fl. 2014). Auk þess hafa kanadískir fuglar vetursetu hér á landi, m.a. á SV-landi og í Hornafirði.

Erfitt er að meta alþjóðlegt mikilvægi vetrardvalarstaða og viðkomustaða sendlings hér á landi vegna þess að í hlut eiga a.m.k. tveir stofnar og hvorugur þeirra er vel þekktur. Sama er að segja um notkun þeirra á einstökum svæðum. Miðað við mat á íslenska varpstofninum (15 þúsund pör, sjá að framan) gæti sá stofn verið alls 45 þúsund fuglar miðað við reikni-reglu Wetlands International (2016). Við bætast um 20 þúsund kanadískir fargestir og óþekktur fjöldi kanadískra vetrargesta (sjá að framan). Því gætu sendlingar sem nýta fjörur hér á landi verið um 65 þúsund talsins en þeir gætu líka verið mun fleiri. Fuglarnir eru væntanlega ekki allir í fjörunum samtímis, því íslenskir sendlingar eru margir hverjir komnir á varpstöðvarnar í maí þegar þeir kanadisku eru hér á ferð. Hér verður miðað við að svæði með 500 fuglum geti haft alþjóðlega þýðingu. Stórir sendlingahópar hafa sést hér víða í fjörum að vorlagi, einkum vestanlands og á NA-landi (58. kort). Margir þessara staða kunna að hafa alþjóðlega þýðingu og það sama á við um nokkur vetrarsvæði (60. tafla).

**Viðmið:** IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Kanada/Grænland/Evrópa/V- og S-Afrika (vetrarstofn/winter c. 1990) = 8.500 fuglar/birds (Wetlands Int. 2016)

**B1 i:** NA-Kanada/Grænland/Ísland/NV-Evrópa (vetrarstofn/winter c. 1990) = 3.500 fuglar/birds (Wetlands Int. 2016)


59. tafla. Reiknaður fjöldi sendlinga sem gæti orpið á þeim mikilvægu fuglasvæðum þar sem >1% íslenska stofnsins er að finna (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Calculated number of breeding Calidris maritima within important bird areas with >1% of the Icelandic population (from IINH, unpublished data).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Arnarvatnsheiði	VOT-N 1	B	468	2013	3,1	
Vatnajökulsþjóðgarður	VOT-N 15	B	812	2013	5,4	
Jökuldalsheiði	VOT-A 2	B	272	2013	1,8	
Önnur mikilv. svæði – Other important areas			587	2013	3,9	
Alls – Total			2.139		14,2	


\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

**English summary:** The *Calidris maritima* population in Iceland is estimated 15,000 pairs, based on measured densities in different habitat types and known and probable distribution; 14% may nest in IBAs designated for other species. In addition, unknown numbers of birds from Canada pass through and winter in Iceland, making the application of IBA criteria difficult. Tentatively, 10 IBAs are designated for this species as winter and/or staging sites.






56. kort. Sendlingur: útbreiðsla og reiknaður fjöldi óðala í hverjum 10×10 km reit, byggt á þéttleika varpfugla í vistlendum, aðallega 2012–2013. – *Calidris maritima*: distribution and calculated number of territories within each 10×10 km grid, based on densities of breeding birds in different habitat type classes, mostly in 2012–2013.



57. kort. Meðaltal sendlinga á 10 km strandlengju í vetrarfuglatalningum 1952–2014 (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Winter distribution of Calidris maritima in mid-winter counts 1952–2014. Numbers indicate mean number of birds per 10 km coastline or at each inland site (IINH, unpublished data).*



58. kort. Mikilvægir viðkomustaðir sendlings að vori (mostly from same sources as in Table 60). – *Important staging areas of Calidris maritima in spring in Iceland (mostly from the same sources as in Table 60).*

60. tafla. Mikilvæg vetrar- og viðkomusvæði sendlings. – *Important winter and staging areas of Calidris maritima in Iceland.*

Svæði <i>Area</i>	Svæðisnúmer <i>Area code</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (fuglar) <i>Number (birds)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Kalmanstjörn–Garðskagi <sup>1</sup>	FG-V 1	W	612	2005–2008	1,2	A4i, B1i
Álftanes–Skerjafjörður <sup>2</sup>	FG-V 2	W	700	1974	1,4	A4i, B1i
Elliðavogur–Grafarvogur <sup>3</sup>	FG-V 3	P	1.030	1997	2,1	A4i, B1i
Blikastaðakró–Leiruvogur <sup>2</sup>	FG-V 4	W	500	1977	1,0	A4i, B1i
Hvalfjörður <sup>2</sup>	FG-V 6	W	520	1975	1,0	A4i, B1i
Borgarfjörður–Löngufjörður <sup>4</sup>	FG-V 10	W	1.745	2017	3,5	A4i, B1i
Breiðafjörður <sup>5</sup>	FG-V 11	P	5.210	1990	10,4	A4i, B1i
Breiðafjörður <sup>4</sup>	FG-V 11	W	2.368	2017	4,7	A4i, B1i
Tjörnes <sup>6</sup>	FG-N 3	P	1.113	2008	2,2	A4i, B1i
Melrakkaslétta <sup>7</sup>	FG-N 4	P	2.000	1986	4,0	A4i, B1i
Melrakkaslétta <sup>8</sup>	FG-N 4	W	2.200	2011–2013	4,4	A4i, B1i
Skarðsfjörður <sup>1</sup>	FG-A 6	W	1.000	2011	2,0	A4i, B1i

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

<sup>1</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, vetrarfuglatalningar. – *IINH, mid-winter counts.*

<sup>2</sup> Wilson 1982.

<sup>3</sup> Arnþór Garðarsson 1998.

<sup>4</sup> Böðvar Þórisson o.fl. 2017.

<sup>5</sup> Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1991.

<sup>6</sup> Þorkell Lindberg Þórarinnsson og Aðalsteinn Örn Snæþórsson 2008.

<sup>7</sup> Whitfield og Magnússon 1987.

<sup>8</sup> Náttúrustofa Norðausturlands, óbirt gögn. – *Northeast Iceland Nature Research Centre, unpublished data.*

### Lóupræll *Calidris alpina*

Lóupræll verður einkum í heimskautalöndum umhverfis norðurhvel jarðar. Hann er algengur varpfugl hér á landi og hefur stofninn verið gróflega metinn 270.000 pör (Thorup 2006). Er það yfir 90% af stofni deilitegundarinnar *C.a. schinzii*. Lóupræll er alger farfugl og hefur vetursetu í V-Afríku. Grænlandskir lóuprælar (*C.a. arctica*) koma hér einnig við (Gunnar Þór Hallgrímsson 2010). Hér er lóuprællinn algengur í fjörum á vorin og eins síðsumars í sjávarlönunum og leirum.

**Dreifing og þéttleiki eftir vistlendum:** Lóupræll er votlendisfugl, útbreiddur á láglandi um mest allt land, einkum í mýrlendi, og verður einnig víða á hálendinu (59. kort). Reiknaður stofn er 275.300 pör og eru um 15% stofnsins ofan 300 m hæðarlínu. Mestur þéttleiki lóupræla er í mýravistum, 19,9 pör/km<sup>2</sup> á láglandi en 5,7 pör/km<sup>2</sup> á hálendi og er 108.000 pör,

um 39%, að finna í því vistlendi en um 89.000 pör eða 32% eru í móavistum. Um 28% lóupræla eru innan mikilvægra fuglasvæða (61. tafla).

Eina viðkomusvæði lóupræla hér á landi sem gæti talist alþjóðlega mikilvægt er Skarðsfjörður ásamt Hornafirði en þar hafa sést samtímis yfir 10 þúsund fuglar (Regína Hreinsdóttir o.fl. 2006). Thiedemann (1990) áætlaði að allt að 23 þúsund fuglar hefðu farið þar um vorin 1990 en miklu færri fuglar sáust þó samtímis.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa = 22.440 fuglar/*birds*; 7.480 pör/*pairs* (Wetlands International 2016)


**B1 i:** Ísland/Grænland = 7.800 fuglar/*birds*; 2.600 pör/*pairs* (Wetlands International 2016)

**English summary:** *The Calidris alpina population in Iceland is estimated 275,000 pairs, based on measured densities in different habitat types and known and probable distribution; 28% may nest in IBAs. No such areas are specifically designated for this species, but one staging site probably meets the criteria. In addition, breeding birds from Greenland (C.a. arctica) pass through Iceland in unknown numbers.*

61 . tafla. Reiknaður fjöldi lóupræla sem gæti orpið á þeim mikilvægu fuglasvæðum þar sem >1% íslenska stofnsins er að finna (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Calculated number of breeding Calidris alpina within important bird areas with >1% of the Icelandic population (from IINH, unpublished data).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Borgarfjörður–Löngufjörur	FG-V 10	B	5.502	2013	2,0	
Laxárdalsheiði	VOT-V 3	B	5.231	2013	1,9	
Arnarvatnsheiði	VOT-N 1	B	5.863	2013	2,1	
Skagi	VOT-N 5	B	4.845	2013	1,8	
Melrakkaslétta	FG-N 4	B	7.523	2013	2,7	
Úthérað	VOT-A 3	B	3.723	2013	1,4	
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	31.111	2013	11,3	
Önnur mikilv. svæði – <i>Other important areas</i>			12.415	2013	4,5	
Alls – <i>Total</i>			76.213		27,7	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*



59. kort. Lóupræll: útbreiðsla og reiknaður fjöldi óðala í hverjum 10×10 km reit, byggt á þéttleika varpfugla í vistlendum, aðallega 2012–2013. – *Calidris alpina: distribution and calculated number of territories within each 10×10 km grid, based on densities of breeding birds in different habitat type classes, mostly in 2012–2013.*



29. mynd. Lóupræll (*Calidris alpina*).  
Ljós. Erling Ólafsson.

**Hrossagaukur *Gallinago gallinago***

Hrossagaukur verpur í Evrópu og Asíu til Kyrrahafs. Hér á landi er hann algengur varpfugl og hefur stofninn verið gróflaga metinn 180.000 pör (Thorup 2006). Íslenskir fuglar tilheyra sérstakri deilitegund (*Gallinago gallinago faeroensis*) og verpa >95% hennar hér, en auk þess í Færeyjum og á norðanverðum Bretlandseyjum. Hrossagaukur er nær algel farfugl sem fer til V-Evrópu á vetrum, einkum til Írlands.

**Dreifing og þéttleiki eftir vistlendum:** Hrossagaukur er láglendisfugl útbreiddur um allt land en algengastur um vestari helming landsins (60. kort). Reiknuð stofnstærð er 305.700 pör og líklega er <1% stofns ofan 300 m hæðarlínu. Mestur þéttleiki er í mýravist 21,3 pör/km<sup>2</sup>, næst kemur gras-

lendi með 19,7 pör/km<sup>2</sup> og þar á eftir lúpína með 19,5 pör/km<sup>2</sup>. Mikilvægustu vistir eru mýravist með 97.600 pör og móavist með 67.400 pör. Um 29% hrossagauka verpa innan mikilvægra fuglasvæða (62. tafla).

Engir viðkomustaðir eða vetrarstöðvar hér á landi teljast alþjóðlega mikilvægar fyrir hrossagauk enda hópast hann ekki saman svo neinu nemur á fartíma.

**Viðmið:** IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)


**A4 i:** Evrópa = 125.200 fuglar/birds; 41.733 pör/pairs (Wetlands International 2016)

**B1 i:** 5.700 fuglar/birds; 1.900 pör/pairs (Wetlands International 2016 uppfært/updated)

62. tafla. Reiknaður fjöldi hrossagauka sem gæti orpið á þeim mikilvægu fuglasvæðum þar sem >1% íslenska stofnsins er að finna (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Calculated number of breeding Gallinago gallinago within important bird areas with >1% of the Icelandic population (from IINH, unpublished data).*

Svæði	Svæðisnúmer	Árstími	Fjöldi (pör)	Ár	Hlutfall af íslenskum stofni (%)	Alþjóðlegt mikilvægi
Area	Area code	Season	Number (pairs)	Year	Percentage of Icelandic popul. (%)	International importance*
Borgarfjörður–Löngufjörur	FG-V 10	B	6.560	2013	2,1	
Laxárdalsheiði	VOT-V 3	B	4.322	2013	1,4	
Arnarvatnsheiði	VOT-N 1	B	3.272	2013	1,1	
Skagi	VOT-N 5	B	4.213	2013	1,4	
Melrakkaslétta	FG-N 4	B	7.382	2013	2,4	
Úthérað	VOT-A 3	B	4.078	2013	1,3	
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	48.609	2013	15,9	
Önnur mikilv. svæði – Other important areas			10.355	2013	3,4	
Alls – Total			88.791		29,0	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.



60. kort. Hrossagaukur: útbreiðsla og reiknaður fjöldi óðala í hverjum 10×10 km reit, byggt á þéttleika varpfugla í vistlendum, aðallega 2012–2013. – *Gallinago gallinago: distribution and calculated number of territories within each 10×10 km grid, based on densities of breeding birds in different habitats type classes, mostly in 2012–2013.*

**English summary:** The *Gallinago gallinago* population in Iceland is estimated 306,000 pairs, based on measured densities in different habitat types and known and probable distribution; 26% may nest in IBAs, but such areas are specifically designated for this species.

**Jaðrakan *Limosa limosa***

Jaðrakan verpur í Evrópu og sums staðar víða í Asíu allt til Kyrrahafs. Hann er algengur varpfugl hér á landi og hefur fjölgað mikið og breiðst út fram á síðustu ár. Íslenskir jaðrakanar heyra til sérstakrar deilitegundar, *L.l. islandica*, sem verpur nær eingöngu hér. Varpstofninn var á árunum 1999–2002 metinn um 19 þúsund pör út frá endurteknum álestrum á litmerktum fuglum (Tómas G. Gunnarsson o.fl. 2005). Gróft mat sem byggðist á þektri og áætlaðri útbreiðslu og metnum þéttleika í helstu gróðurlendum leiddi til svipaðrar niðurstöðu (25.000 pör; Thorup 2006).

Jaðrakan er alger farfugl, hefur vetursetu á Bretlandseyjum og á vesturströnd meginlands Evrópu, frá Hollandi suður til Spánar. Árleg stofnvísitala er mæld á vetrarstöðvum (Gill o.fl. 2007, Lopes o.fl. 2013) og sýnir um 2% fjölgun á ári frá því um miðjan 8. áratug síðustu aldar. Vetrarstofninn var metinn 98–125 þúsund fuglar árið 2014 (van Roomen o.fl. 2015).

Jaðrakan hefur fækkað á meginlandi Evrópu vegna aukinna landbúnaðarumsvifa á síðustu áratugum og er því á heimsválista sem tegund í yfirvofandi hættu (NT) og eins á evrópskum válista sem tegund í nokkurri hættu (VU; BirdLife International 2015). Þessi fækkun nær aðeins til *L.l. limosa* en ekki til þeirrar vel aðgreindu deilitegundar sem verpur hér.

**Dreifing og þéttleiki eftir vistlendum:** Jaðrakan er eindreginn láglendisfugl og verpur einkum í votlendi (61. kort). Hann hefur verið að dreifast um landið undanfarna öld og í seinni tíð jafnframt hækkað sig í landinu. Útbreiðsluaukningin er líkast til enn í gangi. Reiknuð stofnstærð er 67.600 pör sem verpa nær öll neðan 300 m. Mestur er þéttleiki í graslendi 12,9 pör/km<sup>2</sup>, í ræktarlandi 7,8 pör/km<sup>2</sup> og mýravistum 7,0 pör/km<sup>2</sup>. Mikilvægustu vistir eru graslendi (24.300 pör) og mýravistir (19.800 pör). Suðurlandsundirlendi er langmikilvægasta svæðið þar sem 28% stofnsins er að finna, en alls gætu 39% stofnsins orpið á mikilvægum svæðum (63. tafla).

Á fartíma á vorin safnast jaðrakanar stundum í stóra hópa, svo sem á leirum, við grunn stöðuvötn, á flæðingjum, túnbleytum og jafnvel kornökrum á síðari árum (62. kort). Flestir þessara staða eru notaðir mjög óreglulega nema leirur (Tómas G. Gunnarsson, óbirt heimild). Langstærstu hóparnir sjást að jafnaði í Álftafirði eystra (allt að 5.000 fuglar) og á Mýrum og teljast þessi svæði og e.t.v nokkur önnur vera alþjóðlega mikilvæg fyrir jaðrakan (64. tafla).

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa/V-Afrika = 2.600 fuglar/birds; 867 pör/pairs (Wetlands International 2016)

**B1 i:** Ísland = 1.110 fuglar/birds; 555 pör/pairs (Wetlands International 2016)

63. tafla. Reiknaður fjöldi jaðrakana sem gæti orpið á þeim mikilvægu fuglasvæðum þar sem >1% íslenska stofnsins er að finna (Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Calculated number of breeding Limosa limosa within important bird areas with >1% of the Icelandic population (IINH, unpublished data).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Borgarfjörður–Löngufjörur	FG-V 10	B	2.119	2013	3,1	
Láglendi Skagafjarðar	VOT-N 6	B	963	2013	1,4	
Úthérað	VOT-A 3	B	1.364	2013	2,0	
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	19.134	2013	28,3	
Önnur mikilv. svæði – <i>Other important areas</i>			2.735	2013	4,0	
Alls – <i>Total</i>			26.315		38,9	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

**English summary:** *The Limosa limosa population in Iceland is estimated 68,000 pairs, based on measured densities in different habitat types and known and probable distribution; 39% may nest in IBAs designated for other species. Furthermore, four staging sites are designated IBAs for this species.*






64. tafla. Mikilvægir viðkomustaðir jaðrakans að vori: meðalhámarksfjöldi (byggt á Tómas Grétar Gunnarsson o.fl. 2005). – *Important staging areas of Limosa limosa in spring in Iceland: mean maximum number (from Tómas Grétar Gunnarsson et al. 2005).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (fuglar) Number (birds)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Borgarfjörður–Lóngufjörur	FG-V 10	P	3.000	1999–2002	7,5	A4i, B1i, B2
Óshólmar Eyjafjarðarár	FG-N 2	P	1.000	1999–2002	2,5	B2
Álftafjörður <sup>1</sup>	FG-A 3	P	4.000	1999–2002	10,0	A4i, B1i, B2
Skarðsfjörður <sup>2</sup>	FG-A 6	P	1.010	1999–2002	2,5	B2


\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

<sup>1</sup> Jennifer A. Gill o.fl., óbirt heimild. – *Jennifer A. Gill et al., unpublished.*

<sup>2</sup> Regína Hreinsdóttir o.fl. 2006.



61. kort. Jaðrakan: útbreiðsla og reiknaður fjöldi óðala í hverjum 10×10 km reit, byggt á þéttleika varpfugla í vistlendum, aðallega 2012–2013. – *Limosa limosa: distribution and calculated number of territories within each 10×10 km grid, based on densities of breeding birds in different habitat type classes, mostly in 2012–2013.*



62. kort. Viðkomustaðir jaðrakana, reglulegir sem óreglulegir, að vorlagi. Rautt táknar leirur og sjávarvogga, svart vötn og annað votlendi inn til landsins og grátt kornakra. – *Staging areas of Limosa limosa in spring (regular as well as irregular). Red depicts mudflats or coves, black lakes or other inland wetlands and grey barley fields.*

Byggt á – *from: Einar Ólafur Þorleifsson 1995, Guðmundur Örn Benediktsson 1995, Jóhann Óli Hilmarsson 2013, J. Gill, óbirt heimild, Jón Magnússon og Sverrir Thorstensen 2005, Tómas G. Gunnarsson o.fl. 2005, óbirt heimild, Þorkell Lindberg Þórarinnsson o.fl. 2008, eBird 2012.*



30. mynd. Jaðrakan (*Limosa limosa*). Ljós. Erling Ólafsson.

#### **Fjöruspói *Numenius arquata***

Fjöruspói verpur í Evrópu og Asíu austur til Kína. Hann er hér sjaldgæfur vetrargestur og verpur öðru hverju hér á landi (Whitfield o.fl. 1989, Jóhann Óli Hilmarsson 2017). Nokkrir tugir fugla hafa vetursetu á Suðvestur-, Vestur- og Suðausturlandi og er uppruni þeirra óþekktur.

Fækkað hefur í lykilstofnum fjöruspóa (Pearce-Higgins o.fl. 2017) og er hann nú á heimsválista sem tegund í yfirvofandi hættu (NT) og á Evrópuválista sem tegund í nokkurri hættu (VU), en þar hefur honum fækkað hratt (BirdLife International 2015).

Engir staðir hér á landi teljast alþjóðlega mikilvægir fyrir fjöruspóa.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** Evrópa = 7.400 fuglar/birds; 2.467 pör/pairs (Wetlands International 2016)

**B1 i:** A4 i

**English summary:** *Numenius arquata* is a rare winter visitor (<100 individuals) in SW- and SA-Iceland and a rare (irregular) breeder. No IBAs are designated for this species.

**Spói *Numenius phaeopus***

Spói verpur hér og hvar um norðanverða N-Ameríku, Evrópu og Asíu til Kyrrahafs. Hann er algengur varpflugl á Íslandi og hefur stofninn verið metinn gróflega 250.000 pör (Thorup 2006). Íslenskir spóar teljast til sérstakrar deilitegundar (*Numenius phaeopus islandicus*) sem verpur nær öll hér á landi. Alger farflugl og fer til V-Afríku (Tómas G. Gunnarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 2016), jafnvel í einum áfanga (Alves o.fl. 2016).

**Dreifing og þéttleiki eftir vistlendum:** Spói er algengur um allt land en mest er af honum á vesturhellingi landsins (63. kort). Hæsti þéttleiki spóa á láglendi er á graslendi 13,5 pör/km<sup>2</sup> og í mýravistum

12,2 pör/km<sup>2</sup>. Á hálendi er mest um spóa í móavist 1 par/km<sup>2</sup>. Reiknuð stofnstærð er 256.000 pör og af þeim eru 12.900 eða um 5% ofan 300 m hæðarlínu. Um 28% spóa eru innan mikilvægra fuglasvæða, flestir á Suðurlandsundirlendi, um 15% (65. tafla).

Ólíkt mörgum vaðfluglum, safnast spóinn ekki í stóra hópa. Þar af leiðandi eru engir viðkomustaðir hér á landi sem teljast alþjóðlega mikilvægir fyrir spóa.

**Viðmið:** IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)


**A4 i:** Evrópa/V-Afríka = 10.365 fuglar/birds;  
3.455 pör/pairs (Wetlands International 2016)

**B1 i:** A4 i

65. tafla. Reiknaður fjöldi spóa sem gæti orpið á þeim mikilvægu fuglasvæðum þar sem >1% íslenska stofnsins er að finna (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Calculated number of breeding Numenius phaeopus within important bird areas with >1% of the Icelandic population (from IINH, unpublished data).*

Svæði	Svæðisnúmer	Árstími	Fjöldi (pör)	Ár	Hlutfall af íslenskum stofni (%)	Alþjóðlegt mikilvægi
Area	Area code	Season	Number (pairs)	Year	Percentage of Icelandic popul. (%)	International importance*
Borgarfjörður–Löngufjörur	FG-V 10	B	4.181	2013	1,6	
Laxárdalsheiði	VOT-V 3	B	3.764	2013	1,5	
Arnarvatnsheiði	VOT-N 1	B	3.323	2013	1,3	
Skagi	VOT-N 5	B	3.525	2013	1,4	
Melrakkaslétta	FG-N 4	B	7.566	2013	3,0	
Úthérað	VOT-A 3	B	2.903	2013	1,1	
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	37.549	2013	14,7	
Önnur mikilv. svæði – Other important areas			8.431	2013	3,3	
Alls – Total			71.242		27,8	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.



63. kort. Spói: útbreiðsla og reiknaður fjöldi óðala í hverjum 10×10 km reit, byggt á þéttleika varpflugla í vistlendum, aðallega 2012–2013. – *Numenius phaeopus: distribution and calculated number of territories within each 10×10 km grid, based on densities of breeding birds in different habitat type classes, mostly in 2012–2013.*

**English summary:** The *Numenius phaeopus* population in Iceland is estimated 256,000 pairs, based on measured densities in different habitat types and known and probable distribution; 25% may nest in IBAs, but such areas are specifically designated for this species.

**Stelkur *Tringa totanus***

Stelkur er varpfugl í Evrópu og Asíu austur til Kína. Hann er algengur varpfugl hér á landi og hefur stofninn verið grófllega metinn 140 þúsund pör (Thorup 2006). Íslenskir fuglar teljast til deilitegundarinnar *T.t. robusta* sem verpur nær öll hér á landi. Nær alger farfugl og hefur vetursetu í löndunum umhverfis Norðursjó. Samkvæmt vetrartalningum í Evrópu hefur stofninn minnkað um 1% á ári frá 1988 (van Roomen o.fl. 2015).

**Dreifing og þéttleiki eftir vistlendum:** Stelkur er eindreginn láglendisfugl (64. kort) sem verpur þéttast í ræktarlandi, 10,8 pör/km<sup>2</sup> og graslendi, 8,6 pör/km<sup>2</sup>. Reiknuð stofnstærð er 75.000 pör og reiknast aðeins rúm 100 pör ofan 300 m hæðarlínu. Graslendisvistir á láglendi eru mikilvægastar fyrir stelka en 25.000 pör reiknast í því vistlendi. Stelkur er sá mófugl sem hefur sterkasta tengingu við landbúnaðarsvæði.

Mest er af stelkum á Suðurlandsundirlendinu eða 16.100 pör, 21% stofns, en alls eru a.m.k. 31% stofnsins innan mikilvægra fuglasvæða (66. tafla).

Engar vetrarstöðvar hér á landi teljast alþjóðlega mikilvægar fyrir stelk en nokkrir viðkomustaðir kunna að ná tölulegum viðmiðum. Í Skarðsfirði töldust t.d. allt að 6.000 fuglar vorið 1988 (Thiedemann 1990) og á leirum í Andakíl voru um 2.500 fuglar í júlí 2001 (Jóhann Ólí Hilmarsson, óbirt heimild) (65. kort).

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)


**A4 i:** Evrópa = 10.590 fuglar/birds; 3.530 pör/pairs (Wetlands International 2016)

**B1 i:** Ísland/Færeyjar = 2.855 fuglar/birds; 952 pör/pairs (Wetlands International 2016)

66. tafla. Reiknaður fjöldi stelka sem gæti orpið á þeim mikilvægu fuglasvæðum þar sem >1% íslenska stofnsins er að finna (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Calculated number of breeding Tringa totanus within important bird areas with >1% of the Icelandic population (from IINH, unpublished data).*

Svæði	Svæðisnúmer	Árstími	Fjöldi (pör)	Ár	Hlutfall af íslenskum stofni (%)	Alþjóðlegt mikilvægi
Area	Area code	Season	Number (pairs)	Year	Percentage of Icelandic popul. (%)	International importance*
Borgarfjörður–Löngufjörur	FG-V 10	B	1.280	2013	1,7	
Melrakkaslétta	FG-N 4	B	1.120	2013	1,5	
Úthérað	VOT-A 3	B	798	2013	1,1	
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	16.104	2013	21,3	
Önnur mikilv. svæði – <i>Other important areas</i>			4.233	2013	5,6	
Alls – <i>Total</i>			23.535		31,2	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*



64. kort. Stelkur: útbreiðsla og reiknaður fjöldi óðala í hverjum 10×10 km reit, byggt á þéttleika varpfugla í vistlendum, aðallega 2012–2013. – *Tringa totanus: distribution and calculated number of territories within each 10×10 km grid, based on densities of breeding birds in different habitat type classes, mostly in 2012–2013.*

**English summary:** *The Tringa totanus population in Iceland is estimated 75,000 pairs, based on measured densities in different habitat types and known and probable distribution; 31% may nest in IBAs. No such areas are specifically designated for this species, but two staging sites are close to meeting the criteria.*



65. kort. Staðir þar sem stórir hópar stelka hafa sést að vori og síðsumars (tekið saman af Náttúrufræðistofnun Íslands). – Sites where high numbers of *Tringa totanus* have been observed in spring and late-summer in Iceland (compiled by IINH).

**Tildra *Arenaria interpres***

Tildra verpur við Eystrasalt og í N-Skandinavíu en að öðru leyti í heimskaotalöndum umhverfis norðurland jarðar. Hún fer hér um á leið sinni til og frá varpstöðvum á Grænlandi og í NA-Kanada og hefur sá stofn aðallega vetursetu í V-Evrópu. Er hann metinn 100–200 þúsund fuglar að vetrarlagi, framreiknað út frá áætluðum varpstofni, og hefur fuglunum fjölgað um 1% á ári frá 1988 (van Roomen o.fl. 2015). Tildran sést víða um land á vori (66. mynd) og bentu talningar til þess að um 40.000 fuglar hefðu viðdvöl í fjörum landsins í maí 1990 (Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1993). Tildra er einnig vetrargestur á Ísland, einkum suðvestan-

lands. Hefur þeim fuglum fækkað mikið á síðustu árum (Náttúrufræðistofnun, vetrarfuglatalningar).

Nokkur svæði teljast örugglega alþjóðlega mikilvægir viðkomustaðir fyrir tildru (67. kort, 67. tafla).

**Viðmið:** IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)

**A4 i:** NA-Kanada/Grænland/Ísland/Evrópa/Afrika = 2.365 fuglar/birds (Wetlands International 2016)

**B1 i:** A4 i

67. tafla. Mikilvæg viðkomusvæði tildru að vori. – Important staging areas of *Arenaria interpres* in spring in Iceland.

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (fuglar) Number (birds)	Ár Year	Hlutfall af farl. stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Breiðafjörður <sup>1</sup>	FG-V 11	P	10.000	1990	6,7	A4i, B1i
Tjörnes <sup>2</sup>	FG-N 3	P	1.445	2008	1,0	A4i, B1i
Melrakkasletta <sup>3</sup>	FG-N 4	P	10.000	2011	6,7	A4i, B1i

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.


<sup>1</sup> Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1993.

<sup>2</sup> Þorkell Lindberg Þórarinnsson og Aðalsteinn Örn Snæþórsson 2008.

<sup>3</sup> Guðmundur Örn Benediktsson, óbirt heimild. – Guðmundur Örn Benediktsson, unpublished.

**English summary:** *Arenaria interpres* is a common passage migrant in Iceland (40,000 estimated in spring 1990) and a rather rare winter visitor. Three IBAs are designated for this species.





66. kort. Fjöldi og dreifing tildra sem sáust í maí 1990 (byggt á Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1993). – Number and distribution of *Arenaria interpres* seen in May 1990 (from Guðmundur A. Guðmundsson and Arnþór Garðarsson 1993).



67. kort. Staðir þar sem stórir hópar af tildru sjást reglulega á vorin (byggt á Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1993, Þorkell Lindberg Þórarinnsson o.fl. 2008, Guðmundur Örn Benediktsson, óbirt heimild). – Sites where *Arenaria interpres* congregate in large numbers in spring in Iceland (from Guðmundur A. Guðmundsson and Arnþór Garðarsson 1993, Þorkell Lindberg Þórarinnsson et al. 2008, Guðmundur Örn Benediktsson, unpublished source).

**Þórshani *Phalaropus fulicarius***

Þórshani verpur víða í heimskautalöndum umhverfis norðurhvel jarðar. Hann er hér sjaldgæfur varpfugl og var stofninn áætlaður 120 pör árið 2005 (Yann Kolbeinsson 2011). Þórshani er alger farfugl og er ekki vitað hvar hann dvelur á vetrum.

Engin alþjóðleg töluleg viðmið hafa verið skilgreind

til að meta mikilvægi svæða fyrir þórshana (Heath og Evans 2000). Stofninn hér er sáralítill miðað við áætlaðan heimsstofn sem er talinn a.m.k. 1.350 þúsund einstaklingar (Wetlands International 2016).

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**A3:** *Arctic*

**English summary:** *Phalaropus fulicarius is a rare breeding bird in Iceland with 120 pairs in 2005. No IBAs are designated for this species.*

**Óðinshani *Phalaropus lobatus***

Óðinshani verpur umhverfis norðurhvel jarðar, þar á meðal í N-Evrópu. Hann er allalgengur varpfugl í auðugu votlendi víða um land og hefur stofninn verið gróflega metinn 50.000 pör (Thorup 2006). Það er samdóma álit manna að óðinshana hafi fækkað verulega hér síðan um 1960 en litlar tölulegar upplýsingar eru fyrir hendi. Óðinshani er alger farfugl og voru vetrarstöðvar óþekktar til skamms tíma en merkingar með dægurrítum hafa sýnt að fuglar hér og í Skotlandi dveljast við strendur Perú og Ekvador á vetrum (Yann Kolbeinsson o.fl. 2015, óbirt heimild).

**Dreifing og þéttleiki eftir vistlendum:** Útbreiðslukortið (68. kort) endurspeglar líklega hlutfallslega dreifingu óðinshana þar sem votlendi á hásléttum Austurlands: Jökuldalsheiði, Fljótaldalsheiði og Vesturöræfi skora hátt, sem og Arnarvatnsheiði fyrir vestan. Þéttleiki

óðinshana mælist illa því þeir eru víða hnappdreifðir og auk þess oft erfitt að túlka varpatferli þeirra. Úttektin gaf aðeins 10.400 pör, nokkuð jafnskipt neðan og ofan 300 m hæðarlínu og gætu um 28% þeirra orpið innan mikilvægra fuglasvæða (68. tafla)

Engin töluleg viðmið hafa verið tilgreind til að skilgreina mikilvæg fuglasvæði fyrir óðinshana (Heath og Evans 2000). Mörg hundruð og jafnvel þúsundir fugla safnast saman síðsumars á strandvötn hér og hvar um landið og eins á sjó. Langt fram eftir síðustu öld var t.d. gríðarleg mergð óðinshana á Mývatni á þessum árstíma.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)


**A3:** *Arctic*

68. tafla. Reiknaður fjöldi óðinshana sem gæti orpið á þeim mikilvægu fuglasvæðum þar sem >1% íslenska stofnsins er að finna (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Calculated number of breeding Phalaropus lobatus within important bird areas with >1% of the Icelandic population (from IINH, unpublished data).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Borgarfjörður–Lóngufjörur	FG-V 10	B	175	2013	1,7	
Laxárdalsheiði	VOT-V 3	B	185	2013	1,8	
Arnarvatnsheiði	VOT-N 1	B	466	2013	4,5	
Víðidalstunguheiði–Blanda	VOT-N 2	B	113	2013	1,1	
Skagi	VOT-N 5	B	159	2013	1,5	
Melrakkaslétta	FG-N 4	B	163	2013	1,6	
Vatnajökulspjóðgarður	VOT-N 15	B	164	2013	1,6	
Jökuldalsheiði	VOT-A 2	B	313	2013	3,0	
Úthérað	VOT-A 3	B	115	2013	1,1	
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	714	2013	6,8	
Önnur mikilv. svæði – <i>Other important areas</i>			373	2013	3,6	
Alls – <i>Total</i>			2.940		28,2	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

**English summary:** *The Phalaropus lobatus population in Iceland is estimated 10,400 pairs, based on measured densities in different habitat types and known and probable distribution; 28% may nest in IBAs, but such areas are specifically designated for this species.*



68. kort. Óðinshani: útbreiðsla og reiknaður fjöldi óðala í hverjum 10×10 km reit, byggt á þéttleika varpfugla í vistlendum, aðallega 2012–2013. – *Phalaropus lobatus*: *distribution and calculated number of territories within each 10×10 km grid, based on densities of breeding birds in different habitat type classes, mostly in 2012–2013.*



31. mynd. Óðinshani (*Phalaropus lobatus*). Ljósmynd. Erling Ólafsson.

**Spörfuglar****Þúfutittlingur *Anthus pratensis***

Þúfutittlingur verpur í norðanverðri Evrópu og hefur vetursetu sunnar í álfunni og í N-Afríku. Hér verpur hann í grónu landi um land allt og er afar algengur. Gískað hefur verið á að varpstofninn á Íslandi sé 500.000–1.000.000 pör (Umhverfissráðuneytið 1992) sem er í góðu samræmi við mat á stofni þúfutittlings á láglandi <200 m h.y.s., út frá búsvæðavali og þéttleikamælingum eða um 545 þúsund pör (Tómas G. Gunnarsson o.fl. 2007).

Þúfutittlingum hefur fækkað og eru þeir því bæði á heims- og Evrópuváklista sem tegund í yfirvofandi hættu (NT; BirdLife International 2015). Stofnþróun hér á landi er óþekkt.

**Dreifing og þéttleiki eftir vistlendum:** Þúfutittlingur verpur einkum á láglandi en finnst þó í allt að

600 m hæð yfir sjó (69. kort). Reiknuð stofnstærð er 1.516.000 pör. Mestur er þéttleikinn í graslendi 78,4 pör/km<sup>2</sup>, í mýravistum 69,2 pör/km<sup>2</sup> og í lúpínu 67,4 pör/km<sup>2</sup>. Mikilvægustu vistgerðir/vistlendi eru móavist, 563.000 pör, og mýravistir, 318.000 pör. Um 28% þúfutittlinga reiknast innan mikilvægra fuglasvæða og munar þar mestu um Suðurlandsundirlendi, 14% (69. tafla). Skv. þessu er þúfutittlingur algengasti mófugl landsins og e.t.v. algengasti fugl landsins nú um stundir í ljósi þess hve lunda hefur fækkað mikið á síðustu árum (sbr. bls. 34).

Engin mikilvæg svæði eru skilgreind fyrir þúfutittling á Íslandi.


**Viðmið:** IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)

**B3:** Species of European conservation concern (category 4)

69. tafla. Reiknaður fjöldi þúfutittlinga sem gæti orpið á þeim mikilvægu fuglasvæðum þar sem >1% íslenska stofnsins er að finna (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Calculated number of breeding Anthus pratensis within important bird areas with >1% of the Icelandic population (from IINH, unpublished data).*

Svæði	Svæðisnúmer	Árstími	Fjöldi (pör)	Ár	Hlutfall af íslenskum stofni (%)	Alþjóðlegt mikilvægi
Area	Area code	Season	Number (pairs)	Year	Percentage of Icelandic popul. (%)	International importance*
Borgarfjörður–Löngufjörur	FG-V 10	B	26.049	2013	1,7	
Laxárdalsheiði	VOT-V 3	B	21.571	2013	1,4	
Arnarvatnsheiði	VOT-N 1	B	17.869	2013	1,2	
Skagi	VOT-N 5	B	20.663	2013	1,4	
Melrakkaslétta	FG-N 4	B	51.756	2013	3,4	
Úthérað	VOT-A 3	B	18.108	2013	1,2	
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	214.543	2013	14,2	
Önnur mikilv. svæði – Other important areas			48.594	2013	3,2	
Alls – Total			419.153		27,7	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*



69. kort. Þúfutittlingur: útbreiðsla og reiknaður fjöldi óðala í hverjum 10×10 km reit, byggt á þéttleika varpfugla í vistlendum, aðallega 2012–2013. – *Anthus pratensis: distribution and calculated number of territories within each 10×10 km grid, based on densities of breeding birds in different habitat type classes, mostly in 2012–2013.*

**English summary:** *Anthus pratensis* is one of the most common birds in Iceland. The population is estimated one and a half million pairs based on measured densities in different habitat types and known and probable distribution; 28% may nest in IBAs, but such areas are specifically designated for this species.

**Mariuerla *Motacilla alba***

Mariuerla er útbreiddur varpfugl í Evrópu og Asíu til Kyrrahafs og verpur auk þess í Marokkó og vestast í Alaska. Hér verpur hún strjált á láglendi um land allt og á stöku stað á hálendinu, einkum við mannabústaði en einnig meðfram ám og í sjávarklettum. Giskað hefur verið á að varpstofninn telji 20.000–50.000 pör (Umhverfissráðuneytið 1992) og fara allir fuglarnir til Afríku sunnan Sahara á veturna.

*Dreifing og þéttleiki eftir vistlendum:* Mariuerla virðist vera algengust á suðvestanverðu landinu (70. kort). Hún er mjög tengd landbúnaði og oft sagt að eitt mariuerlupar sé á hverjum bæ. Reiknuð stofnstærð er aðeins um 3.700 pör sem örugglega er verulegt vanmat. Þéttleikinn er mestur í ræktar-

landi 0,6 pör/km<sup>2</sup>, en á graslendi, í hraunavist og moslendi eru 0,3 pör/km<sup>2</sup>. Mikilvægustu vistlendi og landgerðir fyrir stofninn eru ræktarland, 1.018 pör, og graslendi, 778 pör. Tekið skal fram að engar mælingar voru gerðar í þéttbylí þar sem mariuerlur eru oft algengar. Mest af mariuerlum telst vera á Suðurlandsundirlendi, 21% stofns, en 8% reiknast á öðrum mikilvægum fuglasvæðum (70. tafla).

Engin mikilvæg svæði eru skilgreind fyrir mariuerlu á Íslandi.


**Viðmið:** IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)

Engin/none

70. tafla. Reiknaður fjöldi mariuerla sem gæti orpið á þeim mikilvægu fuglasvæðum þar sem >1% íslenska stofnsins er að finna (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Calculated number of breeding Motacilla alba within important bird areas with >1% of the Icelandic population (from IINH, unpublished data).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Borgarfjörður–Löngufjörur	FG-V 10	B	42	2013	1,1	
Melrakkaslétta	FG-N 4	B	41	2013	1,1	
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	767	2013	21,0	
Önnur mikilv. svæði – Other important areas			216	2013	5,9	
Alls – Total			1.066		29,2	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*



70. kort. Mariuerla: útbreiðsla og reiknaður fjöldi óðala í hverjum 10×10 km reit, byggt á þéttleika varpfugla í vistlendum, aðallega 2012–2013. – *Motacilla alba: distribution and calculated number of territories within each 10×10 km grid, based on densities of breeding birds in different habitat type classes, mostly in 2012–2013.*

**English summary:** The *Motacilla alba* population in Iceland is estimated 1,100 pairs based on measured densities in different habitat types and known and probable distribution. However, this is most likely a gross underestimate. No IBAs are designated for this species.



**Músarrindill *Troglodytes troglodytes***

Músarrindill verpur í Evrópu, nyrst í Afríku og hér og hvar í Asíu til Kyrrahafs. Stofn sem verpur í N-Ameríku er nú talinn til sérstakrar tegundar (*T. hymalis*). Músarrindill er strjáll varpfugl víða á láglandi, langmest í birkikjarri og birkiskógum en einnig sums staðar í grónum urðum, sjávarbjörgum og síðustu ár í skógræktarreitum. Giskað hefur verið á að varpstofninn sé 3.000–5.000 pör (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Varpútbreiðslan hefur eitthvað aukist á seinni árum og fuglum hugsanlega fjölgað, nú verpa þeir t.d. allvíða í jaðri höfuðborgarsvæðisins. Íslenskir músarrindlar eru taldir sérstök deilitegund (*Troglodytes troglodytes islandicus*; Amouret o.fl. 2016a) og eru algerir staðfuglar. Samkvæmt stopulum athugunum í Mývatnssveit á árunum 1961–2000 sveiflaðist stofninn þar mikið og virtust þær breytingar tengjast meðalhita undangengins vetrar (Bengtson 2004). Vetrarfuglatalningar Náttúrufræðistofnunar sýna

einnig miklar sveiflur, en stofnvístala 1952–2014 hefur vaxið nokkuð samfellt frá því upp úr 1990.

**Dreifing og þéttleiki eftir vistlendum:** Músarrindill er eindreginn skóglendis- og láglandisfugl. Reiknuð stofnstærð er aðeins 1.100 pör sem er örugglega verulegt vanmat. Útbreiðslukortið (71. kort) endurspeglar dreifingu birkikjars og þar sem músarrindlar verpa einnig sums staðar í ræktuðum skógi er útbreiðslan á síðari árum líklega vanskrað. Um 18% músarrindla reiknast innan mikilvægra fuglasvæða (71. tafla).

Engin mikilvæg svæði eru skilgreind fyrir músarrindil á Íslandi.


**Viðmið:** IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)

Engin/none

71. tafla. Reiknaður fjöldi músarrindla sem gæti orpið á þeim mikilvægu fuglasvæðum þar sem >1% íslenska stofnsins er að finna (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Calculated number of breeding Troglodytes troglodytes within important bird areas with >1% of the Icelandic population (from IINH, unpublished data).*

Svæði	Svæðisnúmer	Árstími	Fjöldi (pör)	Ár	Hlutfall af íslenskum stofni (%)	Alþjóðlegt mikilvægi
Area	Area code	Season	Number (pairs)	Year	Percentage of Icelandic popul. (%)	International importance*
Borgarfjörður–Löngufjörur	FG-V 10	B	25	2013	2,3	
Vatnajökulsþjóðgarður	VOT-N 15	B	11	2013	1,0	
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	149	2013	13,7	
Önnur mikilv. svæði – Other important areas			13	2013	1,2	
Alls – Total			198		18,1	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.



71. kort. Músarrindill: útbreiðsla og reiknaður fjöldi óðala í hverjum 10×10 km reit, byggt á þéttleika varpfugla í vistlendum, aðallega 2012–2013. – *Troglodytes troglodytes: distribution and calculated number of territories within each 10×10 km grid, based on densities of breeding birds in different habitat type classes, mostly in 2012–2013.*

**English summary:** The *Troglodytes troglodytes* population in Iceland is estimated 1,100 pairs, based on measured densities in different habitat types and known and probable distribution. However, this is most likely a gross underestimate. No IBAs are designated for this species.

**Steindepill *Oenanthe oenanthe***

Steindepill verpur frá NA-Kanada um Evrópu, norðanverða Asíu til Kyrrahafs og einnig í Alaska og NV-Kanada. Hann er algengur og útbreiddur varpflugl hér á landi og hefur verið giskað á að varpstofninn sé 20.000–50.000 pör (Asbirk o.fl. 1997). Sama deilitegundin *Oenanthe o. leucorhoa* verpur hér, á Grænlandi og í NA-Kanada og fara þeir síðastnefndu hér um. Vetrarstöðvar steindepla eru í V-Afríku.

*Dreifing og þéttleiki eftir vistlendum:* Steindepill er algengur varpflugl á láglandi og verpur víða langt inn til landsins (72. kort). Þéttleikinn er mestur í hrauna-vistlendum á láglandi, 11,6 pör/km<sup>2</sup>. Á hálandi er

þéttleiki lágur, 0,2 pör/km<sup>2</sup> í hrauna- og mosavistlendum. Reiknuð stofnstærð er 53.000 pör. Hraunin á Reykjaneskaga, Skaftáreldahraun og hraun í Snæfellsnesþjóðgarði eru mikilvæg varpsvæði. Um 27% steindepla reiknast innan mikilvægra fuglasvæða (72. tafla).

Engin mikilvæg svæði eru skilgreind fyrir steindepla á Íslandi.


**Viðmið:** IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)

Engin/none

72. tafla. Reiknaður fjöldi steindepla sem gæti orpið á þeim mikilvægu fuglasvæðum þar sem >1% íslenska stofnsins er að finna (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Calculated number of breeding Oenanthe oenanthe within important bird areas with >1% of the Icelandic population (from IINH, unpublished data).*

Svæði	Svæðisnúmer	Árstími	Fjöldi (pör)	Ár	Hlutfall af íslenskum stofni (%)	Alþjóðlegt mikilvægi
Area	Area code	Season	Number (pairs)	Year	Percentage of Icelandic popul. (%)	International importance*
Melrakkaslétta	FG-N 4	B	2.565	2013	4,9	
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	8.502	2013	16,2	
Önnur mikilv. svæði – Other important areas			3.058	2013	5,8	
Alls – Total			14.125		26,9	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*



72. kort. Steindepill: útbreiðsla og reiknaður fjöldi óðala í hverjum 10×10 km reit, byggt á þéttleika varpugla í vistlendum, aðallega 2012–2013. – *Oenanthe oenanthe: distribution and calculated number of territories within each 10×10 km grid, based on densities of breeding birds in different habitat type classes, mostly in 2012–2013.*

**English summary:** The *Oenanthe oenanthe* population in Iceland is estimated 53,000 pairs, based on measured densities in different habitat types and known and probable distribution; 27% may nest in IBAs, but such areas are specifically designated for this species.



## **Svartpröstur *Turdus merula***

Svartpröstur er varpfugl í Evrópu, N-Afríku og vestast í Asíu. Auk þess verpa innfluttir stofnar víða í Eyjaálfu. Hann hefur lengi verið þekktur hér sem flækingsfugl og sjaldgæfur vetrargestur. Svartpröstur náði fótfestu hér á landi sem varpfugl í kjölfar mikillar göngu vorið 2000. Svartpröstur er nú algengur varpfugl í þéttbýli á Suðvesturlandi og verpur auk þess hér og hvar á Suður-, Vestur- og Norðurlandi. Er líklega alger staðfugl og sáust yfir 2.000 fuglar í vetrarfuglatalningu Náttúrufræðistofnunar um áramótin 2016/2017. Varpstofninn gæti verið nokkur þúsund pör.

Engin mikilvæg svæði eru skilgreind fyrir svartpröst á Íslandi.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**B3:** *Species of European conservation concern (category 4)*

**English summary:** *Turdus merula* used to be a common fall and winter visitor and an irregular or scarce breeder. Following a large influx in 2000, it has been gradually spreading from the stronghold in SW-Iceland; the population may be several thousand pairs. No IBAs are designated for this species.



32. mynd. Svartpröstur (*Turdus merula*). Ljós. Erling Ólafsson.



33. mynd. Skógarpröstur (*Turdus iliacus*). Ljós. Erling Ólafsson.

**Skógarpröstur *Turdus iliacus***

Skógarpröstur verpur í Evrópu og Asíu, langleiðina til Kyrrahafs. Hann er algengur hér og útbreiddur á láglendi um land allt. Giskað hefur verið á að stofninn sé 100.000–200.000 pör (Asbirk o.fl. 1997). Íslenskir skógarprestir teljast sérstök deilitegund (*Turdus iliacus coburni*) og eru þeir að langmestu leyti farfuglar. Veturseta fer þó vaxandi og sjást nú þúsundir fugla í árlegum vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar, einkum í þéttbýli suðvestanlands.

Skógarpröstum hefur fækkað töluvert í Evrópu og eru nú bæði á heims- og Evrópuváklist (NT; BirdLife International 2015). Stofnþróun á Íslandi er óþekkt en varpkjörlendi hefur vaxið til muna með aukinni ræktun garða og skóga.

*Dreifing og þéttleiki eftir vistlendum:* Skógarpröstur er láglendisfugl (73. kort) og verpur þéttast í skógvistum, 46,4 pör/km<sup>2</sup>, lúpinu, 21 par/km<sup>2</sup>, og ræktarlandi, 9,1 par/km<sup>2</sup>. Reiknaður stofn er 165.000 pör og eru aðeins 0,4% hans talinn vera ofan 300 m hæðarlínu. Skógvistlendi er að vonum mikilvægast fyrir þessa tegund, en þar eru 82.200 pör, 50% stofnsins. Um 24% skógarprasta reiknast innan mikilvægra fuglasvæða (73. tafla).

Engin mikilvæg svæði eru skilgreind fyrir skógarpröst á Íslandi.


**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**B3:** *Species of European conservation concern* (category 4) – wintering

73. tafla. Reiknaður fjöldi skógarprasta sem gæti orpið á þeim mikilvægu fuglasvæðum þar sem >1% íslenska stofnsins er að finna (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Calculated number of breeding *Turdus iliacus* within important bird areas with >1% of the Icelandic population (from IINH, unpublished data).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Borgarfjörður–Löngufjörur	FG-V 10	B	3.291	2013	2,0	
Melrakkaslétta	FG-N 4	B	2.437	2013	1,5	
Úthérað	VOT-A 3	B	1.771	2013	1,1	
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	26.615	2013	16,1	
Önnur mikilv. svæði – Other important areas			6.225	2013	3,8	
Alls – Total			40.339		24,4	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*



73. kort. Skógarpröstur: útbreiðsla og reiknaður fjöldi óðala í hverjum 10×10 km reit, byggt á þéttleika varpfugla í vistlendum, aðallega 2012–2013. – *Turdus iliacus: distribution and calculated number of territories within each 10×10 km grid, based on densities of breeding birds in different habitat type classes, mostly in 2012–2013.*

**English summary:** *The *Turdus iliacus* population in Iceland is estimated 165,000 pairs, based on measured densities in different habitat types and known and probable distribution; 25% may nest in IBAs, but such areas are specifically designated for this species.*





## Glókollur *Regulus regulus*

Glókollur verpur í Evrópu og víða í Asíu austur til Japans. Hann nam hér land upp úr 1995 og breiddist hratt út næstu árin eða allt til 2004 og virtist njóta góðs af sitkalúsafaraldri sem geisaði á þessum árum. Þá hafði hann náð fótfestu í barrskógarreitum um land allt (Róbert A. Stefánsson og Sigrún Bjarnadóttir 2005). Stofninn hrundi haustið 2005 en hefur vaxið síðan, með einhverjum sveiflum (Náttúrufræðistofnun, vetrarfuglatalningar). Er staðfugl að öllum líkindum og telur stofninn væntanlega þúsundir para þegar hann er stærstur.

Engin mikilvæg svæði eru skilgreind fyrir glókoll á Íslandi.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

**B3:** *Species of European conservation concern (category 4)*

**English summary:** *Regulus regulus colonized Iceland in the late 1990s and breeds widely in conifer plantations. The population shows large scale fluctuations and may peak at some thousands of pairs. No IBAs are designated for this species.*

## Stari *Sturnus vulgaris*

Stari verpur nú víða um heim eftir að hafa verið fluttur frá upphaflegum heimkynnum í Evrasíu. Hann náði fótfestu í Hornafirði upp úr 1940, byrjaði að verpa í Reykjavík upp úr 1960 (Skarphéðinn G. Þórisson 1981) og hefur breiðst út víða um land í nokkrum bylgjum. Verpur aðallega í þéttbýli en einnig víða til sveita og eins síðustu árin í klettum suðvestanlands. Giskað var á að íslenski varpstofninn væri 3.000–4.000 pör kringum aldamótin (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Sennilega hefur það verið vanmat þá og þar sem fuglum hefur fjölgað og þeir

breiðst út síðan, má fullyrða að nú verpi hér a.m.k. 10.000 pör. Starinn er staðfugl.

Engin mikilvæg svæði eru skilgreind fyrir stara á Íslandi.

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

Engin/*none*

**English summary:** *Sturnus vulgaris colonized Iceland in the 1940s and is most common in the urban areas in the Southwest. The population is unknown, but is probably >10,000 pairs. No IBAs are designated for this species.*



34. mynd. Stari (*Sturnus vulgaris*).  
Ljós. Erling Ólafsson.



**Auðnutittlingur *Carduelis flammea***

Auðnutittlingur er útbreiddur varpflugl í norðlægum löndum. Hér verpur hann eingöngu í trjám og hefur fjölgað með aukinni trjá- og skógrækt (Einar Ó. Þorleifsson 2015). Stofnstærð er óþekkt en gískað hefur verið á 10.000–30.000 pör (Asbirk o.fl. 1997). Grænlenkir auðnutittlingar fara hér um og hafa e.t.v. vetursetu. Íslenskir fuglar eru auðþekktir á útliti og mælingum en áhöld eru um hvort telja beri þá sem sérstaka deilitegund (Amouret o.fl. 2015, 2016b). Staðflugl en flakkar mikið um innanlands á veturnum.

*Dreifing og þéttleiki eftir vistlendum:* Útbreiðsla auðnutittlings (74. kort) endurspeglar fyrst og fremst dreifingu birkikjarrs líkt og útbreiðsla músarrindils.

Varpkjörlendið eykst ár frá ári með stækkandi skógarreitum og vaxandi trjárækt, útbreiðslan er því örugglega vanskrað. Mest er af auðnutittlingum í skógvistum, 20,4 pör/km<sup>2</sup>, eða 25.500 pör sem eru 82% af reiknuðum heildarstofni upp á 31.200 pör. Um 22% auðnutittlinga reiknast innan mikilvægra fuglasvæða (74. tafla).

Engin mikilvæg svæði eru skilgreind fyrir auðnutittling á Íslandi.


**Viðmið:** IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)

Engin/none

74. tafla. Reiknaður fjöldi auðnutittlinga sem gæti orpið á þeim mikilvægu fuglasvæðum þar sem >1% íslenska stofnsins er að finna (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Calculated number of breeding *Carduelis flammea* within important bird areas with >1% of the Icelandic population (from IINH, unpublished data).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Borgarfjörður–Löngufjörur	FG-V 10	B	393	2013	1,3	
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	5.203	2013	16,7	
Önnur mikilv. svæði – Other important areas			1.106	2013	3,5	
Alls – Total			6.702		21,5	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*



74. kort. Auðnutittlingur: útbreiðsla og reiknaður fjöldi óðala í hverjum 10×10 km reit, byggt á þéttleika varpugla í vistlendum, aðallega 2012–2013. – *Carduelis flammea: distribution and calculated number of territories within each 10×10 km grid, based on densities of breeding birds in different habitats, mostly in 2012–2013.*

**English summary:** The *Carduelis flammea* population in Iceland is estimated 31,000 pairs, based on measured densities in different habitat types and known and probable distribution; 22% may nest in IBAs, but such areas are specifically designated for this species.

**Snjótittlingur *Plectrophenax nivalis***

Snjótittlingur er afar útbreiddur nyrst á hnettinum og hér verpur hann víða og er tiltólulega algengur varpfugl, einkum á hálendinu og á annesjum. Íslenskir fuglar teljast til sérstakrar deilitegundar (*Plectrophenax nivalis insulae*) og virðast vera staðfuglar að mestu leyti. Giskað hefur verið á að íslenski snjótittlingastofninn sé 50.000–100.000 pör (Umhverfissráðuneytið 1992). Auk íslenskra varpfugla er líklegt að grænenskir snjótittlingar hafi hér vetursetu og eins fara þeir hér um á leið sinni til og frá vetrarstöðvum á Bretlandseyjum. Snjótittlingum hefur greinilega fækkað í lágsveitum eftir aldamótin 2000, t.d. suðvestanlands og sums staðar á hálendinu, svo sem í Veiðivötnum (Örn Óskarsson, óbirt heimild). Staðfugl að mestu en hingað koma og fara um fuglar frá Grænlandi og e.t.v. víðar.

**Dreifing og þéttleiki eftir vistlendum:** Snjótittlingur er útbreiddasti mófugl landsins og er talinn verpa í 1.056 af tæplega 1.200 reitum (75. kort). Reiknaður stofn er 136.000 pör og eru aðeins 17% stofnsins á láglandi. Á láglandi er mestur þéttleiki í skriðuvistum,

6,9 pör/km<sup>2</sup>, og mosavistum, 2,2 pör/km<sup>2</sup>. Á hálendi er þéttleiki mestur í hraunavistum, 5,9 pör/km<sup>2</sup>, og mosavistum, 2,5 pör/km<sup>2</sup>. Melavistgerðir eru engu að síður mikilvægastar á hálendinu sökum víðáttu. Við útreikninga var notuð hefðbundin flokkun vistgerða í vistlendi og þar var eyðihraunavist tekin með öðrum hraunavistum. Þessi aðferð ofmetur stofnstærð, gefur skekka mynd á útbreiðslukorti og gerir mikilvægi Ódáðahrauns t.d. alltof mikið fyrir snjótittling. Að sama skapi virðist nánast ekkert snjótittlingsvarp í Breiðafjarðareyjum. Þeir eru þó víða allgengir þar en engar mælingar voru gerðar í þeim vistgerðum sem eru ríkjandi þar, m.a. sjávarkletta- og eyjavist. Um 18% snjótittlinga reiknast innan mikilvægra fuglasvæða (75. tafla).

Engin mikilvæg svæði eru skilgreind fyrir snjótittling á Íslandi.

**Viðmið:** IBA criteria (1. tafla, 2. viðauki)


**A3:** Biome restricted species (Arctic)

75. tafla. Reiknaður fjöldi snjótittlinga sem gæti orpið á þeim mikilvægu fuglasvæðum þar sem >1% íslenska stofnsins er að finna (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Calculated number of breeding Plectrophenax nivalis within important bird areas with >1% of the Icelandic population (from IINH, unpublished data).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Arnarnatnsheiði	VOT-N 1	B	2.424	2013	1,8	
Vatnajökulsþjóðgarður	VOT-N 15	B	13.711	2013	10,1	
Jökuldalsheiði	VOT-A 2	B	1.490	2013	1,1	
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	2.324	2013	1,7	
Önnur mikilv. svæði – Other important areas			4.167	2013	3,1	
Alls – Total			24.116		17,7	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

**English summary:** The *Plectrophenax nivalis* population in Iceland is estimated 136,000 pairs, based on measured densities in different habitat types and known and probable distribution; 18% may nest in IBAs, but such areas are specifically designated for this species.



75. kort. Snjótittlingur: útbreiðsla og reiknaður fjöldi óðala í hverjum 10×10 km reit, byggt á þéttleika varpfugla í vistlendum, aðallega 2012–2013. – *Plectrophenax nivalis*: distribution and calculated number of territories within each 10×10 km grid, based on densities of breeding birds in different habitat type classes, mostly in 2012–2013.



35. mynd. Snjótittlingur (*Plectrophenax nivalis*). Ljós. Erling Ólafsson.



36. mynd. Bjargdúfa (*Columba livia*).  
Ljós. Erling Ólafsson.

### Aðrir fuglar – *Other birds*

Margar tegundir, sem dvelja hér reglulega og verpa jafnvel, uppfylla ekki skilyrði þegar meta skal mikilvæg svæði fyrir þær. Þetta eru aðallega sjaldgæfir eða óreglulegir varpfuglar og eins ýmsir gestir sem eru það fálíðaðir að búsvæði þeirra hér ná ekki alþjóðlegum verndarviðmiðum.

#### Bjargdúfa *Columba livia*

Dúfur verpa í hundraðatali í klettum hér og hvar frá Seyðisfirði og suður og vestur um í Fljótshlíð (Jóhann Óli Hilmarsson 2011, Hjálmar A. Jónsson 2013). Nýlega fundust dúfur í Reykjafjalli í Ölfusi (Hlynur Óskarsson, óbirt heimild). Elsta heimildin um þetta dúfnavarp er frá Norðfirði um 1970 (Hjörleifur Guttormsson 2005) og hefur varpstöðum og fuglum fjölgað mikið frá aldamótum (Náttúrufræðistofnun, vetrarfuglatalningar). Uppruni þessara fugla er óviss, en sums staðar þykir nær öruggt að þeir séu afkomendur húsdúfna. Þeir hegða sér eins og bjargdúfur og eru flestir þannig í útliti en hafa verður í huga að náttúruval stuðlar afar hratt að þróun bjargdúfueinkenna hjá húsdúfum sem leggjast út (Leiss og Haag-Wackernagel 1999).

**Viðmið:** *IBA criteria* (1. tafla, 2. viðauki)

Engin/*none*

Tugir fuglategunda hafa orpið hér einu sinni eða oft og nokkrar eru á mörkum þess að flendast hér sem reglulegir varpfuglar, eins og skógarsnípa (Bjarni Diðrik Sigurðsson og Borgþór Magnússon 2004), fjallkjói (Daniel Bergmann 2008), eyrugla (Daniel

Bergmann 2005), barrfinka (Jóhann Óli Hilmarsson 2017) og krossnefur (Daniel Bergmann 2009). Eðli málsins samkvæmt uppfylla þessar tegundir ekki viðmið fyrir mörkun alþjóðlega mikilvægra svæða.

Gráskrofa er árlegur sumargestur við sunnanvert landið og hettuskrofa er það sennilega einnig en hún heldur sig yfirleitt dýpra (The Icelandic Birding Pages 2016). Sumarið 2016 brá svo við að hettuskrofur sáust hér við land hundruðum saman á grunnslóð. Lítil þekking er á dreifingu þessara fugla á hafsvæðinu kringum Ísland og eru því engar forsendur til að meta þýðingu hafsvæða fyrir þessar tegundir fremur en aðra sjófugla hér við land (sjá *Sjófuglar*, bls. 15). Þetta gildir einnig um ískjóa og fjallkjóa sem fara hér um vor og haust og halda sig fyrst og fremst til hafsins (The Icelandic Birding Pages 2016) og eins þernumáf sem fer reglulega um íslensku fiskveiðilögsöguna milli Íslands og Grænlands (Stenhouse 2012). Sportittlingur fer hér einnig um í einhverjum mæli vor og haust, aðallega suðvestanlands, og hefur orpið hér stöku sinnum (McNair o.fl. 2008).

Æðarkóngur og hvinönd eru fremur fálíðaðir vetrargestir (Náttúrufræðistofnun Íslands, vetrarfuglatalningar; skýrslur um sjaldgæfa fugla í *Blika*). Ekkert bendir til þess að fjöldi þeirra hér nái alþjóðlegum viðmiðum fyrir mikilvæg fuglasvæði. Haftyrðill er einnig árviss og stundum mjög algengur hér við land á vetrum og var sjaldgæfur varpfugl fram á síðasta áratug 20. aldar.

**English summary:** *Other birds:* In addition to those already dealt with in this report, many species occur regularly in Iceland but are far from meeting IBA criteria. Among them is *Columba livia* (domestica) of uncertain origin which has bred in cliffs in East, and South-Iceland from the 1970s and 1990s respectively. Also *Scolopax rusticola*, *Stercorarius longicaudus*, *Carduelis spinus*, *Asio otus*, and *Loxia curvirostra* which have bred regularly in Iceland in the past decade.



## SAMANTEKT UM MIKILVÆG FUGLASVÆÐI – OVERVIEW OF IMPORTANT BIRD AREAS (IBA)

Í þessu riti er fjallað um 121 mikilvægt fuglasvæði og eru flest þeirra sjófuglabyggðir (76. kort, 5. viðauki). Slíkt kemur ekki á óvart enda eru sjófuglastofnar hér margir hverjir mjög stórir í alþjóðlegu samhengi, þekking á mörgum þeirra tiltölulega góð og yfirleitt er auðveldara að afmarka sjófuglabyggðir en önnur mikilvæg fuglasvæði.


Tæplega helmingur svæðanna eða 55 hafa verið skilgreind áður sem mikilvæg fuglasvæði, eru friðlýst, á Náttúruminjakrá eða votlendisskrá og þá vegna auðugs fuglalífs að hluta eða öllu leyti. Um 65 mikilvæg fuglasvæði hafa hins vegar ekki verið skilgreind áður.

Mikilvæg fuglasvæði er að finna í 65 af 74 sveitarfélögum landsins eða í 88% þeirra (6. viðauki). Ríflega þriðjungur sveitarfélaga (25) er með eitt mikilvægt svæði innan sinna marka og 12 (16%) eru með tvö. Langflest mikilvæg fuglasvæði eru innan marka Ísafjarðarbæjar (19) og munar þar mest um stóru fýlabyggðirnar sem eru á þeim slóðum. Tíu svæði eru í Hornafirði og níu í Vesturbyggð og Skagafirði.

Flest mikilvæg svæði eða 70 eru sjófuglabyggðir og eru mörk flestra tiltölulega skýr. Innan þeirra verpur meirihluti, og iðulega 100%, af stofnum 15 af 24 íslenskra sjófuglategunda. Á það við um alla stóru stofnana, nema kríu en afmörkun mikilvægra kríubyggða er annmörkum háð eins og nú er komið fyrir þeim stofni (sjá *Kría*, bls. 52).

Um 25 svæði eru fyrst og fremst fjörur og stundum nálæg strandvötn og grunnsævi. Þessi svæði gegna þýðingarmiklu hlutverki fyrir fugla sem fara hér um vor og haust eða þá sem vetrardvalarstaðir. Sum þeirra eru jafnframt fjaðrafellistaðir andfugla. Öll þau fjörusvæði sem eru talin mikilvæg fyrir vaðfugla og er fjallað um í þessari skýrslu hafa verið skilgreind áður (Arnpór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1991).

Ríflega 30 svæði eru inn til landsins og einkennast þau flest af lífríku mýrlendi, vötnum og ám. Þau eru yfirleitt mikilvæg sem varpsvæði en einnig koma ýmsir vatnafuglar þar við vor og haust og sumir fella þar fjaðrir. Nokkur lindasvæði eru jafnframt mikilvægir vetrardvalarstaðir og þá fyrst og



76. kort. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. – *Important bird areas in Iceland.*





fremst fyrir húsönd og gulönd. Hér er einnig skipað svæðum sem einkennast af víðáttumiklum öræfum og söndum eins og Vatnajökulsþjóðgarði, þar sem er varpland heiðagæsa og fálka, Breiðamerkursandi og Skeiðarársandi, þar sem er varpland skúms.


Nokkur svæði falla undir tvo eða þrjá flokka framan-greindra flokka og er fjallað um slík svæði í hverjum flokki til að auðvelda yfirsýn um hliðstæð svæði.

Notkun einstakra fuglategunda á mikilvægum stöðum er misjöfn. Allar sjófuglabyggðirnar eru einungis mikilvægar sem varplönd en notkun á fjöru, grunn-sævi, votlendi og öðrum svæðum inn til landsins er mun fjölpættari (73. tafla). Langflest svæðin eru þó þýðingarmikil sem varplönd (98), en mun færri sem viðkomustaðir (27), vetrarstöðvar (23) og fjaðrafellistaðir (21). Nokkur svæði gegna öllum þessum hlutverkum, eins og Mývatn og Breiðafjörður.


76. tafla. Mikilvægt fuglasvæði, helstu flokkar og forsendur fyrir vali. – *Important bird areas, main categories and prerequisites for their designation.*

Mikilvægt fuglasvæði skilgreint sem:	Fjöldi	Varpland	Viðkomustaður	Vetrarstöðvar	Fellistaður
<i>Important bird area defined as:</i>	<i>Number</i>	<i>Breeding area</i>	<i>Staging site</i>	<i>Wintering area</i>	<i>Moulting area</i>
Sjófuglabyggðir – <i>Seabird colonies</i>	70	70	0	0	0
Fjara og grunnsævi – <i>Intertidal and shallow marine waters</i>	25	3	19	15	10
Votlendi og önnur mikilvæg svæði inn til landsins – <i>Wetlands and other important inland areas</i>	31	25	8	8	12
Alls – <i>Total</i>	121*	98	27	23	22

\*Tvö svæði falla í alla flokkana og eitt svæði í tvo flokka. – *Three areas belong to all categories and one area to two categories.*



37. mynd. Fjöldi mikilvægra svæða sem hafa verið skilgreind fyrir varpfugla á Íslandi. – *Number of important areas designated for breeding birds in Iceland.*



38. mynd. Hlutfall varpstofns innan mikilvægra fuglasvæða. Rauðar súlur tákna tegundir með stóra varpstofna (>100.000 pör) á Íslandi. – Percent of breeding population in important bird areas in Iceland. Red columns indicate species with large populations (>100,000 pairs) in Iceland.



Afar misjafnt er hversu mörg mikilvæg svæði eru skilgreind fyrir hverja tegund. Hjá varpfluglum eru langflest hjá fýl eða 38 og hjá fargestum eru þau flest fyrir rauðbrysting eða átta (37. mynd, 5. viðauki). Engin mikilvæg svæði hafa verið skilgreind fyrir 40 tegundir, þ.e. um helming þeirra sem hér eru til umfjöllunar. Alþjóðleg töluleg viðmið hafa ekki verið sett fyrir 21 þeirra en hinar 19 eru það faliðaðar hér að engin svæði þeirra hér teljast alþjóðlega mikilvæg fyrir þær. Hlutfall viðkomandi stofns innan mikilvægra svæða er að sama skapi afar misjafnt en hjá 21 tegund varpflugla er yfir 80% stofns þar að finna (38. mynd, 5. viðauki). Hjá varpfluglum með stóra stofna (>100.000 pör) verpa yfir 80% stofna sjö af 18 tegundum innan mikilvægra svæða. Þeirra á meðal eru allir stóru sjófuglastofnarnir, nema kría.

Mat á því hvaða svæði hér á landi teljast alþjóðlega mikilvæg fyrir fugla veltur fyrst og fremst á stofnmati, þ.e. hversu margir fuglar nýta svæðin hér á landi og hversu hátt það hlutfall er af heildarstofni. Fyrir sumar tegundir eru hvort tveggja traust en fyrir margar tegundir byggir matið á takmörkuðum og oft áratugagömlum gögnum. Þá eru mörk margra svæða fremur lauslega dregin. Fyrir tegundir sem verpa mjög dreift eins og mófugla og ránfugla verða verndarsvæði óhjákvæmilega mjög stór ef þau eiga að hýsa umtalsverðan hluta viðkomandi stofns. Gögn um þessar tegundir er hægt að nýta mun betur en gert er í þessu riti, t.d. með því að nota líkön sem spá fyrir um þéttleika tegunda á ákveðnum svæðum með tilliti til umhverfisþátta.



39. mynd. Dílaskarfsvarp. Ljósmynd. Arnþór Garðarsson.

**SKRÁ YFIR MIKILVÆG FUGLASVÆÐI –  
A LIST OF IMPORTANT BIRD AREAS (IBA)**

**Sjófuglabbyggðir – *Seabird colonies***



77. kort. Mikilvægar sjófuglabbyggðir á Íslandi. – *Important seabird colonies in Iceland.*



## 1 SF-V 6 BORGARFJÖRÐUR-MÝRAR-LÖNGUFJÖRUR

2



Klofningur út af Ökrum á Mýrum. Ljósmynd. Arnþór Garðarsson.



3

Hnit – Coordinates N64,54019, V22,30518

Sveitarfélag – Municipality Hvalfjarðarsveit,  
Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshr.,

IBA-viðmið – Category A4iii, B1i, B1ii, B2

Stærð svæðis – Area um 122.250 ha

4

5 Þetta svæði nær yfir grunnsvævi og fjörur frá utanverðum Borgarfirði, um Mýrar og Löngufjörur vestur að Stakkhamri, ásamt eyjum og hölmum, fjörukambi og strandvötnum. Einnig telst með landið sjávarmegin við Hringveg nr. 1 og Snæfellsnesveg nr. 54, þar á meðal mýrlendi og vötn á Mýrum og vestur úr. Er einnig flokkað með „Fjörur og grunnsvævi“ og „Vottendi og önnur svæði inn til landsins“, en hér verður aðeins gerð grein fyrir varpi sjófugla.

Á svæðinu eru mikilvægar sjófuglabýggðir og þær tegundir sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum eru dilaskarfur, 1.232 pör, æður, líklega um 10.000 hreiður og lundi, um 40.000 pör.

Stór hluti þessa svæðis er á náttúruminjaskrá og IBA-skrá.

6 Helstu varpfuglar á svæðinu Borgarfjörður-Mýrar-Löngufjörur. – Key bird species breeding in Borgarfjörður-Mýrar-Löngufjörur.

Tegund Species	Latneskt heiti Scientific name	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Dilaskarfur <sup>1</sup>	<i>Phalacrocorax carbo</i>	B	1.232	2007	27,3	B1i
Toppskarfur <sup>2</sup>	<i>Phalacrocorax aristotelis</i>	B	556	2007	11,3	
Æður <sup>3</sup>	<i>Somateria mollissima</i>	B	10.000	1999	3,3	B1i, B2
Silamáfur <sup>4,5</sup>	<i>Larus fuscus</i>	B	800	2005	1,8	
Svartbakur <sup>6</sup>	<i>Larus marinus</i>	B	500	2016	7,1	
Ritta <sup>7</sup>	<i>Rissa tridactyla</i>	B	5.648	2006	1,0	
Kría <sup>6</sup>	<i>Sterna paradisaea</i>	B	5.000	2016	2,5	
Lundi <sup>8</sup>	<i>Fratercula arctica</i>	B	40.000	2014	2,0	B1ii, B2
Allt – Total			113.736			A4iii

7

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.

<sup>1</sup> Arnþór Garðarsson 2008.<sup>2</sup> Arnþór Garðarsson og Ævar Petersen 2009.<sup>3</sup> Jónas Jónsson 2001, Arni Snæbjörnsson, óbirt heimild. – Jónas Jónsson 2001, Arni Snæbjörnsson, unpublished source.<sup>4</sup> Gunnar Þór Hallgrímsson o.fl. 2006.<sup>5</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn. – IINH, unpublished data.<sup>6</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, gróft mat. – IINH, rough estimate.<sup>7</sup> Arnþór Garðarsson o.fl. 2013, Arnþór Garðarsson og Erpur Snær Hansen, í undirbúningi – in prep.

8

**English summary:** Borgarfjörður-Mýrar-Löngufjörur is an extensive area of shallow marine waters, islands, intertidal zones and lake studded wetlands. In this section, only seabirds will be dealt with. The area holds internationally important numbers of *Phalacrocorax carbo* (1,232 pairs), *Somateria mollissima* (approx. 10,000 pairs) and *Fratercula arctica* (40,000 pairs).

40. mynd. Framsetning á staðreyndasiðum fyrir mikilvæg fuglasvæði. – Data presentation on fact-sheets for important bird areas.

1. Númer og heiti svæðis. – ID-number and name of the area.
2. Ljósmynd af svæðinu eða einkennistegund. – Photo of the area or key species.
3. Kort sem sýnir staðsetningu svæðis. – A key map showing the location of the area.
4. Stærð, hnit, sveitarfélag, alþjóðleg viðmið. – Size, coordinates, municipality, IBA criteria.
5. Almenn um svæðið og verndarstöðu þess. Getið um tegundir sem stuðla að alþjóðlegu mikilvægi og minnst á aðrar tegundir ef fjöldi þeirra á svæðinu er hluti samtölu

Andey liggur í mynni Fáskrúðsfjarðar að norðan. Hún er 30 ha að stærð, lág, flöt og grasi vaxin. Í Andey er lundabyggð (15.000 pör) og einnig verulegt æðarvarp. Svæðið telst vera alþjóðlega mikilvæg sjófuglabbyggð ( $\geq 10.000$  pör).

Helstu varpfuglar í Andey (byggt á Arnþór Garðarsson og Erpur Snær Hansen, í undirbúningi). – *Key bird species breeding in Andey (Arnþór Garðarsson and Erpur Snær Hansen, in prep.).*

Tegund <i>Species</i>	Latneskt heiti <i>Scientific name</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (pör) <i>Number (pairs)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Lundi	<i>Fratercula arctica</i>	B	15.000	2014	0,7	
Alls – Total			15.000			A4iii

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

**English summary:** *Andey island, E-Iceland, is an internationally important seabird colony ( $\geq 10,000$  pairs). The main species breeding there is *Fratercula arctica* (15,000 pairs).*

## SF-A 10 EYJAR, BREIÐDALSVÍK



Breiðdalseyjar. Ljós. Arnþór Garðarsson.



Hnit – Coordinates N64,75595, V13,99796

Sveitarfélag – Municipality Breiðdalshreppur

IBA-viðmið – Category A4iii

Stærð svæðis – Area 1.279 ha\*

\*með verndarjaðri – with buffer zone

Eyjar eða Breiðdalseyjar við sunnanverða Breiðdalsvík er samnefni á allmörgum grösugum eyjum og hölmum. Þar er lundabyggð (10.500 pör) og einnig verulegt æðarvarp. Svæðið telst vera alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð ( $\geq 10.000$  pör).

Helstu varpfuglar í Eyjum, Breiðdalsvík (byggt á Arnþór Garðarsson og Erpur Snær Hansen, í undirbúningi). – *Key bird species breeding in Eyjar, Breiðdalsvík (Arnþór Garðarsson and Erpur Snær Hansen, in prep.)*.

Tegund <i>Species</i>	Latneskt heiti <i>Scientific name</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (pör) <i>Number (pairs)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Lundi	<i>Fratercula arctica</i>	B	10.500	2014	0,5	
Alls – Total			10.500			A4iii

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

**English summary:** *Eyjar islands, E-Iceland, are an internationally important seabird colony ( $\geq 10,000$  pairs). The main species breeding there is *Fratercula arctica* (10,500 pairs).*



## SF-A 11 PAPEY



Hnit – Coordinates N64,59287, V14,17150

Sveitarfélag – Municipality Djúpavogshreppur

IBA-viðmið – Category A1, A4ii, A4iii, B1ii, B2

Stærð svæðis – Area 1.257 ha\*

\*með verndarjaðri – with buffer zone

Papey. Ljós. Arnþór Garðarsson.

Papey liggur úti fyrir mynni Hamarsfjarðar. Hún er 267 ha að stærð og 20 m há, vogskorin og að mestu girt lágum björgum. Nokkrar smærri eyjar og hólmar eru umhverfis Papey. Mikið lundavarp er á þessu svæði (132.750 pör), sem telst alþjóðlega mikilvægt, sem og teistubýggð (200 pör). Einnig er rituvarp í eyinni (5.582 pör) og svartfuglavarp sem nær þó ekki alþjóðlegum mörkum eða 1% af Íslandsstofni.

Papey er á náttúruminjaskrá og IBA-skrá.

Helstu varpfuglar í Papey. – Key bird species breeding in Papey.

Tegund Species	Latneskt heiti Scientific name	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Rita <sup>1</sup>	<i>Rissa tridactyla</i>	B	5.582	2008	1,0	
Teista <sup>2</sup>	<i>Cephus grylle</i>	B	200	2000	1,6	B1ii
Lundi <sup>3</sup>	<i>Fratercula arctica</i>	B	132.750	2014	6,6	A1, A4ii, B1ii, B2
Alls – Total			138.532			A4iii

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.

<sup>1</sup> Arnþór Garðarsson o.fl. 2013.

<sup>2</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, gróft mat. – IINH, rough estimate.

<sup>3</sup> Arnþór Garðarsson og Erpur Snær Hansen, í undirbúningi. – Arnþór Garðarsson and Erpur Snær Hansen, in prep.

**English summary:** Papey and adjacent islets, E-Iceland, host internationally important numbers of *Fratercula arctica* (132,750 pairs) and *Cephus grylle* (200 pairs).

## SF-A 12 HVALNESFJALL Í LÓNI



Hvalnesfjall. Ljósmynd. Arnþór Garðarsson.



Hnit – Coordinates	N64,41603, V14,56019
Sveitarfélag – Municipality	Hornafjörður
IBA-viðmið – Category	A4iii
Stærð svæðis – Area	606 ha*

\*með verndarjaðri – with buffer zone

Hvalnesfjall um, 600 m y.s., er austast í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu. Þar er fýlabyggð (12,904 pör) og telst fjallið vera alþjóðlega mikilvæg sjó-fuglabyggð.

Helstu varpfuglar í Hvalnesfjalli (byggt á Arnþór Garðarsson o.fl., í prentun a). – *Key bird species breeding in Hvalnesfjall (from Arnþór Garðarsson et al., in press a).*

Tegund <i>Species</i>	Latneskt heiti <i>Scientific name</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (pör) <i>Number (pairs)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Fyll	<i>Fulmarus glacialis</i>	B	12.904	2015	1,1	
Alls – Total			12.904			A4iii

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

**English summary:** *Hvalnesfjall mountain, SE-Iceland, is an internationally important seabird colony (≥10,000 pairs) with Fulmarus glacialis (12,904 pairs).*





## SF-A 13 VESTRAHORN–FJARÐARFJALL



Vestrahorn og Fjarðarfjall. Ljós. Kristján Jónasson.



Hnit – Coordinates	N64,27103, V14,95579
Sveitarfélag – Municipality	Hornafjörður
IBA-viðmið – Category	A4iii
Stærð svæðis – Area	603 ha*

\*með verndarjaðri – with buffer zone

Fjöllin Vestrahorn sem er 757 m y.s. og Fjarðarfjall, 724 m y.s., liggja saman austan við Skarðsfjörð (Hornafjörð). Þar er fýlabbyggð (17.000 pör) og telst svæðið vera alþjóðlega mikilvæg sjófuglabbyggð.

Helstu varpfuglar í Vesturhorni–Fjarðarfjalli (byggt á Arnþór Garðarsson o.fl., í prentun a). – *Key bird species breeding in Vesturhorn-Fjarðarfjall (from Arnþór Garðarsson et al., in press a).*

Tegund Species	Latneskt heiti Scientific name	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Fyll	<i>Fulmarus glacialis</i>	B	17.000	2014	1,4	
Alls – Total			17.000			A4iii

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.

**English summary:** Vesturhorn–Fjarðarfjall mountains, SE-Iceland, are an internationally important sea-bird colony ( $\geq 10,000$  pairs) with *Fulmarus glacialis* (17,000 pairs).

## SF-A 14 INGÓLFSHÖFÐI



Hnit – Coordinates N63,80050, V16,64747

Sveitarfélag – Municipality Hornafjörður

IBA-viðmið – Category A4ii, A4iii, B1ii, B2

Stærð svæðis – Area 801 ha\*

\*með verndarjaðri – with buffer zone

Ingólfshöfði. Ljós. Arnþór Garðarsson.

Ingólfshöfði er kletthöfði, um 76 m y.s., við sjó, syðst í Öræfum, 57 ha að stærð og vel gróinn að hluta. Mikið fuglalíf er í Ingólfshöfða og nær álkuvarp þar alþjóðlegum verndarviðmiðum (5.916 pör). Einnig verpur þar um 1% íslenska langvíustofnsins (5.884 pör). Stormsvala og, að öllum líkindum, sjósvala hafa orpið í höfðanum.

Ingólfshöfði var friðlýstur 1974 og er á IBA-skrá.

Helstu varpfuglar í Ingólfshöfða (Byggt á Arnþór Garðarsson o.fl., í prentun b). – Key bird species breeding in Ingólfshöfði (from Arnþór Garðarsson et al., in press b).

Tegund Species	Latneskt heiti Scientific name	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Langvía	<i>Uria aalge</i>	B	5.884	2007	0,9	
Álka	<i>Alca torda</i>	B	5.916	2007	1,9	A4ii, B1ii, B2
Alls – Total			11.800			A4iii

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.

**English summary:** Cape Ingólfshöfði, S-Iceland, hosts internationally important numbers of *Alca torda* (5,916 pairs).



## SF-S 4 VESTMANNAEYJAR



Vestmannaeyjar. Ljósmynd. Arnþór Garðarsson.



Hnit – Coordinates N63,44200, V20,28600

Sveitarfélag – Municipality Vestmannaeyjabær

IBA-viðmið – Category

A1, A4i, A4ii, A4iii, B1i, B1ii, B2

Stærð svæðis – Area 13.898 ha\*

\*með verndarjaðri – with buffer zone

Vestmannaeyjar eru eyjaklasi undan Landeyjar-sandi og eru ýmist taldar 15 eða 18 auk 30 skerja og dranga. Í Eyjum eru afar mikilvægar varpstöðvar sjófugla og er stofna nokkurra tegunda svo til eingöngu að finna í Eyjum: skrofu, stormsvölu og sjósvölu (Jóhann Óli Hilmarsson 2009). Einkennisfugl Vestmannaeyja er lundinn, enda er þar langstærsta lundabyggð landsins, með 840.375 pörum. Aðrar tegundir sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum eru fyll (38.377 pör), skrofa (5.660 pör), stormsvala (75.000 pör), sjósvala (198.000 pör), súla (15.044 pör), rita (50.185 pör), langvía (33.016 pör) og álka (2.843 pör).

Elliðaey, Ystiklettur, Hellisey og Súlnasker hafa lengi verið á náttúruminjaskrá og á IBA-skrá. Tillögur um friðlýsingu helstu fuglabyggðanna voru í náttúruverndaráætlun 2004–2008. Friðlýsingarskilmálar voru samþykktir af bæjarstjórn Vestmannaeyja sumarið 2016 en ekki hefur verið gengið formlega frá friðlýsingu.

**English summary:** Vestmannaeyjar island group, S-Iceland, is a huge seabird colony with internationally important numbers of *Fratercula arctica* (840,375 pairs), *Fulmarus glacialis* (38,377 pairs), *Puffinus puffinus* (5,660 pairs), *Hydrobates pelagicus* (75,000 pairs), *Oceanodroma leucorhoa* (198,000 pairs), *Morus bassanus* (15,044 pairs), *Rissa tridactyla* (50,185 pairs), *Uria aalge* (33,016 pairs) and *Alca torda* (2,843 pairs).

## Helstu varpfuglar í Vestmannaeyjum. – Key bird species breeding in Vestmannaeyjar.

Tegund <i>Species</i>	Latneskt heiti <i>Scientific name</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (pör) <i>Number (pairs)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Fyll <sup>1</sup>	<i>Fulmarus glacialis</i>	B	38.377	2006–2008	3,2	B2
Skrofa <sup>2</sup>	<i>Puffinus puffinus</i>	B	5.660	1991	100	A4ii, B1ii
Stormsvala <sup>3</sup>	<i>Hydrobates pelagicus</i>	B	75.000	1983–2010	100	A4ii, B1ii
Sjósvála <sup>4</sup>	<i>Hydrobates leucorhoa</i>	B	198.000	1991	100	A4ii, B1ii
Súla <sup>5</sup>	<i>Morus bassanus</i>	B	15.044	2013–2014	40,4	A4ii, B1ii
Rita <sup>6</sup>	<i>Rissa tridactyla</i>	B	50.185	2006–2008	8,6	A4i, B1i, B2
Langvía <sup>7</sup>	<i>Uria aalge</i>	B	33.016	2006	4,8	B1ii, B2
Álka <sup>7</sup>	<i>Alca torda</i>	B	2.843	2006	0,9	B2
Lundi <sup>8</sup>	<i>Fratercula arctica</i>	B	840.375	2015	41,5	A1, A4ii, B1ii, B2
Alls – Total			1.258.500			A4iii

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.

<sup>1</sup> Arnþór Garðarsson o.fl., í prentun a. – Arnþór Garðarsson et al., in press a.

<sup>2</sup> Erpur S. Hansen o.fl. 2009a.

<sup>3</sup> Erpur Snær Hansen og Jóhann Óli Hilmarsson, óbirt heimild. – Erpur Snær Hansen and Jóhann Óli Hilmarsson, unpublished source.

<sup>4</sup> Erpur Snær Hansen o.fl. 2009b.

<sup>5</sup> Arnþór Garðarsson, í prentun. – Arnþór Garðarsson, in press.

<sup>6</sup> Arnþór Garðarsson o.fl. 2013.

<sup>7</sup> Arnþór Garðarsson o.fl., í prentun b. – Arnþór Garðarsson et al., in press b.

<sup>9</sup> Arnþór Garðarsson og Erpur Snær Hansen, í undirbúningi. – Arnþór Garðarsson and Erpur Snær Hansen, in prep.



## SF-S 1 FAGRIDALUR–VÍK (VÍKURHAMRAR)



Vikurhamrar. Ljóm. Arnþór Garðarsson.



Hnit – Coordinates	N63,42100, V18.96658
Sveitarfélag – Municipality	Myrdalshreppur
IBA-viðmið – Category	A4iii
Stærð svæðis – Area	109 ha*

\*með verndarjaðri – with buffer zone

Vikurhamrar eru vel gróið hamrabelti sem liggur frá Fagradal að Vík í Mýrdal, um 220 m y.s. Þar er fýlabbyggð (13.813 pör) og telst svæðið vera alþjóðlega mikilvæg sjófuglabbyggð.

Helstu varpfuglar í Víkurhömrum (byggt á Arnþór Garðarsson o.fl., í prentun a). – Key bird species breeding in Víkurhamrar (from Arnþór Garðarsson o.fl., in press a).

Tegund Species	Latneskt heiti Scientific name	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Fyll	<i>Fulmarus glacialis</i>	B	13.813	2014	1,1	
Alls – Total			13.813			A4iii

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.

**English summary:** Vikurhamrar cliffs, S-Iceland, are an internationally important seabird colony ( $\geq 10,000$  pairs) with *Fulmarus glacialis* (13,813 pairs).



## SF-S 2 EYJAFJÖLL: STEINAFJALL



Steinafjall. Ljósmynd. Arnþór Garðarsson.



Hnit – Coordinates N63,55199, V19,87215

Sveitarfélag – Municipality Rangárbing eystra

IBA-viðmið – Category A4iii

Stærð svæðis – Area 324 ha\*

\*með verndarjaðri – with buffer zone

Steinafjall, um 440 m y.s., er í Austur-Eyjafjöllum, rétt austan við Holtsós. Þar er fýlabyggð (10.525 pör) og telst fjallið vera alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð.

Helstu varpfuglar í Steinafjalli (byggt á Arnþór Garðarsson o.fl., í prentun a). – *Key bird species breeding in Steinafjall (from Arnþór Garðarsson et al., in press a).*

Tegund <i>Species</i>	Latneskt heiti <i>Scientific name</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (pör) <i>Number (pairs)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	B	10.525	2015	0,9	
Alls – Total			10.525			A4iii

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

**English summary:** Mt. Steinafjall, S-Iceland, is an internationally important seabird colony ( $\geq 10,000$  pairs) with *Fulmarus glacialis* (10,525 pairs).



## SF-S 3 EYJAFJÖLL: ÍRÁ–SELJALAND



Núpur undir Eyjafjöllum. Ljós. Arnþór Garðarsson.



Hnit – Coordinates N63,57799, V19,87215

Sveitarfélag – Municipality Rangárþing eystra

IBA-viðmið – Category A4iii

Stærð svæðis – Area 404 ha\*

\*með verndarjaðri – with buffer zone

Fjallshlíðin frá Írá að Seljalandi í Vestur-Eyjafjöllum er hæst um 400 m y.s. Þar er fýlabyggð (20.091 par) og telst svæðið vera alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð ( $\geq 10,000$  par).

Helstu varpfuglar á svæðinu Írá–Seljaland (byggt á Arnþór Garðarsson o.fl., í prentun a). – *Key bird species breeding in the area Írá–Seljaland (from Arnþór Garðarsson o.fl., in press a).*

Tegund Species	Latneskt heiti Scientific name	Árstími Season	Fjöldi (pör) Number (pairs)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	B	20.091	2015	1,7	
Alls – Total			20.091			A4iii

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

**English summary:** *The Eyjafjöll mountain slope from Írá to Seljaland, S-Iceland, is an internationally important seabird colony ( $\geq 10,000$  pairs) with *Fulmarus glacialis* (20,091 pair).*

**Fjörur og grunnsævi – *Intertidal zone and shallow marine waters***



78. kort. Mikilvægar fjörur og grunnsævi fyrir fugla á Íslandi. – *Important bird areas in intertidal zones and shallow marine waters in Iceland.*



## FG-V 1 KALMANSTJÖRN–GARÐSKAGI



Garðskagaviti. Ljós. Erling Ólafsson.



Hnit – Coordinates	N64,01001, V22,70994
Sveitarfélag – Municipality	Sandgerðisbær, Garður
IBA-viðmið – Category	A41, B1i, B2
Stærð svæðis – Area	um 1.330 ha*

Fjara og grunnsævi frá Kalmanstjörn að Garðskaga á Reykjanesskaga. Syðst eru brimasamar klettafjörur. Þá taka Ósar við sem eru grunnur vogur og síðan þangfjörur með leirublettum. Fjölbreytt fuglalíf er á þessu svæði árið um kring. Á fartíma á vorin eru stórir hópar vaðfugla í fjörum og hefur sanderla náð alþjóðlegum verndarviðmiðum (1.300 fuglar) en hefur fækkað á síðari árum. Þetta svæði er einnig alþjóðlega mikilvægt fyrir straumendur og sendlinga á vetrum.

Svæðið er að hluta til á náttúruminjaskrá og IBA-skrá, þ.e. Ósar og fjörur og tjarnir frá Stafnesi og norður úr.

Helstu fuglategundir á svæðinu Kalmanstjörn–Garðskagi. – *Key bird species in Kalmanstjörn–Garðskagi.*

Tegund <i>Species</i>	Latneskt heiti <i>Scientific name</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (fuglar) <i>Number (birds)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Æður <sup>1</sup>	<i>Somateria mollissima</i>	B	3.000**	1999	1,0	B1i, B2
Straumönd <sup>2***</sup>	<i>Histrionicus histrionicus</i>	W	153	1999	1,1	B1i
Sanderla <sup>3</sup>	<i>Calidris alba</i>	P	1.300	1989	1,1	A4i, B1i
Sendlingur <sup>4</sup>	<i>Calidris maritima</i>	W	612	2005–2008	1,2	A4i, B1i

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

\*\* Þór. – *Pairs.*

\*\*\* Eyri norðan Hafnabergs – Sandgerði.

<sup>1</sup> Jónas Jónsson 2001, Árni Snæbjörnsson, óbirt heimild. – *Jónas Jónsson 2001, Árni Snæbjörnsson, unpublished source.*

<sup>2</sup> Arnþór Garðarsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2003.

<sup>3</sup> Guðmundur A. Guðmundsson og Lindström 1992.

<sup>4</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, vetrarfuglatalningar. – *IINH, mid-winter counts.*

**English summary:** *Kalmanstjörn–Garðskagi rocky coast and shallow marine waters, SW-Iceland, are an internationally important wintering area for *Histrionicus histrionicus* (153 birds), *Calidris maritima* (612 birds) as well as a staging site for *Calidris alba* (1,300 birds).*

## FG-V 2 ÁLFTANES–SKERJAFJÖRÐUR



Bakkavík á Seltjarnarnesi. Ljós m. Sigríður Kristinsdóttir.



Hnit – Coordinates	N64,12176, V21,99417
Sveitarfélag – Municipality	Garðabær, Kópavogsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarnes
IBA-viðmið – Category	A41, B1i, B2
Stærð svæðis – Area	um 3.300 ha

Þetta svæði nær yfir fjörur og grunnsævi frá sunnanverðu Álftanesi að Gróttu á Seltjarnarnesi. Einnig Bessastaðanes og ysta hluta Seltjarnarness. Mikið er af lífríku sjávartjörnum og fjörum á þessu svæði, þar á meðal leirur og sjávarfitjar.

Fuglalíf er fjölskrúðugt árið um kring (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004, Jóhann Óli Hilmarsson 2015, Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson 2015). Þarna eru mikilvægir viðkomustaðir fargesta og nær margæs (2.473 fuglar) alþjóðlegum verndarviðmiðum. Mikið æðarvarp er á Álftanesi og nær fjöldinn líklega verndarviðmiðum (um 3.000 pör). Hið sama á við um grágæs á fjaðrafellitíma (1.200 fuglar) og sendling að vetri (700 fuglar). Fjöldi annarra tegunda dvelur þarna á veturnum; þúsundir æðarfugla og hundruð gráanda, hávellna,

dílaskarfa, tjalda og máfa (Náttúrufræðistofnun, vetrarfuglatalningar). Einnig verpa þúsundir kría á svæðinu og er stærsta varpið að finna á Seltjarnarnesi en þar hefur fjöldinn náð 4.550 pörum (Jóhann Óli Hilmarsson 2015). Þá er stórt sílamáfsvarp á Álftanesi (1.000 pör).

Allt þetta svæði er á náttúruminjaskrá og IBA-skrá og hluti þess hefur verið friðaður: Skerjafjörður innan marka Kópavogs og Garðabæjar fyrir sameiningu við Bessastaðahrepp (búsvæðavernd), Bakkatjörn og Gróttu á Seltjarnarnesi og Kasthúsatjörn og nálæg fjörusvæði (friðland) og Hlið ásamt fjörum (fólkvangur).

Helstu fuglategundir á svæðinu Álftanes–Skerjafjörður. – Key bird species in the area Álftanes–Skerjafjörður.

Tegund Species	Latneskt heiti Scientific name	Árstími Season	Fjöldi (fuglar) Number (birds)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Grágæs <sup>1</sup>	<i>Anser anser</i>	N	1.200	2014	1,3	B1i
Margæs <sup>2</sup>	<i>Branta bernicla</i>	P	2.473	1990–2010	8,8	A4i, B1i
Æður <sup>3</sup>	<i>Somateria mollissima</i>	B	3.000**	1999	1,0	B1i, B2
Sílamáfur <sup>4</sup>	<i>Larus fuscus</i>	B	1.000**	2004	2,2	
Sendlingur <sup>5</sup>	<i>Calidris maritima</i>	W	700	1974	1,4	A4i, B1i

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.

\*\* Pör. – Pairs.

<sup>1</sup> Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson 2015.

<sup>2</sup> Guðmundur A. Guðmundsson, óbirt heimild. – Guðmundur A. Guðmundsson, unpublished source.

<sup>3</sup> Jónas Jónsson 2001, Árni Snæbjörnsson, óbirt heimild. – Jónas Jónsson 2001, Árni Snæbjörnsson, unpublished source.

<sup>4</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn. – IINH, unpublished data.

**English summary:** Álftanes–Skerjafjörður coastal area, SW-Iceland, is an internationally important bird area year round. That includes moulting site for *Anser anser* (1,200 birds), staging sites for *Branta bernicla* (2,473 birds), breeding sites for *Somateria mollissima* (c. 3,000 pairs), and wintering sites for *Calidris maritima* (700 birds).





## FG-V 3 ELLIÐAVOGUR–GRAFARVOGUR



Grafarvogur. Ljósmynd. Ólafur Páll Jónsson.



Hnit – Coordinates	N64,13033, V21,80267
Sveitarfélag – Municipality	Reykjavíkurborg
IBA-viðmið – Category	A4i, B1i
Stærð svæðis – Area	um 900 ha

Elliðavogur er í Reykjavík, á rós með leiru sem hefur verið fyllt að miklu leyti. Grafarvogur liggur rétt fyrir austan og hefur ytri hluti hans og sameiginlegt mynni voganna einnig verið fyllt, en innri hlutinn er óspillt leira. Grafarvogur er sérstaklega mikilvægur á fartiá og nær þá sendlingur alþjóðlegu verndarviðmiði (stundum >1.000 fuglar). Auk þess hafa yfir þúsund rauðbrystingar og lóuprælar sést á svæðinu og margar aðrar vaðfuglategundir

safnast þarna hundruðum saman (Arnþór Garðarsson 1998, Einar Ó. Þorleifsson 2007). Yfir vetrartímann nær gulönd alþjóðlegum verndarviðmiðum (44 fuglar) við mynni voganna.

Leirur í Grafarvogi eru á náttúruminjaskrá.

Helstu fuglategundir í Grafarvogi. – Key bird species in Grafarvogur.

Tegund Species	Latneskt heiti Scientific name	Árstími Season	Fjöldi (fuglar) Number (birds)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Gulönd <sup>1</sup>	<i>Mergus merganser</i>	W	44	2005–2014	4,9	B1i
Sendlingur <sup>2</sup>	<i>Calidris maritima</i>	P	1.030	1997	2,1	A4i, B1i

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.

<sup>1</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, vetrarfuglatalningar. – IINH, mid-winter counts.

<sup>2</sup> Arnþór Garðarsson 1998.

**English summary:** The Elliðavogur and nearby Grafarvogur estuaries, SW-Iceland, are internationally important staging sites for *Calidris maritima* (1,030 birds) as well as wintering *Mergus merganser* (44 birds).

## FG-V 4 BLIKASTAÐAKRÓ–LEIRUVOGUR



Ósar Úlfarsár í Blikastaðakró. Ljós. Sigríður Kristinsdóttir.



Hnit – Coordinates	N64,17522, V21.73559
Sveitarfélag – Municipality	Reykjavíkurborg, Mosfellsbær
IBA-viðmið – Category	A4i, B1i
Stærð svæðis – Area	um 300 ha

Svæðið liggur á mörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar og einkennist af sjávarfitjum, grýttum þangfjörum og víðáttumiklum leirum. Þarna er mikið fuglalíf á öllum árstímum (Arnþór Garðarsson 1998, Einar Ó. Þorleifsson 2007) og þær tegundir sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum eru margæs á fartaíma, að jafnaði um 400 fuglar á vorin 1990–2010 en hafa verið >600 hin síðari ár, og sendlingur að vetri (500 fuglar).

Lítill hluti svæðisins, Varmárósar, var friðlýstur árið 1980, en það er að öðru leyti allt á náttúru-minjaskrá og IBA-skrá.

Helstu fuglategundir á svæðinu Blikastaðakró–Leiruvogur. – *Key bird species in Blikastaðakró–Leiruvogur.*

Tegund <i>Species</i>	Latneskt heiti <i>Scientific name</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (fuglar) <i>Number (birds)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Margæs <sup>1</sup>	<i>Branta bernicla</i>	P	397	1990–2010	1,4	B1i
Sendlingur <sup>2</sup>	<i>Calidris maritima</i>	W	500	1977	1,0	A4i, B1i

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

<sup>1</sup> Guðmundur A. Guðmundsson, óbirt heimild. – *Guðmundur A. Guðmundsson, unpublished.*

<sup>2</sup> Wilson 1982.

**English summary:** *The Leiruvogur estuary and the adjacent Blikastaðakró creek, SW-Iceland, are internationally important staging sites for Branta bernicla (>600 birds) as well as wintering site for Calidris maritima (up to 500 birds).*



## FG-V 5 KJALARNES



Hnit – Coordinates	N64,23235, V21,86632
Sveitarfélag – Municipality	Reykjavíkurborg
IBA-viðmið – Category	B1i
Stærð svæðis – Area	um 800 ha

Brimnes á Kjalarnesi. Ljós. Kristinn Haukur Skarphéðinsson.

Kjalarnes liggur á milli Kollafjarðar og Hvalfjarðar og nær þetta svæði yfir strönd og grunnsævi frá Saltvík og Saurbæ. Mikið fuglalíf er þar árið um kring og ná straumendur alþjóðlegum verndarviðmiðum (194 fuglar).

Helstu fuglategundir á Kjalarnesi (byggt á Arnþór Garðarsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2003). – *Key bird species in Kjalarnes (Arnþór Garðarsson and Þorkell Lindberg Þórarinsson 2003).*

Tegund <i>Species</i>	Latneskt heiti <i>Scientific name</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (fuglar) <i>Number (birds)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>	W	194	2000	1,4	B1i

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

**English summary:** *The rocky coast and shallow marine waters along Kjalarnes tip, SW-Iceland, are an internationally important wintering area for *Histrionicus histrionicus* (194 birds).*

## FG-V 6 HVALFJÖRÐUR



Innanverður Hvalfjörður, Þyrilsnes fyrir miðju. Ljósmynd. Arnþór Garðarsson.



Hnit – Coordinates	N64,34234, V21,67926
Sveitarfélag – Municipality	Kjósarhreppur, Hvalfjarðarsveit
IBA-viðmið – Category	A4i, A4iii, B1i, B2
Stærð svæðis – Area	um 6.800 ha

Hvalfjörður innan línu sem hugsast dregin milli Hvalfjarðareyrar og Grundartanga, ásamt fjörum. Grunnir vogar og víðáttumiklar leirur. Mikið fuglalíf er á svæðinu árið um kring (Arnþór Garðarsson 1974) og telst það alþjóðlega mikilvægt fyrir rauðbrysting (18.512 fuglar) og margæs (1.431 fugl). Auk þess safnast hávellur í þúsundtali á vorin í mynni Hvalfjarðar. Á veturna er svæðið mikilvægtur dvalarstaður flórgoða (55 fuglar að meðaltali í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar) og

sendlings (520 fuglar). Þá er talsvert æðarvarp í firðinum og nokkuð af lunda og ritu.

Hluti af fjörum Hvalfjarðar er á náttúruminjaskrá, þ.e. ströndin Norðurkoti–Hvalfjarðareyri–Laxárvogur, einnig grunnsævi, Botnsvogur og strandlengjan frá Miðsandi að Katanesi. Svæðið Hvalfjarðareyri–Laxárvogur er einnig á IBA-skrá.

Helstu fuglategundir í Hvalfirði. – Key bird species in Hvalfjörður.

Tegund Species	Latneskt heiti Scientific name	Árstími Season	Fjöldi (fuglar) Number (birds)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Flórgoði <sup>1</sup>	<i>Podiceps auritus</i>	W	55	2005–2013	2,6	B1i, B2
Margæs <sup>2</sup>	<i>Branta bernicla</i>	P	1.431	1990–2010	5,1	B1i
Rauðbrystingur <sup>3</sup>	<i>Calidris canutus</i>	P	18.512	1990	5,3	A4i, B1i, B2
Sendlingur <sup>4</sup>	<i>Calidris maritima</i>	W	520	1975	1,0	A4i, B1i
Alls – Total**			19.943			A4iii

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.

\*\* Fargestir. – Passage migrants only.

<sup>1</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, vetrarfuglatalningar. – IINH, mid-winter counts.

<sup>2</sup> Guðmundur A. Guðmundsson, óbirt heimild. – Guðmundur A. Guðmundsson, unpublished source.

<sup>3</sup> Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1991.

<sup>4</sup> Wilson 1982.

**English summary:** The inner Hvalfjörður fjord, SW-Iceland, is an internationally important staging area for *Calidris canutus* (18,512 birds) and *Branta bernicla* (1,431 bird) as well as wintering grounds for *Podiceps auritus* (55 birds) and *Calidris maritima* (520 birds).



## FG-V 7 BLAUTÓS



Blautós. Ljósmynd Sigríður Kristinsdóttir.



Hnit – Coordinates N64,34864, V22,01428

Sveitarfélag – Municipality Akraneskaupstaður

IBA-viðmið – Category B1i

Stærð svæðis – Area 298 ha\*

\*fríðlandið – protected area

Blautós liggur norðan við Akranes og eru þar leirur og sjávarfítjar. Auðugt fuglalíf er í ósnum, m.a. mikið af andfugli og töluvert af vaðfuglum á öllum árstímum (Einar Ó. Þorleifsson 2009). Svæðið er alþjóðlega mikilvægt sem viðkomustaður fyrir margæsir (1.354 fuglar að meðaltali).

Hluti Blautóss ásamt Innstavogsnesi var friðlýstur 1999. Svæðið er einnig á IBA-skrá.

Helstu fuglategundir í Blautósi (byggt á Guðmundur A. Guðmundsson, óbirt heimild). – *Key bird species in Blautós (Guðmundur A. Guðmundsson, unpublished source).*

Tegund <i>Species</i>	Latneskt heiti <i>Scientific name</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (fuglar) <i>Number (birds)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Margæs	<i>Branta bernicla</i>	P	1.354	1990–2010	4,8	B1i

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

**English summary:** *Blautós creek, W-Iceland, is an internationally important staging site for Branta bernicla (1,354 birds).*



## FG-V 8 GRUNNAFJÖRÐUR



Grunnafjörður. Ljós. Rannveig Thoroddsen



Hnit – Coordinates	N64,38463, V21,92935
Sveitarfélag – Municipality	Hvalfjarðarsveit
IBA-viðmið – Category	A41, B1i, B2
Stærð svæðis – Area	um 1.470 ha

Grunnafjörður er grunnur vogur norðaustan við Akranes og einkennist af víðlendum leirum og þá einkum sandmaðksleirum. Svæðið er mikilvægur viðkomustaður fyrir fargesti og hefur alþjóðlegt mikilvægi fyrir margæs (2.927 fuglar) og rauðbrysting (3.540 fuglar). Auk þess fer mikið af sanderlu þar um og mikið er þar af tjaldi á öllum árstímum. Hátt í þúsund toppendur hafa fellt þar

fjaðrir (Böðvar Þórisson o.fl. 2008, Einar Ó. Þorleifsson 2009).

Grunnafjörður var friðlýstur 1994 og samþykktur sem Ramsar-svæði 1996. Er einnig á IBA-skrá.

Helstu fuglategundir í Grunnafirði. – Key bird species in Grunnafjörður.

Tegund Species	Latneskt heiti Scientific name	Árstími Season	Fjöldi (fuglar) Number (birds)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Margæs <sup>1</sup>	<i>Branta bernicla</i>	P	2.927	1990–2010	10,5	A4i, B1i
Rauðbrystingur <sup>2</sup>	<i>Calidris canutus</i>	P	3.540	2008	1,0	B1i, B2

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.

<sup>1</sup> Guðmundur A. Guðmundsson, óbirt heimild. – Guðmundur A. Guðmundsson, unpublished source.

<sup>2</sup> Böðvar Þórisson o.fl. 2008.

**English summary:** Grunnafjörður mudflat/estuary, W-Iceland, is an internationally important staging site for *Branta bernicla* (2,927 birds) and *Calidris canutus* (3,540 birds).



## FG-V 10 BORGARFJÖRÐUR–MÝRAR–LÖNGUFJÖRUR



Hjörsey á Mýrum. Ljós. Arnþór Garðarsson.



Hnit – Coordinates N64,66135, V22,39728

Sveitarfélag – Municipality Hvalfjarðarsveit,  
Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur

IBA-viðmið – Category A4i, A4iii; B1i, B2

Stærð svæðis – Area um 122.250 ha

Þetta svæði nær yfir grunnsævi og fjörur frá utanverðum Borgarfirði, um Mýrar og Löngufjörur vestur að Stakkhamri, ásamt eyjum og hólum, fjörukambi og strandvötnum. Einnig telst með landið sjávarmegin við Hringveg nr. 1 og Snæfellsnesveg nr. 54, þar á meðal mýrlendi og vötn á Mýrum og vestur úr. Er einnig flokkað með „Sjófuglabbyggðir“ og „Votlendi og önnur svæði inn til landsins“. Hér verður aðeins gerð grein fyrir fargestum, vetrar- og fjaðrafellifuglum, þ.e. tegundum sem reiða sig fyrst og fremst á fjörur og grunnsævi.

Mikilvægir viðkomustaðir fyrir farfugla eru á þessu svæði og þær tegundir sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum eru blesgæs (>3.000 fuglar), marggæs (að meðaltali >5.000), rauðbrystingur (22.180 fuglar), sanderla (allt að 7.000 fuglar) og jaðrakan (>3.000 fuglar). Á fellitíma ná álftr (1.133 fuglar) og æðarfugl (allt að 160.000 fuglar) alþjóðlegum viðmiðum, sem og sendlingur að vetri til (1.745 fuglar).

Stór hluti þessa svæðis er á náttúruminjaskrá og IBA-skrá.

**English summary:** *Borgarfjörður–Mýrar–Löngufjörur, W-Iceland, is an extensive area of shallow marine waters, islands, intertidal zones and lake studded wetlands. In this section, only passage migrants, winter- and moulting birds will be dealt with. This area has internationally important staging sites for Anser albifrons flavirostris (3,100 birds), Branta bernicla (5,071 bird), Calidris canutus (22.180 birds), Calidris alba (7,000 birds) and Limosa limosa (c. 3,000 birds). It also hosts internationally important numbers of moulting Cygnus cygnus (1,133 birds) and Somateria mollissima (160,000 birds) as well as wintering Calidris maritima (1,745 birds).*

Helstu fjaðrafelli- og viðkomufuglar á svæðinu Borgarfjörður–Mýrar–Löngufjörur. – *Key passage migrants, wintering and moulting birds in the area Borgarfjörður–Mýrar–Löngufjörur.*

Tegund	Latneskt heiti	Árstími	Fjöldi (fuglar)	Ár	Hlutfall af íslenskum stofni (%)	Alþjóðlegt mikilvægi
Species	Scientific name	Season	Number (birds)	Year	Percentage of Icelandic popul. (%)	International importance*
Álft <sup>1</sup>	<i>Cygnus cygnus</i>	N	1.133	2005	4,4	B1i
Blesgæs <sup>1</sup>	<i>Anser albifrons flavirostris</i>	P	3.100	2012	14,1	B1i
Margæs <sup>2</sup>	<i>Branta bernicla</i>	P	5.071	1990–2010	18,1	A4i, B1i
Æður <sup>3</sup>	<i>Somateria mollissima</i>	N	160.000	1973–1974	19,3	A4i, B1i, B2
Rauðbrystingur <sup>4</sup>	<i>Calidris canutus</i>	P	22.180	1990	6,3	A4i, B1i, B2
Sanderla <sup>4</sup>	<i>Calidris alba</i>	P	7.000	1990	5,8	A4i, B1i
Sendlingur <sup>5</sup>	<i>Calidris maritima</i>	W	1.745	2017	3,5	A4i, B1i
Jaðrakan <sup>6</sup>	<i>Limosa limosa</i>	P	3.000	1999–2002	7,5	A4i, B1i, B2
Alls – Total**			40.351			A4iii

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

\*\* Fargestir. – *Passage migrants only.*

<sup>1</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn. – *IINH, unpublished data.*

<sup>2</sup> Guðmundur A. Guðmundsson, óbirt heimild. – *Guðmundur A. Guðmundsson, unpublished source.*

<sup>3</sup> Arnþór Garðarsson 1975a.

<sup>4</sup> Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1991.

<sup>5</sup> Rannsóknarsetur HÍ Suðurlandi/Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn. – *The University of Iceland's Research Centre in S-Iceland/ IINH, unpublished data.*

<sup>6</sup> Tómas G. Gunnarsson o.fl. 2005.



## FG-V 11 BREIÐAFJÖRÐUR



Hnit – Coordinates	65,29240, V22,63308
Sveitarfélag – Municipality	Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Dalabyggð, Reykholahreppur, Vesturbyggð
IBA-viðmið – Category	A4i, A4iii; B1i, B2
Stærð svæðis – Area	um 350.000 ha

Snóksdalspollar í innanverðum Hvammsfirði. Ljós. Kristinn Haukur Skarphéðinsson.

Breiðafjörður er mikill flói á milli Snæfellsness og Vestfjarða, um 70 km breiður við mynnið. Hann er djúpur utan til en grynnkar verulega þegar innar dregur og er mikill þörungagróður í fjörum og á grunnsævi, svo og víðáttumiklar leirur og þúsundir eyja og skerja með miklu fuglalífi (Arnþór Garðars-son 1973, Ævar Petersen 1989). Þetta svæði er einnig flokkað með „Sjófuglabbyggðir“ en hér verður aðeins gerð grein fyrir fargestum, vetrarfuglum og varpi annarra tegunda en sjófugla, þ.e. þeirra sem reiða sig fyrst og fremst á fjörur og grunnsævi.

Breiðafjörður er afar mikilvægur viðkomustaður á fartíma og þær tegundir sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum eru margæs (15.522 fuglar), rauðbrystingur (170.000 fuglar), sendlingar (5.210 fuglar) og tildra (10.000 fuglar). Á fjaðrafellitíma

uppfylla álfir (3.201 fugl), grágæsir (2.500 fuglar) og æðarfuglar (36.000 fuglar) töluleg viðmið. Fjöldi grágæsa á varptíma er einnig alþjóðlega mikilvægur (1.700 pör) sem og fjöldi lóma (um 100 pör) og toppanda (450 pör). Að vetri til uppfyllir fjöldi straumanda (1.626 fuglar) og sendlinga (2.368 fuglar) alþjóðleg viðmið. Þá er svæðið langmikilvægasta varpsvæði hafarnar á Íslandi (47 pör).

Breiðafjörður er verndaður með lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en þau lög eru haldlítill enda hafa reglugerðir sem kveða á um útfærslu þeirra ekki verið settar. Hrísey í Miðhúsalöndum í Reykhólasveit, hluti Flateyjar og Vatnsfjörður eru friðlýst og mörg svæði og einstakar eyjar eru á náttúruminjaskrá. Breiðafjörður er á IBA-skrá.

**English summary:** *Breiðafjörður, W-Iceland is a large bay with thousands of islands and skerries and extensive intertidal zones. This section only deals with migrants, wintering and moulting birds as well as breeding species other than seabirds. This area is an internationally important staging sites for Branta bernicla (15,522 birds), Calidris canutus (170,000 birds), Calidris maritima (5,210 birds) and Arenaria interpres (10,000 birds). Also internationally important as moulting site for Cygnus cygnus (3,201 bird), Anser anser (2,500 birds) and Somateria mollissima (36,000 birds) as well as for breeding Gavia stellata (100 pairs), Anser anser (1,700 pairs) and Mergus serrator (450 pairs). During winter, Histrionicus histrionicus (1,626 birds) and Calidris maritima (2,368 birds) meet the IBA-criteria.*

## Helstu fuglategundir í Breiðafirði. – Key bird species in Breiðafjörður.

Tegund <i>Species</i>	Latneskt heiti <i>Scientific name</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (fuglar) <i>Number (birds)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Lómur <sup>1</sup>	<i>Gavia stellata</i>	B	100**	2016	6,7	A4i, B1i
Álft <sup>1</sup>	<i>Cygnus cygnus</i>	N	3.201	2005	12,3	A4i, B1i
Grágæs <sup>2</sup>	<i>Anser anser</i>	B	1.700**	1997	6,4	B1i
Grágæs <sup>2</sup>	<i>Anser anser</i>	N	2.500	1997	3,1	B1i
Margæs <sup>3</sup>	<i>Branta bernicla</i>	P	15.522	1990–2010	55,4	A4i, B1i
Æður <sup>4</sup>	<i>Somateria mollissima</i>	N	36.000	1980	4,3	A4i, B1i, B2
Straumönd <sup>5***</sup>	<i>Histrionicus histrionicus</i>	W	1.626	1999–2001	11,6	A4i, B1i
Toppönd <sup>6</sup>	<i>Mergus serrator</i>	B	450**	2016	15,0	A4i, B1i, B2
Haförn <sup>1</sup>	<i>Haliaeetus albicilla</i>	B	47**	2016	63,5	
Rauðbrystingur <sup>7</sup>	<i>Calidris canutus</i>	P	170.000	1990	48,6	A4i, B1i, B2
Sendlingur <sup>7</sup>	<i>Calidris maritima</i>	P	5.210	1990	10,4	A4i, B1i
Sendlingur <sup>8</sup>	<i>Calidris maritima</i>	W	2.368	2017	4,7	A4i, B1i
Tildra <sup>7</sup>	<i>Arenaria interpres</i>	P	10.000	1990	6,7	A4i, B1i
<i>Alls - Total****</i>			200.732			A4iii

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.

\*\* Pör. – Pairs.

\*\*\* Öndverðarnes–Látrabjarg.

\*\*\*\* Fargestir. – Passage migrants only.

<sup>1</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn. – IINH, unpublished data.

<sup>2</sup> Ólafur Einarsson 2000.

<sup>3</sup> Guðmundur A. Guðmundsson, óbirt heimild. – Guðmundur A. Guðmundsson, unpublished source.

<sup>4</sup> Arnþór Garðarsson 1982.

<sup>5</sup> Arnþór Garðarsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2003.

<sup>6</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, gróft mat. – IINH, rough estimate.

<sup>7</sup> Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1991.

<sup>8</sup> Böðvar Þórisson o.fl. 2017.





## FG-V 9 ANDAKÍLL



Ósar Andakílsár í Borgarfirði. Ljós. Björn Þorsteinnsson.



Hnit – Coordinates	N64,55334, V21,79798
Sveitarfélag – Municipality	Borgarbyggð, Skorradalshreppur
IBA-viðmið – Category	B1i
Stærð svæðis – Area	um 3.086 ha

Andakíll er hér notað yfir austanverða ósa Hvítár og ósa Andakílsár í innanverðum Borgarfirði að sunnan; grunnsævi, leirur og flæðiengjar sitt hvorum megin við Kistuhöfða.

Þetta svæði er alþjóðlega mikilvægt fyrir blesgæsir og á fartíma hafa sést allt að 3.500 fuglar samtímis. Álfir í fjaðrafelli hafa einnig náð alþjóðlegum verndarviðmiðum á síðustu árum (530 fuglar). Meðal annarra tegunda sem nýta svæðið á fartíma eru urtönd (1.500 fuglar) og stelkur (allt að 2.500

fuglar). Loks dvelur þar stór hluti hins íslenska og ört vaxandi brandandarstofns.

Svæðið var friðlýst sem búsvæði blesgæsar, fyrst Hvanneyrarjörðin öll árið 2002 en árið 2011 var svæðið stækkað og fékk nafnið Andakíll (Björn Þorsteinnsson 2010). Er friðlandið nú einnig eitt af sex Ramsar-svæðum á Íslandi. Það svæði sem hér er til umfjöllunar nær yfir allan ós Andakílsár.

Helstu fuglategundir í Andakíll (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Key bird species in Andakíll (from IINH, unpublished data).*

Tegund <i>Species</i>	Latneskt heiti <i>Scientific name</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (fuglar) <i>Number (birds)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Álftr	<i>Cygnus cygnus</i>	N	530	2016	1,6	B1i
Blesgæs	<i>Anser albifrons flavirostris</i>	P	3.500	2012	15,9	B1i

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

**English summary:** *Andakíll coastal and wetland area, W-Iceland, is an internationally important staging site for Anser albifrons flavirostris (3,500 birds) as well as a moulting site for Cygnus cygnus (530 birds).*

## FG-V 12 JÖKULFIRÐIR (SANDEYRI–RITUR)



Hnit – Coordinates	N66,23589, V22,58296
Sveitarfélag – Municipality	Ísafjarðarbær
IBA-viðmið – Category	A4i, B1i
Stærð svæðis – Area	um 7.500 ha

Frá Kvíum í Lónafirði, horft í átt að Staðarhlíð. Ljós. Ester Rut Unnsteinsdóttir.

Þetta svæði nær yfir fjöru og grunnsævi frá Sandeyri á Snæfjallaströnd út að Rit. Innst og yst eru sæbrött fjöll og skaga klettur víða í sjó fram en í miðhlutanum er ströndin meira aflíðandi en þó víðast hvar mjög þröng undir bröttum hlíðum. Á þessu svæði eru alþjóðlega mikilvægar vetrarstöðvar straumandar (613 fuglar).

Jökulfirðir eru að hluta innan Hornstrandarfriðlands og hinn hlutinn er á náttúruminjaskrá ásamt hinum gömlu Snæfjalla- og Grunnavíkurreppum utan friðlandsins.

Helstu fuglategundir í Jökulfjörðum (byggt á Náttúrustofa Vestfjarðar, óbirt gögn). – *Key bird species in Jökulfirðir (from Westfjords Natural History Institute, unpublished data).*

Tegund <i>Species</i>	Latneskt heiti <i>Scientific name</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (fuglar) <i>Number (birds)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>	W	613	2003	4,4	A4i, B1i

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

**English summary:** Jökulfirðir rocky coast and shallow marine waters, NW-Iceland, are an internationally important wintering area for *Histrionicus histrionicus* (613 birds).



## FG-V 13 HORNSTRANDAFRIÐLAND



Hnit – Coordinates	N66,39055, V22,58391
Sveitarfélag – Municipality	Ísafjarðarbær
IBA-viðmið – Category	B1i
Stærð svæðis – Area	um 57.000 ha

Hornvík. Rekavíkurfjall og Hælavíkurbjarg t.h. Ljós. Ester Rut Unnsteinsdóttir.

Friðlandið á Hornströndum nær yfir norðvesturhluta Vestfjarðakjálkans utan Skorarheiðar sem liggur á milli Hrafnfjarðar í Jökulfjörðum og Furufjarðar. Það er hálent og fjöll víða sæbrött. Um 20 nafngreindir firðir og víkur eru innan friðlandsins og þar eru sjö mikilvægar sjófuglabýggðir sem fjallað er um sérstaklega í kaflanum um sjófuglabýggðir hér að framan: Grænahlíð, Ritur, Kögur, Kjalarárnúpur,

Hælavíkurbjarg–Hornbjarg og Smiðjuvíkurbjarg. Þá er hluti þess innan „Jökulfirðir“ (FG-V 12) sem er mikilvægur vetrardvalarstaður straumanda. Auk þess eru Hornstrandir mikilvægt fjarðrafellissvæði æðarfugla.

Hornstrandir voru lýstar friðland árið 1975.

Helstu fuglategundir í Hornstrandafriðlandi, aðrar en verpandi sjófuglar. – Key species of Hornstrandir reserve, apart from breeding seabirds.

Tegund Species	Latneskt heiti Scientific name	Árstími Season	Fjöldi (fuglar) Number (birds)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Æður <sup>1</sup>	<i>Somateria mollissima</i>	N	13.000	1980	1,6	B1i
Fálki <sup>2</sup>	<i>Falco rusticolus</i>	B	7**	2016	1,1	

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.

\*\* Þekkt óðul. – Known territories.

<sup>1</sup> Arnþór Garðarsson 1982.

<sup>2</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn. – IINH, unpublished data.

**English summary:** Hornstrandir reserve, NW-Iceland, is an uninhabited mountainous peninsula with numerous fjords, coves and headlands. It is an internationally important moulting area for *Somateria mollissima* (13.000 birds). Furthermore it has seven seabird colonies of international importance (see SF-V 30 to SV-V\_36) and a part of an important wintering area for *Histrionicus histrionicus* (FG-V 12).

## FG-N 1 FLJÓT–SIGLUFJÖRÐUR



<b>Hnit</b> – Coordinates	N66,14978, V19,06275
<b>Sveitarfélag</b> – Municipality	Skagafjörður, Fjallabyggð
<b>IBA-viðmið</b> – Category	A4i, B1i
<b>Stærð svæðis</b> – Area	um 1.130 ha

Í Fljótum er mikilvægur vetrardvalarstaður straumanda. Ljósmynd. Ólafur Páll Jónsson.

Þetta svæði nær yfir strandlengjuna frá Stafá í Fljótum austur að vesturenda Strákaganga við Siglufjörð og er mikilvægur vetrardvalarstaður straumanda (327 fuglar).

Helstu fuglategundir á svæðinu Fljót–Siglufjörður (byggt á Arnþór Garðarsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2003). – *Key bird species in the area Fljót–Siglufjörður (from Arnþór Garðarsson and Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2003).*

Tegund	Latneskt heiti	Árstími	Fjöldi (fuglar)	Ár	Hlutfall af íslenskum stofni (%)	Alþjóðlegt mikilvægi
Species	Scientific name	Season	Number (birds)	Year	Percentage of Icelandic popul. (%)	International importance*
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>	W	327	1999	2,3	A4i, B1i

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.

**English summary:** *Fljót–Siglufjörður rocky coast and shallow marine waters, N-Iceland, are an internationally important site for wintering *Histrionicus histrionicus* (327 birds).*



## FG-N 2 ÓSHÓLMAR EYJAFJARÐARÁR



Óshólmar Eyjafjarðarár. Ljós. Sverrir Thorstensen.



Hnit – Coordinates	N65,65516, V18,05141
Sveitarfélag – Municipality	Akureyri, Eyjafjarðarsveit
IBA-viðmið – Category	B2
Stærð svæðis – Area	um 650 ha

Við óshólma Eyjafjarðarár eru fjölbreytt fuglabúsvæði, einkum leirur og flæðilönd með fjölda vel gróinna hólma. Mikið af grágæsum, öndum og vaðfuglum nýtir svæðið á fartíma og verpir þar einnig talsvert (Sverrir Thorstensen o.fl. 2011). Þar hefur til skamms tíma verið stærsta stormmáfsvarp á landinu (Sverrir Thorstensen og Ævar Petersen

2013). Eina tegundin sem stundum nær alþjóðlegum verndarviðmiðum er jaðrakan um fartíma að vori (1.000 fuglar).

Svæðið er á náttúruminjaskrá og IBA-skrá.

Helstu fuglategundir í óshólum Eyjafjarðarár (byggt á Tómas G. Gunnarsson o.fl. 2005). – *Key bird species in the Eyjafjarðará estuary (from Tómas G. Gunnarsson et al. 2005).*

Tegund <i>Species</i>	Latneskt heiti <i>Scientific name</i>	Árstími <i>Season</i>	Fjöldi (fuglar) <i>Number (birds)</i>	Ár <i>Year</i>	Hlutfall af íslenskum stofni (%) <i>Percentage of Icelandic popul. (%)</i>	Alþjóðlegt mikilvægi <i>International importance*</i>
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	P	1.000	1999–2002	2,5	B2

\* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*

**English summary:** *Eyjafjarðará estuary, N-Iceland, is an internationally important staging site for Limosa limosa (c. 1,000 birds).*



## FG-N 3 TJÖRNES (HÚSAVÍKURHÖFÐI–VOLADALSTORFA)



Héðinsvík á Tjörnesi. Ljós. Sigríður Kristinsdóttir.



Hnit – Coordinates	N66,15166, V17,26816
Sveitarfélag – Municipality	Norðurþing, Tjörneshreppur
IBA-viðmið – Category	A4i, B1i, B2
Stærð svæðis – Area	um 1.350 ha

Þetta svæðið nær yfir vesturströnd Tjörness, frá Húsavíkurhöfða að Voladalstorfu, þ.e. fjöru og grunnsævi. Þarna skiptast á sand- og malarfjörur annars vegar og klapparfjörur hins vegar. Miklar þanghrannir safnast sums staðar fyrir í fjörum og sækja vaðfuglar mikið í þarabrukið í ætisleit, einkum á vorin (Þorkell Lindberg Þórarinsson o.fl. 2008). Fjörurnar eru því mikilvægir viðkomustaðir farfugla og þær tegundir sem ná alþjóðlegum viðmiðum eru

rauðbrystingur (5.225 fuglar), sendlingur (1.113 fuglar) og tildra (1.445 fuglar). Þá er óvenjumikið af straumönd á þessu svæði á veturna.

Hluti svæðisins er á náttúruminjaskrá, þ.e. Bakka-fjara og Bakkahöfði.

Helstu fuglategundir á Tjörnesi. – *Key bird species in Tjörnes.*

